


skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Miðvikudagur
15. desember 2010
294. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




## Katla Margrét fertug

*Stelpurnar standa upp úr á ferlinum.*

**tímamót** 26

## Hollywood-Andri

*Eyðir jólunum með Shawn Pyfrom og Penn Badgley í New York.*

**fólk** 46



## Ævintýri hjá Emsdetten

*Patrekur Jóhannesson er á réttri leið með þýska félagið Emsdetten.*

**sport** 40

**veðrið í dag**




**KÓLNAR SNÖGGLEGA** Í dag má búast við stífri NV-átt, víða 10-15 m/s en það verður hvassviðri eða stormur við NA-ströndina síðdegis og í kvöld. Él N- og A-lands en léttir til sunnan og vestan til.

**VEÐUR 4**

# Enn dregið úr niðurskurði

**Meirihluti fjárlaganefndar leggur til miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu. Í VG er ekki búist við stuðningi Lilju Mósesdóttur. Fjárlaganefnd leggur til að bólusetning við leghálskrabbameini verði hafin.**

**STJÓRNMÁL** Útgjöld ríkissjóðs til velferðarmála aukast um rúmlega einn milljarð króna frá því sem áður stóð til. Meirihluti fjárlaganefndar gekk í gærkvöldi frá breytingatillögum við frumvarpið en lokaumræða þess er á dagskrá þingsins í dag.

Meðal þess sem breytist er að 350 milljónum króna verður varið til verðbóta á grunn ellilífeyris- og örorkubóta.

Dregið er úr aðhaldskröfu á heilbrigðisstofnanir um sem nemur nokkur hundruð milljónum. Heilbrigðisstofnanirnar á Húsavík og Sauðárkróki og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði þurfa til dæmis að skera talsvert minna niður en áður var áætlað.

Þá eru framlög til atvinnuleysisbóta aukin um 180 milljónir í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á lögum um bæturnar.

### 175 milljónir í potta fyrir ráðherra

Lagt er til að samtals 175 milljónir króna fari í sérstaka potta sem ráðherrar viðkomandi málaflokka geta úthlutað úr á næsta ári til verkefna á sviði velferðarmála sem þarfnast frekari fjárframlaga. Þessi háttur er nýjung í fjárveitingum.

Heilbrigðismál: 60 milljónir
Málefni barna: 40 milljónir
Framhaldsskólar: 50 milljónir
Löggæslu- og mannréttindamál: 25 milljónir

Hækkun vaxtabóta sér einnig stað í frumvarpinu en hún grundvallast á samkomulagi stjórnvalda, fjármálastofnana og lífeyrissjóða um aðgerðir fyrir skuldsett heimili. Verður sex milljörðum króna varið til málaflokksins umfram það sem áður var ákveðið en fjármálastofnanir taka þátt í kostnaðinum.

Á fundi fjárlaganefndar í gærkvöldi varð að samkomulagi að nefndin öll leggi til að hafin verði á næsta ári bólusetning við leghálskrabbameini í tólf ára stúlkum. 50 milljónum króna verður varið til verkefnisins á næsta ári og meiru eftir það.

Fátítt er að fjárlagafrumvarp taki miklum breytingum milli annarrar og þriðju umræðu og þess raunar dæmi að engar breytingar hafi verið gerðar fyrir lokaumræðuna. Frumvarpið tók umtalsverðum breytingum milli fyrstu og annarrar umræðu. Til dæmis var dregið úr niðurskurði til heilbrigðismála um 1,3 milljarða króna og framlög til menntamála aukin um rúmlega hálfan milljarð.

Allur gærdagurinn fór í að smíða lokaútgáfu tillagnanna. Áður en kom til fundar fjárlaganefndar í gærkvöldi voru haldnir fundir í þingflokkum stjórnarflokkanna. Hvorki Lilja Mósesdóttir né Atli Gíslason, sem bæði höfðu gagnrýnt áætlanir um niðurskurð, sátu fund VG. Lilja sat hjá í atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarpið eftir aðra umræðu. Innan þingflokks VG er ekki reiknað með stuðningi hennar við lokaafgreiðsluna.

Með breytingunum nú er einkum reynt að koma til móts við gagnrýni og athugasemdir sem fjárlaganefnd höfðu borist en ekki tekið sérstakt tillit til sjónarmiða einstakra þingmanna, hvorki Lilju né annarra.

**- bþs**



**LÍF Á LAUGAVEGINUM** Jólaverslunin á Laugaveginum fór vel af stað og hefur aukist jafnt og þétt, enda hefur veðrið verið gott og gjafahátíðin mikla nálgast óðfluga. „Það hefur verið mikið líf hérna og mikið að gera," segir Dögg Hjaltalín, verslunarstjóri í Bókabúð Máls og menningar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bragi og Óttarr í leikhúsið:

## Ætla að gera söngleik úr Diskóeyjunni

**FÓLK** Söngleikur byggður á Diskóeyjunni verður settur upp á stóra sviði Borgarleikhússins árið 2012.

Bragi Valdimar Skúlason og Óttarr Proppé ætla að finna sér tíma á næstunni og skrifa handrit fyrir söngleikinn en platan Diskóeyjan hefur notið mikilla vinsælda á árinu og lagið Gordjöss, sem Páll Óskar Hjálmtýsson flytur í hlutverki Ljóta kallsins, hefur tröllriðið vinsældalistum.

Bragi er vongóður um að Páll Óskar muni jafnvel taka að sér lítið hlutverk í söngleiknum og að Óttarr Proppé leiki jafnvel Prófessorinn.

„Það geta ekki allir farið í skóna hans né fetað í hans fótspor," segir Bragi. **- fgg /** **sjá síðu 46**

Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir þjónustusamningum ráðuneytanna:

## Vill fara yfir alla samningana

**STJÓRNSÝSLA** Í kjölfar úttektar á Menntaskólanum Hraðbraut og fréttaflutnings af meðferðarheimilinu Árbót hefur Ríkisendurskoðun farið fram á að fá alla þjónustusamninga ráðuneytanna tólf, sem eru í gildi, til skoðunar.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs er 141 skuldbindandi samningur í gildi, sem ráðuneytin hafa gert við ýmsa aðila.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir stofnunina hafa óskað eftir öllum upplýsingum um alla gildandi samninga ráðuneytanna og slíkt sé eðlilegt í ljósi þeirra mála sem upp hafi komið nýverið.

„Við byrjum á fullum krafti á þessu verkefni upp úr áramótum þegar við erum búin að fá alla samningana," segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

**- sv, gb /** **sjá síðu 6**










**SPURNING DAGSINS**



*Eyþór, eru Sunnlendingar meira og minna að fara að keyra sig í þrot?*

„Skattheimtan má ekki vera úti að aka.“

Ekki eru allir ánægðir með fyrirhugaða vegatolla sem til stendur að leggja á þá sem aka til og frá höfuðborgarsvæðinu. Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs Árborgar, segir fimmtung bæjarbúa sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins.

Samkeppniseftirlitið hefur gert sátt við Haga og sex kjötvinnslufyrirtæki:

# Borga 405 milljónir í sektir

**SAMKEPPNISMÁL** Hagar og sex kjötvinnslufyrirtæki munu greiða 405 milljónir króna í sektir fyrir brot á samkeppnislögum.

Fyrirtækin viðurkenndu að hafa gerst sek um samkeppnishamlandi samvinnu með tvíhliða samningum eða samstilltum aðgerðum við verðlagningu á kjöti og kjötvörum í smásölu. Vörurnar voru verðmerktar sérstaklega fyrir Haga. Samkeppniseftirlitið hefur samið um sektirnar við fyrirtækin. Hagar munu greiða 270 milljónir króna, eins og áður hefur verið greint frá. SS og Reykjagarður greiða samtals 45 milljónir króna, Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga 40 milljónir, Norðlenska 30 milljónir og Kjarnafæði 20 milljónir. Í nóvember var gerð sátt vegna Kjötbankans, en fyrirtækið er gjaldþrota og verður því ekki hægt að sekta það.

Viðræður við fyrirtækin Síld og fisk og Matfugl skiluðu ekki niðurstöðu og er þáttur þeirra enn til rannsóknar.

- þeb



**ÚR BÓNUS** Fyrirtækjunum er gert að greiða sektir vegna brota á samkeppnislögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórn Bifrastar fundaði í gær:

# Háskólar sameinast ekki

**MENNTUN** Sameiningarviðræðum Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík hefur verið hætt.

Þetta var ákveðið á stjórnarfundi í Háskólanum í Bifröst í gær. Stjórnin ákvað að halda rekstrinum áfram á Bifröst.

Viðræður skólanna voru langt á veg komnar í nóvember og hafði verið rætt um að færa kennslu frá Bifröst til Reykjavíkur. Hlé var gert á viðræðunum þegar rektor Háskólans á Bifröst lýsti yfir óánægju með þær.

- þeb

Innbrotafaraldur í Hafnarfirði:

# Brotist inn í ellefu heimahús

**LÖGREGLUMÁL** Að undanförnu hefur verið brotist inn í ellefu heimahús í Hafnarfirði og Garðabæ. Flest innbrotin hafa átt sér stað að degi til en fáein að kvöldlagi. Skartgripir eru meðal þess sem innbrotsþjófarnir hafa haft á brott með sér en líklegt verður að teljast að málin tengist.

Lögregla ítrekar þau tilmæli að fólk láti hana vita um grunsamlegar mannaferðir og að það skrifi hjá sér bílnúmer eða jafnvel lýsingar á fólki ef eitthvað óvenjulegt á sér stað í nánasta umhverfi þess. Upplýsingum af þessu tagi má koma á framfæri í síma 444-1000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið abending@lrh.is.

-jss

Lög um fjöleignarhús:

# Í lagi að halda hjálparhunda

**ALÞINGI Hjálparhundar verða undanþegnir takmörkunum um hundahald, samkvæmt frumvarpi Guðbjarts Hannessonar félagsmálaráðherra.**

**Í lögum um fjöleignarhús er kveðið á um að samþykki allra íbúa þurfi fyrir hundahaldi.**



GUÐBJARTUR HANNESSON

**Breytingin er lögð til í kjölfar máls sem upp kom fyrr á árinu. Blindri konu í fjölbýli á Akranesi var meinað að halda leiðsöguhund.**

**Í greinargerð frumvarpsins segir að með því sé slegin skjaldborg um leiðsögu- og hjálparhunda, fortakslaust neitunarvald annarra afnumið og réttur fatlaðs fólks settur í forgang.**

- bþs

# Flutti inn hálft kíló af kattahlandskóki

**Lettneskur maður var gripinn með hálft kíló af methedrone, fíkniefni náskyldu amfetamíni, og úrskurðaður í einnar viku varðhald. Lyktarinnar vegna er efnið gjarnan kallað „kattahlandskók“. Það var ekki gert ólöglegt fyrr en í október.**

**LÖGREGLUMÁL** Lettneskur karlmaður var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald í héraðsdómi eftir að hafa reynt að smygla til landsins hálfu kílói af fíkniefni sem nefnist methedrone. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem reynt er að smygla til landsins fíkniefnum sem líkur eru á að séu ekki skráð hér sem ólögleg efni.

Maðurinn sem um ræðir var handtekinn við hefðbundið eftirlit tollgæslunnar í Leifsstöð í síðustu viku á leið frá Kaupmannahöfn og var í framhaldinu úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku. Hann hefur aldrei komið til landsins áður. Nokkrir einstaklingar hafa verið yfirheyrðir vegna málsins en öllum sleppt að því loknu nema umræddum manni.

Fíkniefnið methedrone er náskylt amfetamíni. Farið var að framleiða það árið 1929 en neysla þess komst ekki á skrið fyrr en í kringum árið 2003. Árið 2007 kom í ljós að farið var að auglýsa það til sölu á netinu og hefur neysla þess breiðst mjög hratt út. Heilbrigðisyfirvöld víða um heim brugðust skjótt við og skráðu efnið sem ólöglegt fíkniefni. Dauðsföll eru þekkt erlendis af völdum neyslu á methedrone.

Umrætt fíkniefni hefur lítið sem ekkert sést hér á landi og var ekki skráð sem ólöglegt fíkniefni hér fyrr en 4. október síðastliðinn.

Lögregla telur að það litla sem sést hafi af efninu hér hafi gengið undir heitinu „kattahlandskók“. Sú nafngift er til komin vegna þess að efnið lyktar eins og kattahland. Erlendis er efnið kallað „meow meow“ eða „mjá mjá“ af sömu ástæðu.



**AMFETAMÍN** Efnið er náskylt amfetamíni en hefur lítið sem ekkert sést hér á landi.

● ● ●

Lögregla telur að það litla sem sést hafi af efninu hér hafi gengið undir heitinu „kattahlandskók.“ Sú nafngift er tilkomin vegna þess að efnið lyktar eins og kattahland.

Methedrone hefur lítið sést hér, eins og áður sagði. Þó kom upp mál í Leifsstöð fyrir nokkru þar sem það fannst. Óvíst er hverjar málalyktir í því tilviki verða, því efnið var ekki komið á skrá yfir ólöglegt fíkniefni hér á landi þegar það kom upp.

Ekki er langt um liðið síðan tveir menn voru ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir smygl hingað til lands á tæplega fjórum kílóum af 4-flúóróamfetamíni. Efnið er afleiða amfetamíns. Mennirnir voru báðir sýknaðir, meðal annars vegna þess að efnið var á þeim tíma sem það var flutt inn ekki bannað í reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Ekki þótti einu sinni unnt að sakfella fyrir tilraun til brots. Efnið er komið á bannlista.

Lögreglan á Suðurnesjum fer með rannsókn málsins.

jss@frettabladid.is

Merkur áfangi Voyager 1:

# Við endimörk sólkerfisins

**BANDARÍKIN Könnunarhnötturinn Voyager 1, sem skotið var á loft árið 1977, er nú kominn sautján milljarða kílómetra frá jörðu. Ekkert geimfar hefur náð slíkri fjarlægð frá jörðinni. Vart hefur orðið við breytingar á flæði geimagna kringum Voyager, sem gefa til kynna að könnunarhnötturinn sé að nálgast endimörk sólkerfisins.**

**Edward Stone, forstöðumaður Voyager-verkefnisins, segir það hafa skilað fjölda merkra uppgötvana. „Árið 1977 vissi enginn einu sinni hvort geimfar gæti enst svo lengi. Innan fimm ára ætti Voyager hins vegar að vera kominn út fyrir sólkerfið.“**

- mt

Umboðsmaður skuldara:

# Opnar útibú í Reykjanesbæ

**EFNAHAGSMÁL** Umboðsmaður skuldara mun opna útibú í Reykjanesbæ á morgun.

Fordæmalausar aðstæður á Reykjanesskaga urðu til þess að ákveðið var að opna útibú þar, segir í tilkynningu frá embættinu. Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir og fá þeir aðsetur í húsnæði sýslumannsins í Keflavík. Báðir starfsmennirnir eru frá Suðurnesjum.

Umboðsmaður skuldara segist vona að embættið muni eiga gott samstarf við aðila á Suðurnesjum við að aðstoða fólk í skuldavanda.

- þeb

**VENESÚELA**

**Chavez vill aukin völd**

Hugo Chavez, forseti Venesúela, fer fram á að þing landsins veiti honum aukin völd til eins árs, meðan landið er að ná sér eftir mikil flóð og aurskriður. Chavez hefur stuðning mikinn meirihluta þingsins, en í næstu viku tekur við nýtt þing sem er ekki jafn hliðhollt honum.




Þekktir kvikmyndagerðarmenn og blaðamenn reyna að fá Assange lausan:

# Lausn gegn tryggingu áfrýjað

**WIKILEAKS** Blaðamaðurinn John Pilger og kvikmyndagerðarmennirnir Michael Moore, Ken Loach og Tariq Ali eru meðal þeirra sem lögðu í gær fram tryggingarfé svo leysa mætti Julian Assange, stofnanda Wikileaks, úr fangelsi í London.

Samtals voru lagðar fram 43 milljónir króna, en dómstóllinn krefst 36 milljóna króna.

Saksóknari í Svíþjóð, sem vill fá Assange framseldan, ákvað hins vegar að áfrýja ákvörðun breska dómstólsins um að Assange yrði látinn laus gegn tryggingu. Assange verður því áfram í fangelsinu meðan áfrýjunin er til meðferðar, sem væntanlega tekur tvo sólarhringa.

Fjölmargir stuðningsmenn Assange mættu í réttarsalinn í gær, þar á meðal móðir hans, Christine Assange, sem var komin til Bretlands frá Ástralíu og þakkaði viðstöddum stuðninginn.

Assange hefur verið sakaður um kynferðisbrot gegn tveimur konum í Svíþjóð. Ákæra hefur þó ekki verið lögð fram, heldur vill saksóknari fá hann til yfirheyrslu svo unnt verði að taka afstöðu til þess hvort hann verði ákærður. Ekki nægir samt að saksóknari vilji ákæra, því hann þarf að leggja málið fyrir ákærukviðdóm sem tekur ákvörðunina.

Í Bretlandi verður framsalsmálið þó ekki tekið fyrir næst fyrr en 11. janúar.

- gb



**JULIAN ASSANGE** Á leið fyrir dómara í gær í lögreglubifreið. NORDICPHOTOS/AFP

# Frábærar jólagjafir

## fyrir fyrirtæki og einstaklinga



### Jólapakki 1

Hamborgarhryggur Hagkaups
Hangikjöt, úrbeinað læri
Parmaskinka
Jólapylsa
Taðreykt lambainnralæri
Jóla pate
Skógarberjasósa
Brie m/hvítlauksrönd
Gljái
Sultaður rauðlaukur

Verð 13.498 kr. með vsk.

### Jólapakki 2

Hamborgarhryggur Hagkaups
Kabanos pylsa
Parmaskinka
Jólapylsa
Jóla pate
Camembert
Skógarberjasósa
Blönduð ávaxtasulta
Gljái
Sultaður rauðlaukur

Verð 7.998 kr. með vsk.






### Jólapakki 3

Hamborgarhryggur Hagkaups
Hangikjöt, úrbeinað læri
Camembert
Höfðingi
Bónda brie
Carrs Table Water
Melba Toast
Hindberjasulta
Ostarúlla með blönduðum pipar
Sultaður rauðlaukur

Verð 11.998 kr. með vsk.

**EINFALT AÐ PANTA:**
Sendir tölvupóst á jolagjafir@hagkaup.is eða hringir í
Stórkaup í síma 563-5330 virka daga milli 08:00 og 17:00

*Kjötþyngd: Hamborgarhryggur að lágmarki 2,0 kg. Hangilæri að lágmarki 1,7-2,0 kg.*




**RAFRÆNT GJAFAKORT**
Frábær gjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Yfir 50.000 vöruliðir í boði.
Pantaðu í síma 563-5000 eða í verslunum
Hagkaups.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## GENGIÐ 14.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,86 | 114,4 |
| Sterlingspund | 180,46 | 181,34 |
| Evra | 153,15 | 154,01 |
| Dönsk króna | 20,543 | 20,663 |
| Norsk króna | 19,35 | 19,464 |
| Sænsk króna | 16,756 | 16,854 |
| Japanskt jen | 1,3711 | 1,3791 |
| SDR | 176,21 | 177,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,812

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ítalska þingið lýsti yfir trausti á forsætisráðherra á sama tíma og óeirðir brutust út:

# Berlusconi slapp með skrekkinn í bili

**ÍTALÍA, AP** Óeirðir brutust út fyrir utan þinghúsið í Róm eftir að báðar deildir ítalska þingsins höfðu samþykkt traustsyfirlýsingu á Silvio Berlusconi forsætisráðherra og ríkisstjórn hans.

Mótmælendur kveiktu í bifreiðum, brutu rúður og börðust við lögreglu, sem beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum.

Inni í þinghúsinu var spennan einnig mikil þegar traustsyfirlýsingin var borin undir atkvæðagreiðslu, fyrst í öldungadeild þar sem hún var samþykkt með traustum meirihluta og síðan í fulltrúadeildinni þar sem aðeins munaði þremur atkvæðum. Niðurstaðan er sigur fyrir Berlusconi en áfall fyrir Gianfranco Fini, leiðtoga Framtíðar- og frelsisflokksins. Fini var áður bandamaður Berlusconis en reynir nú að taka við af honum sem helsti leiðtogi hægrimanna á Ítalíu.

Meirihluti Berlusconis á þinginu er engu að síður ótraustur. Nokkrir flokksfélaga Finis snerust á síðustu stundu á sveif með Berlusconi í gær og tryggðu tillögunni þar með þingmeirihluta.

Fini segir það munu koma í ljós á næstu vikum hvort Berlusconi takist að tryggja sér meirihluta áfram.

- gb



**ÓEIRÐIR Á ÍTALÍU** Við þinghúsið í Róm tókust mótmælendur á við lögreglu. NORDICPHOTOS/AFP

Stöðubrot kostuðu sitt:

## Sektir fyrir á þriðju milljón

**LÖGREGLUMÁL** Mikið er um stöðubrot í Reykjavík og um síðustu helgi hafði lögreglan afskipti af hátt í fimm hundruð ökutækjum vegna þessa. Sektin vegna slíks brots er nú 5.000 krónur og rennur gjaldið í Bílastæðasjóð. Þetta þýðir að vel á þriðju milljón króna hefur bæst í kassa sjóðsins um helgina.

Auk þess sem fólk lagði ólöglega um allar trissur bar sömuleiðis nokkuð á því að fullfrískir einstaklingar nýttu sér stæði sem eru sérmerkt fötluðum. Fullorðin fötluð kona á miðborgarsvæðinu þurfti að hringja tvisvar í lögregluna um helgina, þar sem óforskammaðir bílstjórar höfðu lagt í merkt einkastæði hennar. - jss

Höfundur Dayton-samnings:

## Richard Holbrooke látinn

**BANDARÍKIN Bandaríski diplómatinn Richard Holbrooke lést á sjúkrahúsi í Washington í gær eftir skurðaðgerð til að lagfæra rifna ósæð. Holbrooke þjónaði öllum forsetum Demókrataflokksins frá og með Kennedy en varð heimskunnur sem sáttasemjari árið 1995 þegar undirritað var Dayton-samkomulagið sem batt enda á Bosníustríðið. Í fyrra gerðist hann sérstakur sendifulltrúi í Afganistan og Pakistan.**

**Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti hryggð sinni yfir andláti Holbrookes og sagði hann hafa verið „risa í utanríkisstefnu Bandaríkjanna“.** - mt

### LEIÐRÉTTING

Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, var ranglega sagður Ólafsson í frétt um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands í gær.

# Málið á heima á Íslandi

**Dómari í New York vísar 230 milljarða skaðabótamáli á hendur sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs frá dómi með fyrirvörum. Vonbrigði en ekki áfall, segir formaður slitastjórnar Glitnis. Málinu sé hvergi nærri lokið.**



JÓN SIGURÐSSON



LÁRUS WELDING



INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR



PÁLMI HARALDSSON



ÞORSTEINN M. JÓNSSON



HANNES SMÁRASON

**DÓMSMÁL** Skaðabótamáli slitastjórnar Glitnis á hendur svokallaðri sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og endurskoðunarfyrirtækinu PricewaterhouseCoopers var vísað frá dómi í New York í gær. Niðurstaða dómara var sú að þar sem stefndu væru allir Íslendingar og Glitnir íslenskt fyrirtæki ætti málið heima fyrir íslenskum dómstólum.

Slitastjórnin stefndi sjömenningunum til að endurgreiða tvo milljarða dala, jafnvirði 230 milljarða króna, sem þeir eru sagðir hafa sogið út úr Glitni í flóknu samsæri gegn hluthöfum bankans.

Dómari hlýddi á málflutning um frávísunarkröfu sjömenninganna í gær og kvað svo upp úrskurð fjörutíu mínútum síðar. Hann féllst á frávísunina með tveimur fyrirvörum: Annars vegar þurfa sjömenningarnir að lýsa því yfir skriflega að íslenskir dómstólar hafi lögsögu í málinu, þótt sumir þeirra hafi ekki lögheimili hérlendis, og hins vegar þurfa þeir að fallast á það að eignir þeirra í útlöndum verði aðfararhæfar ef þeir tapa á endanum málinu.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, segir úrskurð dómstólsins ekki vera áfall. „Ég mundi ekki taka svo sterkt til orða. Þetta eru viss vonbrigði en málinu er hvergi nærri lokið og þetta er enginn efnisdómur yfir því sem stefnan fjallar um,“ segir hún.



STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR

Spurð hvort slitastjórnin geti farið með málið fyrir íslenska dómstóla í ljósi þess að hún hafi hingað til ekki viljað fallast á að þeir réðu við mál af þessari stærðargráðu segir Steinunn: „Við höfum í sjálfu sér ekki haldið því fram. Við höfum haldið því fram að málið ætti heima í Bandaríkjunum og það byggðist á ráðgjöf okkar lögmanna. Niðurstaða dómsins var önnur og við virðum það.“

Málarekstur fyrir dómstólum í Bandaríkjunum er mjög dýr en Steinunn segir kostnað slitastjórnarinnar ekki unninn fyrir gýg. Sú vinna sem farið hafi fram ytra muni nýtast við málsóknina, hvar sem hún fari fram. Hún vill þó ekki gefa upp hversu miklu slitastjórnin hafi varið í málið. Spurð hvort hún telji slitastjórnina hafa áframhaldandi stuðning kröfuhafa fyrir málarekstrinum segist hún ekki hafa áhyggjur af því.

stigur@frettabladid.is

### Slitastjórnin segi af sér og bæti tjónið

„Ég er mjög ánægður en um leið mjög leiður yfir því að hafa þurft að ganga í gegnum þetta síðan í maí,“ segir **Jón Ásgeir Jóhannesson**, sem slitastjórnin fullyrðir að sé höfuðpaurinn í sjömenningaklíkunni sem sögð er hafa mergsogið hundruð milljarða út úr Glitni. Jón Ásgeir bendir á að málsóknin hafi haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem hún beinist gegn, til dæmis hafi hann sjálfur þurft að hætta í stjórnum félaga í Bretlandi.

Frávísun dómstólsins í New York er bundin þeim skilyrðum að stefndu viðurkenni að íslenskir dómstólar hafi lögsögu í málinu, jafnvel þótt sumir þeirra séu ekki búsettir á Íslandi, og að þeir fallist á að eignir þeirra alls staðar í heiminum séu aðfararhæfar ef þeir tapi málinu hér heima. „Það er ekkert vandamál,“ segir Jón Ásgeir. „Hins vegar sé ég ekki að skilanefndin geti farið með málið fyrir íslenska dómstóla, búin að lýsa því ítrekað yfir að þeir séu ekki hæfir til að taka á málinu. Að auki hafa íslenskir lögspekingar tjáð mér að stefnan sem sett var fram í Bandaríkjunum sé ekki dómtæk á Íslandi.“



Jón Ásgeir segist ekki sjá hvernig slitastjórninni sé sætt „eftir þessi ósköp“. „Þau eru búin að eyða vel á þriðja milljarð í þetta mál og ég trúi ekki að kröfuhafar muni sætta sig við það. Þau lögðu allt undir í þessu og töpuðu og þau hljóta að taka pokann sinn.“

Jón Ásgeir segir að málareksturinn hafi verið sjömenningunum dýr. „Þetta hefur kostað okkur hjónin vel á þriðja hundrað milljónir, plús auðvitað óþægindi sem verða ekki metin til fjár.“ Spurður hvort hann hyggist reyna að sækja það fé aftur ef málið endar á þennan veg jánkar hann því. „Ég held að það séu allir á þeim buxunum að þeir muni sækja sitt tjón.“


Ostakarfa frá Ostahúsinu

Allar körfur eru pakkaðar í sellófan með fallegri slaufu

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.




-gjöf sem gleður

Útbúum allar körfur með vínflösku sé þess óskað.

Nánari upplýsingar og pantanir á vefsíðu okkar www.ostahusid.is, í síma 565 3940 eða á netfangið ostakorfur@ostahusid.is


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

**BREYTINGAR**
Næstu dagar verða vindasamir, einkum við austurströndina. Það kólnar snögglega í dag og síðdegis ætti hitastigið að vera komið niður undir frostmark víðast hvar. Á föstudaginn spáir hvassviðri eða stormi N- og A-til ásamt snjókomu og þá spillist færð.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Basel | 1° |
| Berlín | -1° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | -2° |
| Friedrichshafen | -6° |
| Gautaborg | -3° |
| Kaupmannahöfn | -3° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 4° |
| Mallorca | 9° |
| New York | -1° |
| Orlando | 14° |
| Ósló | -3° |
| París | 2° |
| San Francisco | 11° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*




# Gjafakort
## Borgarleikhússins

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

**Jólatilboð Borgarleikhússins**




**Tveggja tíma hláturskast**

(frumsýnt í febrúar)

Miði á drepfyndinn gamanleik á aðeins

**3.250 kr.**




**Fyrir yngstu börnin**

(frumsýnt í mars)

Miði á ljóslifandi ævintýra-sýningu á aðeins

**1.650 kr.**

**Gjöf sem aldrei gleymist!**

**Listabraut 3 | 568 8000 | borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

## KJÖRKASSINN



*Styður þú bann við búrkum (höfuðklæðum íslamskra kvenna) á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 81,8% |
| Nei | 18,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú skráð(ur) í stjórnmálaflokk?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Þrjátíu og níu herflugvélar hafa lent á Reykjavíkurflugvelli undanfarin tvö ár og borgarstjóri er óánægður:

# Herflugvélar hætti að lenda í Reykjavík

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr borgarstjóri vill að borgin skori á utanríkisráðuneytið og flugmálayfirvöld að banna umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll nema þegar hann þjónar hlutverki sem varaflugvöllur. Jón lagði fram tillögu þess efnis á fundi ráðsins í síðustu viku. Afgreiðslu hennar var frestað.

Í greinargerð með tillögunni segir að Íslendingar búi að aldargamalli friðarhefð, þjóðin sé herlaus og vilji leggja sitt af mörkum til að stuðla að friði í heiminum.

Þar segir jafnframt að samkvæmt upplýsingum frá Isavia hafi ellefu skilgreindar herflugvélar lent á Reykjavíkurflugvelli á þessu ári. Þær hafi verið 28 á síðasta ári.

„Fram hefur komið að flugmálayfirvöld skorti heimild til að afla upplýsinga um farm herflugvélanna í styttri stoppum. Þau hafa því ekki upplýsingar um hvort vélarnar beri hættuleg vopn, sprengiefni eða kjarnavopn til landsins svo dæmi séu nefnd,“ segir í greinargerðinni.

Þar er athygli jafnframt vakin á því að breska herstjórnin hafi ekki leitað leyfis borgaryfirvalda áður en hún hóf vinnu við flugvallarsvæðið árið 1940. Þáverandi borgarstjóri, Bjarni Benediktsson, hafi lýst áhyggjum af því að flugvöllur í bænum kynni að auka hættuna á að hann yrði fyrir hernaðarárás, ekki síst ef hann væri beinlínis ætlaður fyrir herflugvélar.

„Friðsöm og ábyrg borgaryfirvöld geta ekki unað við óbreytt ástand á Reykjavíkurflugvelli,“ segir borgarstjóri. **- sh**



**JÓN GNARR** Vill banna umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Ríkisendurskoðun fer yfir alla samningana

**Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir öllum núgildandi þjónustusamningum sem ráðuneytin tólf hafa gert. Kostnaður fyrir árið 2010 er rúmir 44 milljarðar. Endurskoðunin er gerð í kjölfar úttektar á Hraðbraut ehf. og Árbót.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir öllum skuldbindandi samningum ráðuneytanna til endurskoðunar. Er þar miðað við alla núgildandi samninga sem útlistaðir eru í fjárlagafrumvarpinu 2011 en eru þeir 141 talsins.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir samningunum við ráðuneytin í kjölfar úttektar á þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Hraðbraut ehf. sem rekur Menntaskólann Hraðbraut. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar leiddu í ljós að ráðuneytið hefði ekki haft stoð í lögum til að gefa eftir skuld skólans við ríkissjóð sem nam 126,1 milljón króna, vegna ofgreiddra framlaga á árunum 2004 til 2006. Kemur þetta einnig fram í nýrri skýrslu menntamálanefndar Alþingis um skýrslu Ríkisendurskoðunar.



**SVEINN ARASON**

Í lok nóvember óskaði Ríkisendurskoðun eftir öllum samningum hins opinbera við meðferðarheimili og upplýsingum um uppsögn þeirra í kjölfar fréttaflutnings af málefnum meðferðarheimilisins Árbótar.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir stofnunina hafa óskað eftir öllum upplýsingum um alla gildandi samninga ráðuneytanna tólf og slíkt sé eðlilegt í ljósi þeirra mála sem upp hafi komið núverið.

### Skuldbindandi samningar ráðuneytanna

| Ráðuneyti | Fjöldi samninga | Kostnaður – hlutfall heildargjalda | |
|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 1 | 28 m.kr. | 3% |
| Mennta- og menningarmálar. | 43* | 12.925,4 m.kr. | 18,8% |
| Utanríkisráðuneytið | 12 | 537 m.kr. | 6,2% |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarr. | 4 | 10.634 m.kr. | 53,9% |
| Dómsmála- og mannréttindar. | 5 | 1.858 m.kr. | 7,1% |
| Félags- og tryggingamálar. | 28 | 4.073 m.kr. | 0,2% |
| Heilbrigðisráðuneytið | 22 | 8.777 m.kr. | 8,4% |
| Fjármálaráðuneytið | 4 | 1.319 m.kr. | 2,3% |
| Samgöngu- og sveitarstjórnarr. | 11 | 4.474,3 m.kr. | 10,3% |
| Iðnaðarráðuneytið | 8 | 428,3 m.kr. | 7,1% |
| Efnahags- og viðskiptar. | 0 | 0 kr. | |
| Umhverfisráðuneytið | 2 | 57,6 m.kr. - | 57,6% |
| **Alls** | | **141** | **44.211,6 m.kr.** |

*Listinn er miðaður við alla þá samninga sem eru nú í gildi á milli ráðuneytanna og ýmissa aðila og Ríkisendurskoðun hefur kallað eftir hjá ráðuneytunum til endurskoðunar.*

** Mennta- og menningarmálaráðuneytið útlistar einnig „ýmsa minni samninga“.*

*Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2011.*

> Það er nauðsynlegt að sjá hvernig menn standa sig gagnvart þessum samningum innan ráðuneytanna.
>
> **SVEINN ARASON** RÍKISENDURSKOÐANDI

„Það er nauðsynlegt að sjá hvernig menn standa sig gagnvart þessum samningum innan ráðuneytanna,“ segir Sveinn.

Ríkisendurskoðun hefur nú þegar fengið eitthvað af samningum frá ráðuneytunum en Sveinn vildi ekki segja til um hversu mikið magn væri komið í hús né hvaða ráðuneyti hefðu skilað inn.

„Við byrjum á fullum krafti á þessu verkefni upp úr áramótum þegar við erum búin að fá alla samningana.“

Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir úttekt Ríkisendurskoðunar á framkvæmd þjónustusamningsins við Hraðbraut hinn 29. júní síðastliðinn og var skýrsla birt um úttektina rúmum tveimur mánuðum síðar, í september. Sveinn segir ólíklegt að það taki Ríkisendurskoðun svo langan tíma að fara yfir rúmlega 140 samninga.

„Þetta þarf ekki að taka jafn langan tíma og Hraðbrautarmálið gerði,“ segir hann. „Það er alltaf spurning um það hvernig við förum ofan í hvern og einn samning.“

**sunna@frettabladid.is**






Hjón sem tekin voru í Leifsstöð með um 300 grömm af kókaíni:

# Eiginmaðurinn látinn laus

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna smygls á tæplega þrjú hundruð grömmum af kókaíni var látinn laus í fyrradag, þegar gæsluvarðhald hans rann út.

Maðurinn var handtekinn í Leifsstöð fyrr í mánuðinum ásamt eiginkonu sinni og fundust fíkniefnin í farangri þeirra.

Hjónin sem um ræðir voru að koma með flugi frá Kaupmannahöfn. Þau eru búsett í Reykjavík og hafa aldrei komið við sögu lögreglu áður. Kókaínið fannst við hefðbundna leit tollgæslu í Leifsstöð. Konunni var sleppt eftir yfirheyrslur en maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 13. desember.

Skömmu síðar handtók lögreglan á Suðurnesjum karlmann á þrítugsaldri í tengsum við rannsókn málsins. Hann er einnig búsettur í Reykjavík og hefur margoft komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála.

Síðastnefndi maðurinn var yfirheyrður hjá lögreglu en ákvörðun var tekin um að láta hann lausan að því loknu.

Rannsókn málsins er á lokastigi samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum. **- jss**



**KÓKAÍN** Tollgæslan fann um 300 grömm af kókaíni hjá fólkinu.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • ellingsen.is

**Ellingsen**

– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

**Opnunartímar í desember:**

| | |
|---|---|
| Miðvikudagur 15. des. | 10–18 |
| Fimmtudagur 16. des. | 10–18 |
| Föstudagur 17. des. | 10–20 |
| Laugardagur 18. des. | 10–22 |
| Sunnudagur 19. des. | 12–22 |
| Mánudagur 20. des. | 10–22 |
| Þriðjudagur 21. des. | 10–22 |
| Miðvikudagur 22. des. | 10–22 |
| Fimmtudagur 23. des. | 10–22 |
| Aðfangadagur 24. des. | 10–12 |

# JÓLAGJÖF
# SKYTTUNNAR
## FÆST Í ELLINGSEN



Rjúpnavesti eru mikilvægur öryggisklæðnaður í allri skotveiði.
**Verð frá 7.190 kr.**

Devold Expedition ullarbolur. Tveggja laga ullarundirfatnaðurinn sem andar vel og flytur raka frá líkamanum.
**Verð frá 9.490 kr.**

Felugallar fyrir skotveiðar. Ýmsar gerðir.
**Verð frá 24.990 kr.**

Vandaðar byssutöskur með og án óla.
**Verð frá 7.290 kr.**

Allen skotbelti í felulitum.
**Verð frá 4.890 kr.**

Felubyrgi fyrir allar aðstæður. Ýmsar gerðir.
**Verð frá 33.900 kr.**

NOVCAN byssuskápar úr 3,3 mm stáli. Viðurkenndir af íslenskum yfirvöldum.
**Verð frá 59.900 kr.**

Vandaðir bakpokar, ýmsar gerðir.
**Verð frá 9.900 kr.**

Vatnsheldur Tatonka sjúkrapoki. Er með lágmarksútbúnað fyrir eina manneskju og hentar vel í dagsferð.
**Verð frá 5.990 kr.**

Áttavitar eru mikilvægir í allri útivist.
**Verð frá 3.990 kr.**

Hreinsibúnaður fyrir skotvopn.
**Verð frá 4.990 kr.**

SEELAND skór, loðfóðraðir.
**Verð frá 9.990 kr.**

Tálfuglar, ýmsar gerðir.
**Verð frá 2.590 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaðan eru fjárfestarnir sem vilja kaupa verslanakeðjuna Iceland á jafnvirði um 270 milljarða króna?
2. Hver er landlæknir?
3. Hve stór hluti Árborgarbúa er talinn sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið?

**SVÖR**

**1.** Barein. **2.** Geir Gunnlaugsson. **3.** Um fimmtungur, nærri 1.600 manns.

Þverpólitísk samstaða þingmanna um að seinka klukkunni um klukkustund:

# Berjast saman fyrir bjartari morgnum

**ALÞINGI** Fjórtán þingmenn úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi vilja að klukkunni verði seinkað um eina klukkustund til að leiðrétta ranga skráningu klukkunnar hér á landi.

Í þingsályktunartillögu sem þingmennirnir leggja fram kemur fram að verði hún að lögum verði sólin hæst á lofti í Reykjavík um klukkan 12.30 á daginn, ekki klukkan 13.30 eins og nú sé.

„Vegna þessarar tímaskekkju á Íslandi kannast líklega flestir Íslendingar við þá nöpru tilfinningu að þurfa að vakna til vinnu eða skóla í svartamyrkri stóran hluta ársins,“ segir í greinargerð með tillögunni.

Þannig sé í raun enn nótt á Íslandi þegar Íslendingar fari til vinnu klukkan átta eða hálf níu á morgnana miðað við núverandi skráningu klukkunnar.

„Verði klukkunni seinkað um eina klukkustund verða morgnarnir hins vegar bjartir langt fram í nóvember og byrja aftur að verða bjartir síðari hluta janúar. Sólin rís oftar á undan fólkinu með tilheyrandi varma og birtu. Myrkum morgnum fækkar til muna.“ **- bj**



**SÓLARLAG** Tillaga þingmannanna myndi færa landsmönnum bjartari morgna í skammdeginu, en um leið myndi sólin setjast fyrr á daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Upp úr sauð á Lundanum:

# Tvær líkamsárásir í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL Tvær líkamsárásir voru kærðar til lögreglunnar í Vestmannaeyjum um síðustu helgi.**

**Þær áttu sér báðar stað á veitingastaðnum Lundanum.**

**Í öðru tilvikinu var maður sleginn í andlitið með þeim afleiðingum að sauma þurfti átta spor til að loka skurði sem hann fékk á neðri vör.**

**Í hinu tilvikinu sló stúlka og sparkaði í aðra stúlku þannig að hún fékk áverka eftir atganginn.**
**- jss**

DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1 www.domti.is

Súr hvalur
Ekta hvalur, vel súr og góður.
Humar 2000 kr.kg
Óbarinn harðfiskur
Að vestan
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Hin sígilda hnetusteik
Ljúffeng og næringarrík jólamáltíð fyrir alvöru sælkera




Hnetusteik (800 gr)....2.500.-
Hnetusteik (500 gr)....1.700.-
Villisveppasósa (400 ml)....490.-
Villisveppasósa (265 ml)....290.-
Jóla Chutney (265 ml)....390.-

Athugið! Munið eftir að panta steikina tímanlega fyrir jól og áramót
GRÆNN KOSTUR
Grænn kostur
Skólavörðustíg 8
101 Reykjavík
Sími: 552 2028
www.graennkostur.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# ORF leyft að rækta erfðabreytt bygg úti

**Umhverfisráðuneytið staðfesti þá ákvörðun Umhverfisstofnunar í gær að ORF Líftækni hf. megi rækta erfðabreytt bygg utandyra í tilraunaskyni. Ákvarðanataka stofnunarinnar sé málefnaleg og í samræmi við lög og reglur.**

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðuneytið hefur staðfest ákvörðun Umhverfisstofnunar um að veita ORF Líftækni hf. leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi. Umhverfisstofnun veitti leyfið í júní í fyrra en sjö aðilar kærðu ákvörðunina. Sex kærum var vísað frá en ráðuneytið tók til meðferðar kæru VOR (Verndun og ræktun – félag framleiðenda í lífrænum búskap).

Ráðuneytið fékk umsagnir frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Fjórar meginástæður voru til grundvallar kærunni hjá VOR.

VOR taldi að vísindalega réttlætingu fyrir sleppingu erfðabreyttra lífvera hefði skort og Umhverfisstofnun hefði átt að kanna betur hvaða vísindalegu gagna ætti að afla með henni.

Ráðuneytið fellst ekki á að skortur á vísindalegri réttlætingu geti talist ágalli við málsmeðferð Umhverfisstofnunar, þar sem hlutverk hennar sé að ganga úr skugga um að skilyrði laga séu uppfyllt. Samkvæmt lögunum er aðeins veitt leyfi til sleppingar á erfðabreyttum lífverum ef ekki er talin hætta á skaðsemi og það sé siðferðilega réttlætanlegt.

Einnig taldi VOR að Umhverfisstofnun hefði sýnt alvarlegt gáleysi með því að leggja að jöfnu erfðabreyttar lyfjaplöntur og fóður- og matvælaplöntur. Alvarlegir ágallar hefðu verið á málsmeðferðinni. Það tekur ráðuneytið ekki undir. Ákvörðunin hafi verið í samræmi við lög og reglur.

Þá taldi VOR fjóra nefndarmenn í ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur hafa verið vanhæfa vegna tengsla starfa þeirra við ORF Líftækni hf. Ráðuneytið komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ekkert hafi komið fram í málinu sem styðji þær ásakanir.

Að lokum taldi VOR ákvörðun Umhverfisstofnunar ekki samrýmast grundvallarreglu um sjálfbæra þróun eða varúðarreglu. Þá töldu samtökin að vanrækt hefði verið að meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif ræktunarinnar sem og siðferðileg álitamál. Ráðuneytið telur að við útgáfu leyfisins hafi farið fram fullnægjandi mat og ákvarðanataka verið málefnaleg og í samræmi við reglur.

thorunn@frettabladid.is



**ERFÐABREYTT BYGG** ORF Líftækni getur nú haldið áfram að gera tilraunir með ræktun á erfðabreyttu byggi utandyra.

### Ánægð með að geta haldið áfram



„Þetta þýðir að við getum haldið áfram prófunum með þessa ræktun næsta sumar og þetta skiptir okkur náttúrulega mjög miklu máli, það er ekki sama pressa á okkur,“ segir Björn Lárus Örvar, framkvæmdastjóri ORF. „Það eru náttúrulega mjög erfið starfsskilyrði ef við vitum ekki hvort leyfið er tekið af okkur eða ekki. En núna getum við haldið áfram með þessar prófanir og erum ánægð með það.

Við áttum von á þessum úrskurði þar sem það var mjög faglega staðið að öllu varðandi þessa leyfisveitingu frá hendi Umhverfisstofnunar og við lítum svo á að umhverfisráðherra hafi líka staðið mjög faglega að þessu.“

Norðurlöndin í sérflokki á nýjum lista The Economist um lýðræði í heiminum:

# Næstmest lýðræði á Íslandi

**STJÓRNMÁL** Ísland er í öðru sæti á lista rannsóknarfyrirtækis tímaritsins The Economist, sem hefur raðað ríkjum jarðar eftir því hvar mest lýðræði ríkir. Ísland fær einkunnina 9,65 en Norðmenn tróna á toppnum með einkunnina 9,8.

Ísland fær 10 í einkunn þegar kemur að kosningakerfinu, fjölræði og pólitískri menningu, 9,64 þegar litið er á stjórnkerfið og 8,89 með tilliti til stjórnmálaþátttöku. Borgaralegt frelsi fær hér einkunnina 9,71.

Norðurlandaríki verma fjögur efstu sæti listans og Finnland er í því sjöunda. Norður-Kórea telst hins vegar mesta einræðisríkið.

**- sh**

### Mesta og minnsta lýðræðið

| Mestu lýðræðisríkin | Mestu einræðisríkin |
|---|---|
| 1. Noregur | 1. Norður-Kórea |
| 2. Ísland | 2. Tsjad |
| 3. Danmörk | 3. Túrkmenistan |
| 4. Svíþjóð | 4. Úsbekistan |
| 5. Nýja-Sjáland | 5. Búrma |
| 6. Ástralía | 6. Mið-Afríkulýðveldið |
| 7. Finnland | 7. Sádi-Arabía |
| 8. Sviss | 8. Miðbaugs-Gínea |
| 9. Kanada | 9. Íran |
| 10. Holland | 10. Líbía |

# Veiðileg Jól

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

NILS - NJ@RANGA.DK

**NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR**
Tilvalinn í jólapakka golfarans og veiðimannsins.
Jólatilboð aðeins 22.995,-

**PROLOGIC GÆSAGALLI**
Vatnsheldur jakki og buxur í felulitum.
Verð aðeins 29.900,-

**RJÚPNAVESTI**
Frábært verð.
Aðeins 8.995,-

**GÆSAFLAUTUR**
Aðeins 3.595,-

**SKOTABELTI**
Vinsæl og vönduð belti í felulitum.
Aðeins 4.995,-

**DAM TASLAN VÖÐLUR**
Verð aðeins 8.995,-

**FLUGUHNÝTINGASETT**
Veniard fluguhnýtingasett með öllu.
Verð aðeins 13.995,-

**DANVISE**
Jólatilboð aðeins 9.995,-

**DAM VÖÐLUTÖSKUR**
Verð aðeins 5.995,-

**HNÍFASETT**
Verð aðeins 5.995,-

**SAVAGE GEAR LAXAHÁFAR**
Verð frá 6.895,-

**SKOTVEIÐIHANSKAR**
Verð aðeins frá 3.995,-

**ÍSBOR, STÖNG OG SPÚNAR**
Jólatilboð aðeins 14.995,-

**DR.SLICK VEIÐISETT**
Töng, skæri, klippur og box.
Frá 4.895,-

**SIMMS FREESTONE ÖNDUNAVÖÐLUR OG SIMMS SKÓR.**
Aðeins 49.900,-

**RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR**
Frábært verð.
Aðeins 29.900,-

**VEIÐISETT**
Ron Thompson Steelhead veiðistöng og Okuma hjól með girni.
Aðeins 9.995,-

**REDINGTON FLUGUVEIÐISETT**
Stöng, hjól og lína. Hólkur fylgir.
Verð frá 29.900,-

NÝTT Á ÍSLANDI!
HEAT factory
ALDREI AFTUR KALT!

**HEAT FACTORY VARMAPÚÐI**
Varmapúðar sem passa í hanska og fleira.
Aðeins 195,-

**HEAT FACTORY MERINO ULLARSOKK-AR- EÐA VETTLINGAR**
Vasi fyrir Heat Factory varmapúða. Heat Factory varmapúðar fylgja með. Aldrei aftur kalt!
Verð frá 3.895,-

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050



**FROST Í FLÓRÍDA** Aldrei þessu vant má sjá grýlukerti hanga innan um appelsínur á trjánum í vetrarhörkunum í Flórída þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samtök atvinnulífsins telja ekki brýnt að óska eftir fríverslunarsamningi við Bandaríkin:

# Njótum nú þegar góðra kjara vestra

**ALÞINGI** Ekki er brýnt að óska eftir fríverslunarsamningi við Bandaríkin, að mati Samtaka atvinnulífsins (SA).

Sex þingmenn hafa lagt til að stofnað verði til viðræðna um slíkan samning. Í greinargerð segir að sóknarhagsmunir Íslands liggi í að tryggja greiðan aðgang að Bandaríkjamarkaði fyrir útflutningsvörur.

Í umsögn SA um tillöguna segir að ekki sé mikill þrýstingur frá útflutningsfyrirtækjum um gerð slíks samnings. Upplýsingar þar um eru fengnar úr utanríkisráðuneytinu. Þá hafi Íslandsstofa ekki fundið fyrir óánægju með viðskiptakjör á Bandaríkjamarkaði.

Bent er á að á grundvelli tollasamninga Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) njóti íslensk útflutningsfyrirtæki ágætis kjara á Bandaríkjamarkaði. Það gildi til dæmis um fiskafurðir.

SA segja líklegt að í fríverslunarsamningi myndu Bandaríkin leggja áherslu á gagnkvæm frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir, einkum mjólkurafurðir. Segjast samtökin ekki treysta sér til að leggja mat á hvernig íslenskur landbúnaður sé í stakk búinn til að standast þá samkeppni.

Að þessu og öðru sögðu telja SA ekki að brýn ástæða sé til að óska eftir gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna. - bþs



**HVÍTA HÚSIÐ** Samtök atvinnulífsins telja í raun óþarft að hefja viðræður um fríverslunarsamning við Bandaríkin.

Hætt við að leigja nýtt hús:

## Vínbúðin á Akureyri stækkuð

**AKUREYRI** Stækka á húsnæði Vínbúðarinnar á Akureyri. Tilboða í verkið hefur verið leitað en því skal vera lokið ekki seinna en 1. júní á næsta ári.

Viðbyggingin verður rúmlega 120 fermetrar að grunnfleti, á tveimur hæðum. Í henni verða lager, tóbaksafgreiðsla, salerni og skápar fyrir starfsfólk, sem og skrifstofa verslunarstjóra.

Áform voru uppi um flutning verslunarinnar og fyrir ári var auglýst eftir hentugu húsnæði. Eftir mat á tilboðum varð niðurstaðan sú að ekki næðist fram það hagræði sem að var stefnt. Var í framhaldinu ákveðið að stækka núverandi húsakynni. - bþs

# Ríkissaksóknari kannar brot Íslendinga gegn Íslendingum

**Svör bandaríska sendiráðsins við fyrirspurn lögreglu um eftirlit starfsmanna þess hér á landi eru ófullnægjandi að mati ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra. Ráðherrann hefur farið að fordæmi norsks starfsbróður og vísað málinu á ríkissaksóknara, sem metur hvort íslenskir starfsmenn hafi brotið lög.**

**DÓMSMÁL** Athugun Ríkissaksóknara á því hvort íslensk lög hafa verið brotin með starfsemi eftirlitshóps bandaríska sendiráðsins getur einungis beinst að því hvort íslenskir ríkisborgarar sem starfa eða störfuðu fyrir sendiráðið brutu lög, segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra tilkynnti í gær að hann hefði í kjölfar könnunar Ríkislögreglustjóra á starfsemi eftirlitssveitarinnar vísað málinu til Ríkissaksóknara til að kanna hvort lög hefðu verið brotin af starfsmönnum sendiráðsins.

„Þetta var að koma í hús í dag, við munum kanna hvort lög hafa verið brotin á íslenskum aðilum af Íslendingum,“ segir Valtýr. „Rannsóknin getur ekki beinst að bandarískum starfsmönnum sendiráðsins, þeir eru undanþegnir því.“

Fram kemur í skýrslu Ríkislögreglustjóra, sem gerð var opinber í gær, að embættið hafi sent sendiráðinu spurningalista með 28 spurningum um eftirlitið. Þeim spurningum hafi verið svarað með minnisblaði frá sendiráðinu, en fjölmörgum spurningum sé ýmist ekki svarað eða aðeins svarað að hluta.

Eins og fram hefur komið ákváðu bandarísk stjórnvöld að koma upp eftirlitshópum við öll sendiráð landsins eftir hryðjuverkaárásir á sendiráð í Kenía og Tansaníu árið 1998.

Í svari sendiráðsins til Ríkislögreglustjóra kemur fram að eftirlitssveitin skrái niður mannaferðir við sendiráðið, telji hún þær grunsamlegar, og taki ljósmyndir. Þá séu tekin niður skráningarnúmer grunsamlegra bíla og send lögreglu þegar ástæða þyki til. Spurningum um hversu lengi slík gögn séu geymd var ekki svarað.

„Það er mat Ríkislögreglustjóra að því fari fjarri að spurningum hans hafi verið svarað með fullnægjandi hætti,“ sagði Ögmundur

> Rannsóknin getur ekki beinst að bandarískum starfsmönnum sendiráðsins, þeir eru undanþegnir því.
>
> **VALTÝR SIGURÐSSON** RÍKISSAKSÓKNARI

á fundi með fjölmiðlafólki í gær. Vegna þessa hafi könnun Ríkislögreglustjóra ekki skilað niðurstöðu um hvort lög hafi verið brotin.

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra segir að dómsmálaráðherra verði að meta hvort ástæða sé til að vísa málinu til ríkissaksóknara, eins og gert hefur verið í sambærilegu máli í Noregi.

„Ég ætla ekki að vera með neinar vangaveltur um hvað sé rétt eða rangt í þessu máli, það er Ríkissaksóknara að taka málið til sjálfstæðrar skoðunar,“ sagði Ögmundur.

Talsmaður sendiráðsins vildi í gær ekki tjá sig um málið.

brjann@frettabladid.is



**RANNSÓKN** Ögmundur Jónasson kynnti niðurstöður könnunar Ríkislögreglustjóra á eftirlitshópi bandaríska sendiráðsins á fundi með fjölmiðlafólki í dómsmálaráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Kannast ekki við samráð við lögregluna

„Staðhæfingar bandaríska sendiráðsins um að í tíu ár hafi sendiráðið haft víðtækt samráð við íslensku lögregluna hvað varðar öryggismál sendiráðsins þykir mönnum hjá Ríkislögreglustjóra orka tvímælis. Menn kannast ekki við þetta víðtæka samráð,“ segir Ögmundur Jónason dómsmálaráðherra.

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra segir að greiningardeild embættisins hafi verið kunnugt um að sendiráðið hafi ákveðið að efla öryggisviðbúnað við sendiráðið við Laufásveg. Greiningardeildinni hafi ekki verið fullkunnugt um í hverju öryggisráðstafanir þessar væru fólgnar né með hvaða hætti öryggiseftirlit væri innt af hendi.




Kristján Þór Júlíusson þingmaður segist ekki ganga á bak orða sinna:

# Greinir ekki frá styrkveitanda

**STJÓRNMÁL** Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, ætlar ekki að gefa upp hvaða lögaðili styrkti hann um hálfa milljón í prófkjöri sem hann tók þátt í vegna alþingiskosninganna 2007.

Hann segir að framlagið hafi verið veitt samkvæmt þáverandi viðmiðum, meðal annars um nafnleysi.

„Þannig var framlagið fengið og ég geng ekki á bak orða minna í því,“ segir hann. Þingmaðurinn er hins vegar feginn því að nú gildi aðrar reglur.

„Sem betur fer. Ég er ánægður með að menn vilji stemma stigu við þessum gegndarlausa fjáraustri. Stuðningur við stjórnmálaflokka á að vera opinber, það er bara þannig,“ segir hann.

Kristján Þór fékk alls tæpar 2,7 milljónir í styrki frá ónafngreindum lögaðilum fyrir kosningarnar, þar af einn styrk sem nam 500.000 krónum.

Með því hefur blaðið rætt við alla sitjandi þingmenn sem tóku þátt í kosningunum 2007 en veittu ekki Ríkisendurskoðun upplýsingar um kostnað eða gáfu ekki upp nöfn þeirra sem styrktu þá um hálfa milljón eða meira.

Flestir þingmannanna hafa veitt blaðinu upplýsingarnar en fimm sjálfstæðismenn ekki, þar á meðal Kristján Þór. Sumir þessara hafa þó tilgreint ýmislegt nánar, til dæmis hvernig tengslum þeirra við styrkveitendur er háttað, og hefur það verið birt jafnóðum í blaðinu. - kóþ



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Var eini þingmaðurinn sem átti eftir að svara blaðinu hvort hann gæfi upp styrkveitendur sína vegna kosninga árið 2007. Þá fékk hann 500.000 krónur frá lögaðila sem er í gögnum Ríkisendurskoðunar sagður óska nafnleyndar.



GIRA

PRODOMO

**Tvær skynjunarleiðir**
1. Örgjörvastýrð reykskynjun
2. Hitaskynjun með hitanema

**Samtenging**
Hægt er að samtengja allt að 40 skynjara

**Líftími rafhlöðu**
Möguleiki að fá Lithium rafhlöðu sem endist allt að fimm sinnum lengur en alkaline rafhlaða




**Rofaeining**
Möguleiki að fá rofaeiningu til að tengja t.d aðvörunarbjöllu eða ljós við skynjarann

**Birtuskynjari**
Sýnir aðeins ljósmerki um rafhlöðubilun í dagsbirtu

**VdS leyfi**
Samkvæmt DIN-staðli 16404

**Óhreinindaskynjun**
Skynjar óhreinindi og kemur þannig í veg fyrir villuboð

**Fiktvörn**
Hentar vel t.d í skóla, almenningsstaði og fyrir leigumarkað



Mynd: Séð að neðan LED-Ljóshringur og prufuhnappur

# Nýtt. GIRA Reykskynjari DUAL/VdS

## Tvöfalt öryggi með hita og reykskynjun

Nýi Gira DUAL VdS reykskynjarinn veitir tvöfalt öryggi. Hann er með þá einstöku eiginleika reykskynjara til heimilisnota að skynja bæði hita og reyk. Annars vegar nemur hann litlar reykagnir áður en það er of seint og hins vegar mælir hann hitabreytingar í rýminu. Hægt er að aftengja reykskynjunina í 15 mínútur með því að þrýsta á hnapp, sem kemur sér vel í eldhúsum.

Prodomo er rekið af S.Guðjónsson ehf. Starfsmenn veita nánari upplýsingar í síma: 520-4500
Auðbrekka 9-11 | www.prodomo.is | www.gira.com/smokedetector

S.GUÐJÓNSSON



**HJÓLANDI JÓLASVEINN** Í vikunni reyndu nokkur hundruð jólasveinar í Kólumbíu að setja heimsmet á reiðhjólum, en þrátt fyrir veðurblíðuna mættu ekki nógu margir. NORDICPHOTOS/AFP

Viðskiptaráð segir nauðsynlegt að víðtæk sátt ríki um rannsóknir á hrunsmálum:

# Útlendingar gætu skapað sátt hér á landi

**ALÞINGI** Viðskiptaráð telur ástæðu til að skoða hvort heppilegt geti verið að fá erlenda aðila til að annast rannsóknir í tengslum við hrunið.

Fyrir Alþingi liggja tillögur um nokkrar slíkar og veitir Viðskiptaráð sömu umsögn um þrjár þeirra; rannsókn á Íbúðalánasjóði, rannsókn vegna Icesave og rannsókn á einkavæðingu bankanna.

Ráðið segir að vissulega verði sá lærdómur sem fæst út úr slíkum rannsóknum mikilvæg vitneskja þegar fram í sækir. Hins vegar sé þörf á að hugsa um það sem fram undan sé, en ekki rýna eingöngu í það sem gerst hafi, hvernig og af hverju. Stöðnun megi ekki ríkja á meðan niðurstaðna rannsókna sé beðið, líkt og gerðist þegar beðið var skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Að auki þurfi að gæta þess að rannsókn hafi ekki áhrif á framþróun mála meðan á henni stendur.

Verði ákveðið að efna til rannsókna segir Viðskiptaráð nauðsynlegt að um þær ríki sátt. Þeim sé ætlað að eyða tortryggni og því sé mikilvægt að rannsakendum sé treyst. Von sé til að traust og sátt fáist ef óháðir erlendir aðilar verði fengnir til verksins. „Hægt væri að gera rannsóknir á rannsóknir ofan um ókomna tíð um öll þau atriði sem tortryggni ríkir um og draga þarf fram í dagsljósið, en það er til einskis ef niðurstöðu slíkra rannsóknar er ekki treyst,“ segir Viðskiptaráð. - bþs



**ALÞINGI** Tillögur um nokkrar rannsóknir liggja fyrir þinginu.



**GJÖFIN AFHENT** Francisca Mwansa afhenti Sigurði Ingimarssyni gjöfina í gær.

Bónus gaf gjafakort:

# Jólaaðstoð fær fimm milljónir

**FÉLAGSMÁL** Jólaaðstoð 2010 fékk í fyrradag fimm milljóna króna framlag frá Bónusverslununum. Það var Francisca Mwansa, starfsmaður í Bónus, sem afhenti Sigurði Ingimarssyni hjá Hjálpræðishernum gjöfina.

Jólaaðstoð 2010 er samstarfsverkefni Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins í Reykjavík og Hjálpræðishersins.

Matarúthlutun hefst um næstu helgi. Þá verða matarpakkar sendir út á land.

Dagana 20. til 23. desember munu þeir sem þurfa aðstoð á höfuðborgarsvæðinu geta sótt sína jólaaðstoð í Skútuvog 3. - þeb

# Sjálfstæðismenn krafðir svara

**Ævisaga Gunnars Thoroddsen var rædd á Alþingi í gær. Tveir þingmenn kröfðu Sjálfstæðisflokkinn skýringa á söfnun persónuupplýsinga á sjötta áratug síðustu aldar. Ekkert að fela, segir Þorgerður Katrín.**

**ALÞINGI** Söfnun Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík á upplýsingum um stjórnmálaskoðanir almennings á sjötta áratugnum var rædd á Alþingi í gær.

Í bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings um ævi Gunnars Thoroddsen, fyrrverandi forsætisráðherra og varaformanns Sjálfstæðisflokksins, kemur fram að markmið flokksins hafi verið að hafa trúnaðarmenn í öllum fyrirtækjum í höfuðborginni með fleiri en tíu manna starfslið „og skyldi sérhver þeirra vera trúverðugur og dugandi maður“.

Þráinn Bertelsson, VG, sagði þarna lýst stórfelldasta njósnaprógrammi sem hann hefði séð, og þekkti hann þó sögu Þriðja ríkisins í Þýskalandi og sögu Austur-Þýskalands. Þráinn spurði þingmenn Sjálfstæðisflokksins hvort markmiðið um fjölda trúnaðarmanna hefði náðst: „Hvað tókst að njósna mikið og hvenær verða þessar rannsóknir aðgengilegar á netinu? Eða hefur þeim verið tortímt?“

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins tóku þátt í umræðunni og sögðu flokkinn ekkert hafa að fela.

„Ég verð að viðurkenna að ég get ekki svarað spurningu háttvirts þingmanns um persónunjósnirnar,“ sagði Ragnheiður Elín Árnadóttir þingflokksformaður. „Ég veit að þær eru ekki viðhafðar núna, að minnsta kosti ekki þannig að mér sé kunnugt um.“

Þetta er frekar snubbótt svar en það er vegna þess að ég veit ekki meira um málið,“ sagði Ragnheiður Elín.

Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki, sagði að spurningin um hvaða markmiðum menn hefðu náð fyrir fimmtíu árum væri áhugaverð fyrir sagnfræðinga frekar en þingmenn.

Þór Saari, Hreyfingunni, sagði lýsingar bókarinnar kalla á samanburð á Sjálfstæðisflokknum og ógnarstjórnum kommúnista og fasista á síðustu öld. „Þetta er pólitísk arfleifð sem er hroðaleg,“ sagði Þór. „Hana þarf að gera upp og Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki taka það upp hjá sjálfum sér að gera hana upp.“

„Enginn dylur neitt,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki. Margt af því sem hann kæmi fram í bók Guðna yrði eflaust skoðað. Hún hvatti fólk til að lesa einnig „bók Þórs Whiteheads um kommúnismann og þau tengsl sem hann hafði meðal annars inn í íslenskt samfélag og hefur hugsanlega enn“.

peturg@frettabladid.is



**ALÞINGI** „Þetta var viðtekið í stjórnmálum á sínum tíma,“ staðhæfði Einar K. Guðfinnsson og mótmælti því að menn töluðu um það sem persónunjósnir að stjórnmálaflokkar hefðu áður fyrr fylgst með skoðunum manna.

DOMTI®
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1 www.domti.is

Minnum á desemberuppbótina
Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.
VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing Réttlæti VR

Evrópusambandið og Noregur taka sér 90 prósent makrílkvótans á næsta ári:

# Löndunarbann hefði engin áhrif

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við vísum ábyrgðinni á þeirri ofveiði sem fyrirsjáanleg er á næsta ári alfarið á hendur Evrópusambandinu og Noregi,“ segir Tómas H. Heiðar, formaður samninganefndar Íslands í makrílviðræðum við ESB og Noreg.

Tómas segir allt útlit fyrir að Ísland og Færeyjar setji sér nú einhliða kvóta, rétt eins og Norðmenn og Evrópusambandið hafa gert. „Staðan verður því áfram sú sama og verið hefur á þessu ári.“

Nú í vikunni slitnaði upp úr viðræðum ESB og Noregs við Færeyinga, rúmlega hálfum mánuði eftir að upp úr viðræðum við Íslendinga slitnaði þegar ljóst var orðið að ekkert yrði af samkomulagi.

Að loknum þeim fundi sendi sjávarútvegsráðuneytið frá sér tilkynningu um að hlutdeild Íslands í kvótanum yrði óbreytt á næsta ári, eða 16 til 17 prósent af þeim 646 þúsund tonna kvóta sem vísindamenn telja ráðlegan.

Norðmenn og Evrópusambandið tóku í gær þá ákvörðun að skammta sjálfum sér samtals níutíu prósent af heildarkvótanum, sem þýðir að á næsta ári verður samtals veitt töluvert umfram ráðlagðan kvóta.

„Með þessu er ekkert tillit tekið til lögmætra hagsmuna Íslands og Færeyja, sem stunda lögmætar veiðar úr stofninum,“ segir Tómas. „Ekki er heldur tekið neitt tillit til Rússa, sem veiða einnig úr þessum stofni í Síldarsmugunni.“

Í gær var svo í erlendum fréttamiðlum fullyrt að Maria Damanaki, fiskveiðistjóri Evrópusambandsins, íhugaði refsiaðgerðir gegn Íslandi og Færeyjum. Þær refsiaðgerðir myndu felast í löndunarbanni innan Evrópusambandsins á makríl frá þessum löndum.

„Við höfum ekkert við það að athuga,“ sagði Tómas um þessar refsiaðgerðir, „enda gilda hér á landi sömu reglurnar. Samkvæmt íslenskum lögum er það þannig að við heimilum ekki löndun erlendra skipa hér á landi á afla úr deilistofnum sem ósamið er um. Þetta er því bara spegilmynd af því sem gildir hér á landi.“

Löndunarbannið myndi hvort eð er ekki hafa nein áhrif á veiðarnar hér á landi.

„Menn hafa landað aflanum á Íslandi og unnið hann hér, enda hafa veiðar okkar nánast alfarið verið innan okkar lögsögu.“

gudsteinn@frettabladid.is



**Á FUNDI Í BRUSSEL** Richard Benyon, sjávarútvegsráðherra Bretlands, á tali við Júlíu Damanaki, fiskveiðistjóra Evrópusambandsins, áður en fundur hófst í sjávarútvegs- og landbúnaðarráði Evrópusambandsins á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP



Gullhálsmen
27.800 kr.



Silfurhálsmen
12.500 kr.



Silfurhálsmen
16.900 kr.



Silfurhálsmen
8.000 kr.



Silfurlokkar
9.300 kr.

# Íslensk hönnun og smíði



Jacques Lemans
19.900 kr.



Jacques Lemans
22.200 kr.



Jacques Lemans
28.900 kr.



Diesel
25.200 kr.



Casio
7.400 kr.



Casio
11.300 kr.



Casio
23.800 kr.



Casio
16.500 kr.



Fossil
24.900 kr.



Fossil
16.800 kr.



Fossil
14.500 kr.

## Skoðaðu úrvalið á sviss.is

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - sviss.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BURRITOS M.KJÚKLINGI OG TACOSÓSU
900g/ hita í 180c ofni í 15-20 mín.



ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR M/SPAGHETTI
1100g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.



LASAGNE M. ÍSLENSKUM OSTI
1000g / hita í 180c ofni í 15-20 mín.

# FLJÓTLEGT OG ÓDÝRT 998 KR. MATUR FYRIR 3-4

**FULLELDAÐ:** ÞARF AÐEINS AÐ HITA Í 15 TIL 20 MÍN

## NORÐANFISKUR *Íslenskur lax* REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG




## KJÖRFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR



1798 KR. kg
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

629 KR. kg
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR




1189 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAHAKK




1838 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTASNITSEL
MERKT VERÐ 2298 KR/KG. *20% AFSLÁTTUR*




*9 LTR. COKE*
*2 LTR. JÓLABLANDA*
**11 lítrar 998 kr.**




598 kr. kg
ÍSLANDSNAUT *FJÓRIR* FERSKIR
*100%* NAUTAHAMBORGARAR M.BRAUÐI




1838 kr. kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
MERKT VERÐ 2298 KR/KG. *20% AFSLÁTTUR*



198 KR. 4 stk
BÓNUS NÝBAKAÐIR
**KORNKUBBAR** 4 STK




139 KR. 350g
BÓNUS HRÁSALAT




**Bónus Engiferdrykkurinn**
Tvær flöskur á verði einnar
**298 kr.**



598 KR. 400g
TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g **BAUNIR & MALAÐ**




175 KR. 2 ltr

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ

## ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ*




BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
**998 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
**1298 KR.KG.**




HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1598 KR.KG.**



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
**598 KR.KG.**










FJALLA ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
**1598** KR/KG.

FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
**1998** KR/KG.

K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1598** KR/KG.

## NORLENSKA HANGIKJÖTIÐ
## ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ !*




*KEA* LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
**1398** KR/KG.




BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR
**898** KR/KG.




## Rafræna Bónus gjafakortið er vinsælasta jólagjöfin í Bónus

Þú kaupir inneign að eigin vali á gjafakortið, kortið er áfyllingarkort. Hafðu samband við **skrifstofu Bónus** og fáðu nánari upplýsingar. Skrifstofa Bónus er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

### MATREIÐSLU-LEIÐBEININGAR Á BONUS.IS

*www.bonus.is er* heimasíða Bónus. Þar getur þú fundið margskonar matreiðslu-leiðbeingar á nánast öllum jólamatnum.

Skoðaðu heimasíðuna *www.bonus.is/uppskriftir* þar er margt að finna. Skráðu þig á póstlistann til að fá send í tölvupósti vikulega bestu tilboðin í verslunum Bónus.




ÍSLANDSGRÍS **HAMBORGARHRYGGUR** M/BEINI
**995** KR/KG.

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Varnarmál á Íslandi á krossgötum

# Eldveggur milli málaflokka fuðrar upp

**Þegar ákveðið var að stofna sérstaka ríkisstofnun fyrir varnarmál var markmiðið meðal annars að gæta þess að algerlega yrði skilið milli innri og ytri varna ríkisins. Með því að færa verkefni stofnunarinnar til Landhelgisgæslunnar og Ríkislögreglustjóra virðast stjórnvöld hafa fallið algerlega frá því markmiði.**

„Af virðingu fyrir réttaröryggi borgaranna ber ekki að blanda saman borgaralegum verkefnum og störfum að landvörnum og er það sjónarmið viðurkennt hvarvetna í okkar heimshluta og þeim stjórnvöldum sem fara með löggæslu og innanríkismálefni eru ekki falin verkefni er lúta að gæslu ytra öryggis ríkja.“

Hér er vitnað til orða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra, þegar hún mælti fyrir frumvarpi að varnarmálalögum á Alþingi 17. janúar 2008.

„Ég leyfi mér að segja að með þessu frumvarpi sé reistur lagalegur eldveggur milli þessara tveggja verkefnaflokka stjórnvalda, það er varnartengdra verkefna og verkefna á sviði löggæslu og almannavarna,“ sagði hún enn fremur.

Sá eldveggur sem stjórnvöld vildu reisa milli innri og ytri varna ríkisins fuðrar nú upp. Varnarmálastofnun, sem stofnuð var með þeim lögum sem Ingibjörg mælti fyrir, verður lögð niður um áramót.

Verkefni stofnunarinnar verða nú flutt til borgaralegra stofnana. Ríkislögreglustjóri tekur við öryggisvottunum og þjóðaröryggismálum, og fær þar með aðgang að hernaðarupplýsingum frá Atlantshafsbandalaginu (NATO). Utanríkisráðuneytið mun sjá um milliríkjasamskipti.

Önnur verkefni Varnarmálastofnunar flytjast til Landhelgisgæslu Íslands, þar með talið ratsjáreftirlit, umsjón með varnaræfingum og samstarf við erlenda flugheri um loftrýmiseftirlit.

### Hörð barátta um varnarmálin

Skoða verður áherslu Ingibjargar Sólrúnar á algeran aðskilnað ytri og innri öryggismála að einhverju leyti í því ljósi að hún hafði áður háð harða baráttu við Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, um hvar varnarmálunum yrði best fyrir komið.

Ingibjörg vildi fá málaflokkinn í sérstaka stofnun undir forræði utanríkisráðuneytisins. Björn vildi deila verkefnunum niður á stofnanir sem heyrðu undir dómsmálaráðuneytið. Á endanum hafði Ingibjörg betur.

Í þessu ljósi verður að skoða þessa miklu áherslu Ingibjargar, sem og sumra þingmanna Samfylkingarinnar á þennan aðskilnað þegar varnarmálalög voru sett snemma árs 2008. Ingibjörg var þó ekki ein um að vera á móti því að innri og ytri öryggismál landsins blönduðust saman. Ýmsir innan Vinstri grænna voru á sömu skoðun.

„Auðvitað er veruleg skörun í báðar áttir, frá Varnarmálastofnun inn í borgaralega starfsemi og frá ríkislögreglustjóra og sumpart Landhelgisgæslunni í hina áttina.



**HERSTÖÐ** Varnarmálastofnun ber ábyrgð á öryggissvæði sem áður tilheyrði herstöð Bandaríkjamanna á Miðnesheiði. Stofnunin verður lögð niður um áramót, og tekur Landhelgisgæslan þá við öryggissvæðinu, tímabundið til 15. mars í það minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Því miður hefur verið í gangi viðleitni til að þvæla þessum hlutum saman á undanförnum árum og það hef ég margoft gagnrýnt,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, þá þingmaður Vinstri grænna.

„Mér sýnist á því sem hér er gert að skilið sé mjög rækilega á milli hernaðarmála og borgaralegra mála eins og hefur verið rakið bæði af hæstv. utanríkisráðherra og fleiri þingmönnum. Ég tel það skynsamlega niðurstöðu,“ sagði Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna í umræðum á Alþingi 2008.

Ekki voru allir þingmenn Vinstri grænna sammála. Þannig sagði Ögmundur Jónasson að ágreiningur hafi vissulega verið um hvort aðskilja eigi varnarmál frá innra öryggi ríkisins. „Við fyrir okkar leyti höfum iðulega haldið því fram í þessum sal að við eigum að stefna allri þeirri vinnu sem lýtur að öryggi þjóðarinnar inn í borgaralegan farveg,“ sagði Ögmundur.

Bjarni Benediktsson, þá þingmaður Sjálfstæðisflokks, studdi aðskilnað innri og ytri öryggismála þegar Alþingi fjallaði um varnarmálalögin árið 2008. Þegar hann mælti fyrir tillögum meirihluta utanríkismálanefndar sagði hann að taka mætti undir með frumvarpshöfundum að mikilvægt sé að hlutverk Varnarmálastofnunar sé „skýrt og vel afmarkað“ frá hlutverki borgaralegra stofnana.

### Össur sammála Birni Bjarnasyni

Í þessu ljósi vekur athygli að þessi aðskilnaður hafi fremur lítið komið til umræðu þegar ákveðið var að leggja niður Varnarmálastofnun og koma verkefnum hennar til borgaralegra stofnana.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tæpti þó á þessari stefnubreytingu þegar hann mælti fyrir frumvarpi um breytingar á varnarmálalögum í apríl síðastliðnum.

Þar sagði hann starfsemi Varnarmálastofnunar færast til borgaralegra stofnana sem sæu um öryggis- og varnarmál á grundvelli borgaralegra gilda innan áformaðs innanríkisráðuneytis.

„Það má rifja það upp líka að fyrrverandi dómsmálaráðherra [Björn Bjarnason] hafnaði afdráttarlaust þeim rökum að öryggisreglur Atlantshafsbandalagsins krefðust þess að sú stofnun sem sæi um ratsjáreftirlitið væri ekki borgaraleg,“ sagði Össur.

„Ég er einfaldlega sammála þessu og líka þeim rökum sem af sama manni voru færð fram á sínum tíma, að svo fremi sem borgaralegar stofnanir uppfylli kröfur bandalagsins um meðferð hernaðarlegra trúnaðarupplýsinga séu þær jafnfærar og aðrar stofnanir til að taka við þeim, vinna úr þeim og miðla áfram til réttra aðila.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók undir með Össuri: „Ég tel hugmyndina um innanríkisráðuneytið sem fer samhæft yfir öryggis- og varnarmál, hvort sem það er borgaralegt eða með tilliti til skuldbindinga okkar vegna aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu, ágæta og hef stutt hana.“




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


## Óvenjuleg tilraunastarfsemi



ALYSON BAILES

Ástæðurnar fyrir því að ytri og innri öryggismál ríkja eru yfirleitt ekki látin heyra undir sama ráðherra eru af ýmsum toga, segir Alyson Bailes, aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og sérfræðingur í öryggismálum.

„Í mörgum ríkjum er þetta einfaldlega hefð. Önnur einföld en mjög mikilvæg ástæða er að það hefur þótt heppilegt að deila þessari ábyrgð á tvo ráðherra svo einn ráðherra axli ekki alla ábyrgð komi upp neyðarástand af einhverju tagi,“ segir Bailes.

Hún bendir einnig á að grundvallarmunur sé á þeim lögum sem starfað sé eftir. Þeir sem sjái um innri öryggismál, lögreglan, landhelgisgæsla og almannavarnir, þurfi fyrst og fremst að fara að landslögum. Þeir sem sjái um ytri varnir þurfi hins vegar að gæta þess að virða alþjóðalög og sáttmála og starfa innan varnarbandalaga eigi það við.

Það er ekki ljóst hvort það skiptir einhverju máli fyrir Ísland hvort ytri og innri varnir séu á einni hendi eða ekki. Margir myndu umhugsunarlaust svara því til að það skipti sannarlega máli, en Bailes segir það ef til vill ákveðna einföldun. Vel megi hugsa sér að það sé ekki fýsilegt að halda slíkri skiptingu til streitu hjá lítilli þjóð eins og Íslandi.

„En þetta er sannarlega óvenjulegt,“ segir Bailes. Koma verði í ljós hvort það muni valda vandræðum, í raun sé um tilraunastarfsemi að ræða.

## Orðrétt á Alþingi

„Við gerum almennt þá kröfu til meðal annars þriðja heims ríkja að þau aðskilji vel innri löggæslu sína og síðan varnartengd verkefni. Það er ein af þeim kröfum sem yfirleitt er höfð uppi og talin til marks um það hvort um þróað lýðræðisríki er að ræða eða ekki. Þá hljótum við að gera þá sömu kröfu til okkar að þessi aðskilnaður sé fyrir hendi og lagaramminn sé til staðar þannig að hægt sé að hafa meira eftirlit með þessari starfsemi en nú er.“



**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, í umræðum á Alþingi 2008.**

„Við fyrir okkar leyti höfum iðulega haldið því fram í þessum sal að við eigum að stefna allri þeirri vinnu sem lýtur að öryggi þjóðarinnar inn í borgaralegan farveg.“



**Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, í umræðum á Alþingi 2008.**

„Auðvitað eru engin dæmi þess að innanríkisráðuneyti og varnarmálaráðuneyti sé blandað saman þannig að í öllum tilvikum er varsla innra öryggis ríkisins aðskilin frá vörslu ytra öryggis ríkisins. Það er auðvitað einn af grunnþáttum í lýðræðislegri stjórnskipan sem mikilvægt er að við höldum í heiðri nú þegar við stígum okkar fyrstu skref á þessari vegferð sem sjálfstæð þjóð.“



**Árni Páll Árnason, þá óbreyttur þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðum á Alþingi 2008.**

„Auðvitað er veruleg skörun í báðar áttir, frá Varnarmálastofnun inn í borgaralega starfsemi og frá ríkislögreglustjóra og sumpart Landhelgisgæslunni í hina áttina. Því miður hefur verið í gangi viðleitni til að þvæla þessum hlutum saman á undanförnum árum og það hef ég margoft gagnrýnt. “



**Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, í umræðum á Alþingi 2008.**





Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA / NM44188

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

# Þú finnur jólagjöfina í ORMSSON

**Solis** OF SWITZERLAND SO 978.18
EINSTAKLEGA VANDAÐ OG GOTT MÍNÚTUGRILL
*Verð kr. 22.990,-*

**assistent** AMK 6120
FJÖLDI FYLGIHLUTA
FÆST Í 5 LITUM
EFTIRLÆTI SÆNSKRA HÚSMÆÐRA Í ÁRATUGI – ***ALGJÖR KLASSI!***
*– Loksins fáanleg aftur á Íslandi*
*Verð frá kr. 79.900,-*

**AEG** ACE 4120
20% afsláttur
*„FULLKOMIN!"*
RYKSUGA
*Verð kr. 19.900,-*
· 2000 W
HLJÓÐLÁTUR
ORKUBOLTI

**brabantia**
BRAUÐBOX · FÖTUR
*Heimsþekkt hönnun*

**Tefal**
FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
*Margar stærðir og gerðir*

**AEG** KF 3130
· 1080 W
· 10-15 bolla glerkanna
· Dropastoppari
· Sýnir vatnsmagn
FÆST HVÍT OG SVÖRT
*Klassísk*
KAFFIVÉL
*Verð kr. 5.990,-*

**AEG** SB 4400
BLANDARI
· 600 W
· 1,5 L glerkanna
· 6 hraðastillingar (+hraðastilling fyrir klaka)
· Sérlega hljóðlátur
*Frábært tæki!*
*Verð kr. 14.990,-*

**AEG** AT 3140
*Falleg og sterk*
BRAUÐRIST
*Verð kr. 5.990,-*
· 860 W · 7 ristunarstig
FÆST HVÍT OG SVÖRT

DRAUMA RYKSUGAN ER FRÁ
**AEG**
ÞÆR GERAST EKKI BETRI!
*Skaftryksugan þægilega, sem ætti að vera til á hverju heimili*
*Verð kr. 19.990,-*

**sinbo** SCO-5002
NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA
Eldsnöggur og hörkuflottur 5 lítra blástursofn
*Verð: 15.900,-*

**OBH NORDICA** 6518
*HREINN (M)UNAÐUR*
1 lítra flaska
Kolsýruhylki sem dugar fyrir 60 lítra af vatni fylgir
SODA MASTER Gazelle
*Verð kr. 19.900,-*

**OBH NORDICA** 2451
*STÓR–SKEMMTILEG!*
KAFFIVÉL – *Nett og öflug*
*Verð kr. 29.900,-*

**sinbo** SSM-2510
· STÁL
MÍNÚTUGRILL
*EÐALGRIPUR Á FRÁBÆRU VERÐI*
*Verð kr. 12.990,-*

*Fallegt úrval!*
NÝ SENDING!
NÝIR LITIR!
**Emile Henry**
FLAME
FLAME LEIRPOTTARNIR *frá Emile Henry*
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.

**Nintendo** SNERPA·SPENNA·SNILLD
**DS Lite - LEIKJATÖLVAN**
EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS
*Verð kr. 24.900,-*

**OLYMPUS** T-100
MIKIL GÆÐI OG GOTT VERÐ
*„Bestu kaupin"*
12 milljón pixlar · 3x aðdráttur
linsa 36-180mm · Til í 4 litum: Svört, blá, rauð og silfur
*Verð kr. 13.900,-*

**Verbatim** VE47540
SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ UPPTÖKU · 1TB
VERÐ ÁÐUR: 69.900 kr
*Verð: 39.900,-*

**SCOTT** RX19RD
VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP
*TILBOÐ: 7.900 kr.*
CMX118
VEKJARAKLUKKA
*Verð kr. 4.900,-*

**CELESTRON**
VEÐURSTÖÐVAR
Mikið úrval
Hitastig inni/úti í F° eða C°
Rakastig inni og úti ·Innbyggður rakamælir
Klukka og dagatal - sýnir mán og vikudag
Vekjari með "snooze"
*Verð frá: 6.590,-*

**Nintendo** SNERPA·SPENNA·SNILLD
**Wii** -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
*Verð frá kr. 39.900,-*

**Pioneer** PIONEER · DV-320
Spilar allar gerðir diska · Spilar DivX myndir · Spilar JPEG myndir
· MP3 og WMA tónlist · Spilar bæði PAL og NTSC · USB tengi
· Einfaldur í notkun - þægilegt viðmót
HÁGÆÐA DVD–SPILARI
*Verð: 19.900,-*

**SHARP**
LED SJÓNVÖRP
FRAMÚRSKARANDI MYND- OG HLJÓMGÆÐI
*32" kr. 149.900,-*
*37" kr. 199.900,-*
*42" kr. 259.900,-*

SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI
*Verð frá kr. 4.450,-*

**SAMSUNG** R530-JA06SE
VÖNDUÐ FARTÖLVA Á GÓÐU VERÐI
15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harðd: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home
*Verð: 89.900,-*

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

KVIKA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einkaskólar eru í raun reknir af almannafé.

# Skýrir samningar og aukið eftirlit

Krafan um að draga úr opinberum umsvifum hefur verið sterk undanfarin ár og áratugi. Til að koma til móts við þessa kröfu en viðhalda um leið grunnþjónustu sem hér hefur verið til staðar og fæstir vilja sjá af þrátt fyrir fyrrnefndu kröfuna hefur svo kölluðum þjónustusamningum fjölgað og er slíka samninga nú að finna á öllum skólastigum, í heilbrigðisþjónustu og ýmiskonar annarri þjónustu við almenning.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Með þjónustusamningi verður þjónusta sem áður var veitt af opinberum aðilum (ríki eða sveitarfélögum) að hluta eða öllu leyti í höndum einkaframtaks. Almenningur fær eftir sem áður þjónustuna, kannski ekki alveg ókeypis eða á sama lága verðinu og ef hún er keypt beint af opinberum aðila en gjaldið er ekki hátt. Og hvers vegna var gjaldið ekki hátt? Jú vegna þess að ríki og sveitarfélög borga eftir sem áður sambærilega fjárhæð til þess aðila sem þjónustuna veitir og sambærileg þjónusta kostar, sé hún veitt beint af opinberri stofnun.

Þetta lítur í sjálfu sér ekkert illa út og gengur vel í mörgum tilvikum. Hægt er að velja setja barn sitt á leikskóla í rekstri sveitarfélags eða á einkarekinn leikskóla, til dæmis ef fólk hefur sérstakan áhuga á tilteknum áherslum í skólastarfi eða skólastefnu og fyrir þetta greiða foreldrar eilítið meira en fyrir skólavist í leikskóla á vegum sveitarfélagsins. Reyndar ber þess að geta að leikskólar á vegum sveitarfélaga eru, eins og hinir einkareknu, eins margvíslegir og þeir eru margir og vinna með mismunandi áherslum og skólastefnu. Valmöguleikarnir eru því fyrir hendi innan opinbera kerfisins.

Það sama á svo við um grunnskóla. Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að velja á milli hverfisskóla sem veita ókeypis þjónustu og nokkurra einkaskóla og borga þá skólagjöld sem þó eru alls ekki há. Fyrir sjö árum bættist svo við einkarekinn framhaldsskóli sem upphaflega átti sérstaklega að þjóna bráðgerum ungmennum en þeim gafst þar kostur á að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum.

Kjarni málsins er þó alltaf sá að allir þessir svokölluðu einkaskólar eru að stærstum hluta reknir af almannafé og ættu því að vera undir nákvæmu eftirliti rétt eins og um væri að ræða opinberan rekstur. Það er því verulega ámælisvert að fjármálaóreiða á borð við þá sem viðgengist hefur í Menntaskólanum Hraðbraut skuli hafa þrifist.

Ríkisendurskoðun hefur nú kallað eftir 141 þjónustusamningi sem ráðuneytin hafa gert. Auðvitað er ekki ástæða til að ætla að í ljós komi fleiri dæmi um slíka svikamyllu og raunin virðist vera með Hraðbraut. Það er samt þarfaverk að fara yfir þessa samninga og raunar ættu sveitarfélögin að fara að dæmi ríkisins og fara yfir sína samninga. Þjónustusamningar sem ríki og sveitarfélög gera verða að vera skýrir þannig að báðum aðilum sé ljóst hvaða þjónustu á að veita og í hvaða umfangi, hvernig eftirliti sé háttað og hver uppsagnarákvæði séu að hálfu beggja aðila (sbr. Árbótarmálið).

Við höfum ekki efni á því að missa tugi eða hundruð milljóna í sjálftöku þeirra sem opinberir aðilar kaupa þjónustu af fyrir almannafé vegna skorts á eftirliti eða samninga sem eru óskýrir. Þarna þarf að taka til.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rannsókn

Ögmundur Jónasson, dómsmála- og mannréttindaráðherra, hefur falið ríkissaksóknara að kanna hvort bandarísk stjórnvöld hafi gerst brotleg við íslensk lög með starfsemi öryggissveitar við sendiráð Bandaríkjanna í Reykjavík. Athyglisvert er að grundvöllur ákvörðunarinnar er svör – eða svaraleysi – starfsmanna sendiráðsins við spurningum ríkislögreglustjóra. Ögmundur var jú í þeim hópi stjórnmálamanna sem gáfu heldur lítið fyrir það sem lak úr skjalahirslum sama sendiráðs um daginn. Nú er það sem þaðan berst, eða berst ekki, svo alvarlegs eðlis að ekki dugar minna en rannsókn ríkissaksóknara.

### Heimabrúkið

Litlar sem engar líkur eru á að eitthvað vitrænt komi út úr slíkri rannsókn og enn minni líkur á að málið hljóti framhaldsmeðferð með ákærum eða einhverju slíku. Allt ber þetta því keim af kunnri sýndarmennsku stjórnmálanna.



### Alvöru

Sjálfstæðisflokkurinn er augljóslega ekkert að grínast þegar hann segist ætla að taka sig í gegn eftir hrunið. Sextán manna framtíðarnefnd flokksins á meðal annars að gera tillögu um hvernig grasrótin getur betur náð eyrum flokksforystunnar. Í henni er valinn maður í hverju rúmi og líklegast er mestur fengur í Gunnari I. Birgissyni. Hann hraktist á sínum tíma úr bæjarstjórastólnum í Kópavogi og fljótlega eftir að hafa náð kjöri í bæjarstjórnina á ný sótti hann um vinnu í Árborg. Nýjast er svo að hann getur ekki unnið með flokkssystkinum sínum að fjárhagsáætlun. Allt er þetta gott veganesti þegar Sjálfstæðisflokkurinn horfir til framtíðar.



bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Kerfið græðir – fólkið blæðir

Borgarmál

Kjartan Magnússon

borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í nótt eftir langan fund borgarstjórnar. Með áætluninni hefur meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar ákveðið að leysa fjármál borgarinnar með því að hækka verulega álögur á borgarbúa. Þannig er útsvarsprósenta á Reykvíkinga hækkuð úr 13,03% í 13,20% og fasteignaskattar úr 0,214% í 0,225%. Þá er lóðaskattur rúmlega tvöfaldaður.

Flestar gjaldskrár hjá Reykjavíkurborg munu einnig hækka á næsta ári. Hóflegar gjaldskrárhækkanir eru eðlilegar en hjá meirihlutanum skortir yfirsýn og samræmda stefnu enda er afar misjafnt hvernig hækkanirnar nú koma við þjónustunotendur. Skólamáltíðir hækka t.d. um 10%, almennt sundgjald um 20%, vistunargjald á frístundaheimili um 20%, síðdegishressing á frístundaheimili um 35%, lengd viðvera á frístundaheimili um 68%, almennt félagsstarf aldraðra um 45% og heimilisþrif hjá öldruðum um 88%.

Áætlað er að fyrir barnafjölskyldu í Reykjavík muni aukin útgjöld vegna umræddra skatta- og gjaldskrárhækkana nema 100-150 þúsund krónum á ári. Svo miklar hækkanir þrengja að fjölskyldufólki sem og að atvinnulífi í borginni þegar einkaneysla dregst saman. Hærri skattar og gjöld hins opinbera hægja enn frekar á umsvifum í þjóðfélaginu og seinkar þeim efnahagsbata, sem er forsenda þess að þjóðin hristi af sér hlekki kreppunnar.

Undir forystu Sjálfstæðisflokksins á síðasta kjörtímabili voru skattar ekki hækkaðir í Reykjavík og í ljósi efnahagsástandsins var gjaldskrám haldið óbreyttum um tveggja ára skeið, 2008-2010. Þess í stað var sparað með góðum árangri í borgarkerfinu í þágu reykvískra fjölskyldna, sem hefðu illa þolað hærri skatta og gjöld ofan á allt annað. Forgangsraðað var í þágu fólksins en ekki kerfisins.

Þá ákvað borgarstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins að bregðast við erfiðleikum í efnahagslífi með því að verja grunnþjónustu borgarinnar, hækka ekki gjaldskrár fyrir grunnþjónustu, hækka ekki skatta á Reykvíkinga og verja störf fastráðinna borgarstarfsmanna.

Undir stjórn Besta flokksins og Samfylkingar hefur orðið skýr stefnubreyting. Allir skattar hafa verið hækkaðir, flestar gjaldskrár hafa hækkað verulega og gripið hefur verið til fyrstu fjöldauppsagna í sögu Reykjavíkurborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sverrir sagnfræðingur datt í heimildaleysi á rass sinn

Öryggismál

Kristrún Heimisdóttir
lögfræðingur



Sverrir Jakobsson leggur til mála sem póst-módernískur sagnfræðingur og sósíalisti á breiðsíðum Fréttablaðsins. Í grein sem birtist í þessu blaði í gær „Íslensk stjórnsýsla og fangaflugið“ fjallar hann fyrst um lélegar heimildir úr bandaríska sendiráðinu, notar síðan þær sömu heimildir ef þær geðjast honum sem rök í pólítík og fjallar loks um hræðilega atburði sem höfðu ævarandi sár áhrif á fjölskyldur bæði hér á landi og í fjarlægri heimsálfu án þess að virða nýrri atburði því tengda viðlits. Er sagnfræði undirlægja stjórnmálabaráttu, Sverrir?

Upplýst er af skjölum Wikileaks að tveir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem báðir voru þekktir af starfi í stjórnmálum fyrir Framsóknarflokkinn, gerðu lítið úr fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins um rannsókn á fangaflugi í júní 2007 í einkasamtali við bandarískan diplómat. Hvorugur þessara manna starfaði að málinu né hafði nokkra þekkingu á því frá fyrstu hendi.

Þann 23. júní 2007 tilkynnti utanríkisráðuneytið um sérstaka skoðun á meintu fangaflugi í kjölfar útkomu seinni skýrslu Martys til þings Evrópuráðsins í Strassbourg. Tilefnið var að sú sem þetta ritar hafði við lestur skýrslunnar á útkomudegi séð Íslands getið í 3. fylgiskjali sem lendingarstaðar í flutningum Þjóðverjans El-Masri sem var alsaklausum rænt af CIA og fluttur í fangabúðir í Afganistan. Utanríkisráðherra ákvað tvennt: Rannsókn byggða á gagnagrunni Evrópuráðsins, upplýsingum frá Amnesty International og öllu sem fannst í fjölmiðlum um lendingar hér á landi frá september 2001 til júní 2007. Í öðru lagi í samstarfi við tollayfirvöld, flugmálastjórnir, lögreglu o.fl. var tilkynnt um inngöngu og leit í öllum flugvélum. Á það reyndi síðan í nóvember þegar Sjónvarpið flutti fyrstu frétt um fangaflug á Reykjavíkurflugvelli. Í ljós kom að leitað hafði verið eins og vera bar og vélin flutti enga fanga.

Aðferðafræði Íslands í þessu máli fylgdi tilmælum Amnesty og Evrópuráðsins vandlega og ytri skilaboð Íslands voru skýr, að landið tæki mannréttindi og varnir gegn pyntingum alvarlega og myndi ekki líða flug með fanga sem væri brot á alþjóðlegum mannréttindalögum.

> Sverrir er kunnur áhugamaður um alþjóðamál en flokkur hans hefur enga utanríkisstefnu.

21 Söndag, fréttaþáttur dansks sjónvarpsins, kom hingað sérstaklega í febrúar 2008 til að fjalla um þessar aðgerðir sem fyrirmynd fyrir eigin ríkisstjórn. Skýrslan sýndi að vélar með flugnúmer úr gagnrunnunum höfðu ítrekað lent hér á landi í fortíðinni en fangaflug verður ekki staðfest með óyggjandi hætti fyrr en Bandaríkjamenn eru reiðubúnir til samstarfs um að upplýsa það eða einhverjum tekst að leka óyggjandi heimild þar um.

Ríkisstjórn Íslands var hins vegar sannarlega aðili að hörmulegum atburði í Kjúklingastræti í Kabúl 2004 sem Sverrir víkur að. Árið 2008 ákvað utanríkisráðherra að fela tveimur fyrrverandi hæstaréttardómurum að vera ytri rannsakendur atvika og atburðarásar sem þarna var og fara yfir viðbrögð íslenskra stjórnvalda vegna þeirra og hvort gera mætti betur. Fjölskyldur áttu um sárt að binda, málið var opið sár og skuggi þessi gein yfir starfi íslensku friðargæslunnar.

Hæstaréttardómararnir fyrrverandi ræddu við alla hlutaðeigandi sem fengu þarna margir hverjir í fyrsta skipti raunverulega áheyrn. Niðurstöður fólu í sér nokkur ámæli fyrir stjórnvöld en einnig stuðning við einstaklinga sem leita vildu réttar síns og loks þá pólitísku ákvörðun að íslenskir friðargæsluliðar skyldu framvegis ekki bera herbúninga til marks um stöðu innan herskipulags. Þjálfun Íslendinga til að starfa innan slíks skipulags væri ekki næg og fölsk ásýnd gæfi falskt öryggi.

Skýrsla um meint fangaflug og skýrsla hæstaréttardómaranna um Kjúklingastræti voru báðar afhentar fjölmiðlum og hafa fengið ítarlega umfjöllun t.d. í Kastljósi. Grein Sverris Jakobssonar bar það með sér að hann hefði aldrei lesið þær þó það sé auðsótt mál og sennilega var hann búinn að gleyma þeim báðum. Áburður hans um yfirhylmingar er þannig innistæðulaus með öllu. Þarna datt Sverrir sagnfræðingur í heimildaleysi á rass sinn.

Sverrir er kunnur hernaðarandstæðingur. Flokkur hans hefur verið í ríkisstjórn í bráðum tvö ár. Á þeim tíma hefur natóvæðing íslensku lögreglunnar hafist gegn eindregnum mótmælum Landssambands lögreglumanna, ríkislögreglustjóra verið afhent þjóðaröryggismál svonefnd með einu handtaki og lofthelgisgæsla með ratsjám fyrirsjáanlega einkavædd. Sverrir er kunnur áhugamaður um alþjóðamál en flokkur hans hefur enga utanríkisstefnu. Af hverju gerir hann engar kröfur til eigin valdaflokks?

## AF NETINU

### Gengið af Sjálfstæðisflokknum dauðum?

Hver skyldi annars vera ástæða þess að Sjálfstæðisflokkurinn mælist með aðeins þriðjungsfylgi á meðan hér situr óvinsæl vinstri stjórn, sem klúðrar öllum helstu málum, hindrar fjárfestingar og atvinnuuppbyggingu og hækkar skatta? Eigum við að tala um Icesave? Á árum áður hefði Sjálfstæðisflokkurinn mælst með meirihlutafylgi hjá þjóðinni við svipaðar aðstæður.

Niðurrifsstarfsemi fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins miðar að því að viðhalda kvótakerfinu og halda þjóðinni utan ESB. Það virðist vera markmið í sjálfu sér hjá honum að koma í veg fyrir að Sjálfstæðisflokkur og Samfylking geti náð saman um stjórnarsamstarf, sem er það stjórnarmynstur, sem þjóðin þarf núna á að halda – með eða án Framsóknarflokks. Brjótist núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og þingflokkur ekki undan hrammi öfgastefnu náhirðarinnar er einsýnt, að flokkurinn hefur lokið hlutverki sínu sem kjölfestan í íslenskum stjórnmálum. Það verður þá arfleifð Davíðs Oddssonar að hafa gengið af Sjálfstæðisflokknum dauðum.

**Pressan.is Ólafur Arnarson**







# ALLAR ÍSLENSKU KVIKM




2.199,- Áður 2.799,-

★★★★
Kristinn Ingavason
pressan.is




2.199,- Áður 2.999,-

★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson,
Fréttablaðið




2.499,- Áður 2.999,-

★★★★★
Með því stórbrotnasta sem sést hefur. - DV



1.799,- Áður 2.599,-
Skoppa og skrítla



2.299,- Áður 2.999,-
Ameríski draumurinn



★★★★★
Hulda Geirsdóttir Rás 2

2.299,- Áður 2.999,-
Mamma GóGó



2.299,- Áður 2.999,-
Desember



2.299,- Áður 2.999,-
Sannleikurinn



2.299,- Áður 2.999,-
Algjör Sveppi 3



1.799,- Áður 2.599,-
Skoppa og Skrítla



7.4 af 10 imdb

1.799,- Áður 2.599,-
Börn náttúrunnar



9.4 af 10 imdb

2.499,- Áður 2.999,-
Næturvaktin



8.4 af 10 imdb

2.499,- Áður 2.999,-
Fangavaktin



2.499,- Áður 2.999,-
Wipeout



Alltaf meðal 5 vinsælustu þátta Stöðvar 2

2.299,- Áður 2.999,-
Besta úr Audda & Sveppa

## DVD myndir á tilboði



799,- | 799,- | 799,- | 799,- | 799,- | 999,- | 999,- | 999,- | 999,-

# MYNDIRNAR Í SKÍFUNNI

**tilboðin gilda út 17. desember**




**2.199,-** Áður 2.999,-

**7.7 af 10**
Eitt vinsælasta íslenska sjónvarpsefnið fyrr eða síðar.




**2.199,-** Áður 2.999,-

„Við Agnes mælum hiklaust með Fíasól"
mbl G.S.B.




**2.499,-** Áður 3.499,-


8 af 10 imdb
2.499,- Áður 2.999,-
**Sólskinsdrengurinn**


2.499,- Áður 2.999,-
**Kóngavegur**



2.699,- Áður 2.999,-
**Steindinn okkar**


★★★★½ S.V. Mbl
2.499,- Áður 2.999,-
**Árásin á Goðafoss**


2.299,- Áður 2.999,-
**Veiðiperlur**


★★★★½ SME Mannlíf
999,- Áður 1.499,-
**Reykjavík Rotterdam**


7.4 af 10 imdb
2.499,- Áður 2.999,-
**Með allt á hreinu**



7.5 af 10 imdb
999,- Áður 2.999,-
**Sódóma**



7.4 af 10 imdb
1.799,- Áður 2.999,-
**Englar alheimsins**


★★★★★ JFM Morgunblaðinu
999,- Áður 1.499,-
**Brúðguminn**



6.9 af 10 imdb
1.799,- Áður 2.999,-
**Djöflaeyjan**



6.8 af 10 imdb
999,- Áður 1.499,-
**Rokk í Reykjavík**

**iPod** fjölskyldan
er mætt í Skífuna



Við eigum
alla titlana í
**plötutíðindum**

S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

# Lærum af reynslunni

Ísland og ESB

Ingólfur Sverrisson
forstöðumaður



Fyrir eitt hundrað árum voru flestar þjóðir Evrópu mjög uppteknar af því að blása upp taumlausa þjóðernishyggju innan sinna landamæra. Hún byggðist á því að viðkomandi þjóð væri sérstakari, klárari og merkilegri á alla lund en aðrar þjóðir á meginlandinu og þess vegna flest leyfilegt. Þetta kemur vel fram í þeirri merku bók „Veröld sem var“ eftir Stefan Zweig, sem lýsir því hvernig skólarnir voru nýttir til að innræta nemendum sínum dýrkun á öllu því sem þýskt var og um leið fyrirlitningu á nágrönnum sínum. Þetta voðalega fólk væru einlægt að troða illsakir við þá og því væri fátt göfugra en að lemja á þegnum þessara þjóða með vel heppnuðu stríði til að leysa þar með öll þessi leiðindi. Þannig væri vænlegast að ljúka deilum og yrðu þær þar með úr sögunni og allir gætu lifað í germennskum friði um eilífð. Þessu til áréttingar var efnt til tveggja styrjalda sem enduðu með brjálæðislegasta blóðbaði sögunnar og skildu eftir sig sýnu alvarlegri vandamál en þeim var ætlað að leysa. Eftir alla þessa villimennsku sáu Evrópubúar að þetta væri ekki vænleg leið. Því var sest á rökstóla og að lokum komu þjóðirnar sér saman um að endurskipuleggja Evrópu á þann veg að leysa deilur með viðræðum og leita samninga enda þótt þær gætu tekið nokkurn tíma. Það væri trúlega betri leið en slátrun á saklausu fólki sem hefði gefist illa og nyti ekki lengur stuðnings almennings. Upp úr þeim jarðvegi óx Evrópusambandið (ESB) sem getur nú sýnt fram á talsvert meiri árangur með því að starfa saman og ætla öðrum ekki sífellt allt hið versta.

### Íslenska reynslan

Þannig fjarlægðust Evrópumenn heimspeki Þorgeirs sáluga Hávarssonar sem kaus aldrei frið ef ófriður var í boði. Þá speki nam hann við móðurkné og fylgdi fast eftir með Þormóði fóstbróður sínum Kolbrúnarskáldi með því að höggva friðsama bændur og búalið í spað að fornum sið og stela síðan frá þeim öllu fémætu að hætti sannra víkinga. Varð af þessu mikill hetjuskapur að þeirra mati enda þótt aðrir sem byggðu landið kynnu þessu brölti illa og höfðu skömm á enda tekið upp nýjan sið. Þeir fóstbræður héldu samt áfram sínu frumstæða háttalagi og skildu sig þannig frá samlöndum sínum, sem höfðu lært að betra væri að ræða deilumál sín á milli og leysa þau frekar en að efna til ófriðar við hvert tækifæri.

Þetta viðhorf varð ofan á og friður ríkti í nokkur hundruð ár. Þess vegna stöndum við í þeirri trú að við Íslendingar séum friðsöm þjóð sem „lifir sæl við ást og óð“ eins og skáldið sagði og ætlum öðrum ekki allt það versta að óreyndu.

> Við getum líka refsað ESB-þjóðum með því að einangra okkur hér við ysta haf, gefið þeim langt nef og treyst á eigið ágæti…

### Úrelt viðhorf

Nú gerast hins vegar þau undur að hið virtasta fólk hér á landi telur engum vafa undirorpið að Evrópubúar vilji fá okkur í ESB til þess eins að svipta okkur auðlindunum, komast yfir allt sem fémætt getur talist og skilja okkur svo eftir í eymd og volæði. Þessu til sönnunar eru útfærðar hinar ótrúlegustu hvatir stjórnenda ESB gagnvart Íslandi og sagðar tröllasögur sem við nánari skoðun eiga sér enga stoð í raunveruleikanum.

Allur þessi málflutningur minnir á frásagnir kennara Stefans Zweig í bókinni, sem áður er nefnd, þegar hann þrumaði yfir nemendum sínum um yfirburði Þjóðverja og öll þau ósköp sem aðrar þjóðir vildu gera á hlut þeirra. Því væri fátt göfugra fyrir unga menn en að falla í stríði fyrir keisarann og fjölskyldu hans, eins og góði dátinn Svejk orðaði það.

Svipuð viðhorf virðast því miður vera enn landlæg hér á landi og ekki batnaði það eftir að kreppan skall á. Þá svall mönnum móður yfir því að við gátum ekki farið okkar fram í einu og öllu gagnvart Evrópubúum, sem ekki skildu yfirburði okkar og snilld á fjármálasviðinu þrátt fyrir ítarlegar útskýringar! Þar var innræti þessa Evrópufólks vel lýst og því hljótum við að vera tilbúnir að fara nýja för til Sviðinsstaða að hætti áðurnefndra fóstbræðra og láta finna fyrir okkur. Við getum líka refsað ESB-þjóðum með því að einangra okkur hér við ysta haf, gefið þeim langt nef og treyst á eigið ágæti í anda sjálfbærrar þróunar. Þá munu Evrópubúar komast að því fullkeyptu, leggja niður skottið og hætta öllum áformum um að ræna Ísland!

### Treystum tengslin

Nú finnst eflaust einhverjum að þessi frásögn sé nokkuð ýkt. Hún er líka sett fram til að skerpa línur í umræðunni í þeirri von að fleiri átti sig á því að við verðum að gæta okkar í samskiptum við aðrar þjóðir, ekki síst vinaþjóðir okkar, og ræða við þær með jákvæðu hugarfari. Auðvitað verðum við að halda vel á því sem skiptir okkur mestu og færa fram vönduð rök sem auka skilning á stöðu okkar og hagsmunum. Þá er til að mynda góð von til þess að unnt sé að ná hagstæðum samningum um aðild að ESB, sem nú er á dagskrá og síðar verða bornir undir þjóðina til lokaafgreiðslu.

Hin aðferðin – að vilja ekki einu sinni ræða við ESB um hugsanlega aðild – minnir óneitanlega á ástandið sem hleypti öllu í bál og brand í Evrópu á síðustu öld og fóstbræðurnir Þorgeir og Þormóður reyndu á sínum tíma að endurvekja hér á landi við lítinn fögnuð. Lærum heldur af reynslunni enda kennir hún okkur að betra er að eyða tíma í að tala við nágranna okkar, treysta sambandið og komast að sameiginlegri niðurstöðu frekar en að gera sífellt hróp að þeim og kjósa ófrið á sama tíma og friður er í boði.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

VINNINGASKRÁ

Vinningaskrá - hausthappdrætti 2010. Dregið 10. desember 2010

Volkswagen Golf, 1,4 TSI Trendline, 122 hö, 7 þr. DSG sjálfsk, frá HEKLU.
Verðmæti kr. 3.790.000
107177

Volkswagen Polo 1.2 MPI Trendline, 70 hestöfl, 6 gíra beinsk. frá HEKLU.
Verðmæti kr. 2.390.000
107796

Ferðavinningur að eigin vali fyrir 2 eða fleiri með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 921 | 33600 | 79609 | 113681 | 138426 |
| 14465 | 37530 | 88785 | 128507 | 142286 |
| 18240 | 43318 | 91650 | 131202 | 142558 |
| 28138 | 48831 | 93989 | 131995 | 143018 |
| 32461 | 73017 | 106709 | 136539 | 150944 |

Ferðavinningur að eigin vali fyrir 2 eða fleiri með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 250.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 797 | 11124 | 28308 | 41656 | 62046 | 81890 | 101557 | 110867 | 128199 | 141612 |
| 1602 | 12559 | 29701 | 43095 | 62139 | 81967 | 101841 | 112631 | 128600 | 143601 |
| 2411 | 14794 | 35796 | 43223 | 63165 | 83532 | 102885 | 114115 | 128946 | 146791 |
| 3620 | 15373 | 36331 | 44711 | 68981 | 86426 | 103266 | 114167 | 130545 | 150179 |
| 7764 | 15971 | 36354 | 45692 | 71615 | 87976 | 103815 | 115315 | 131382 | 152318 |
| 9588 | 19272 | 36716 | 51202 | 76513 | 89482 | 104568 | 117199 | 132571 | 152629 |
| 9950 | 20415 | 37410 | 51263 | 78750 | 95333 | 105610 | 117257 | 133437 | 154775 |
| 10053 | 22748 | 40007 | 54336 | 79578 | 95950 | 105621 | 117746 | 135709 | 155421 |
| 10308 | 26509 | 40879 | 56402 | 79807 | 98154 | 105748 | 117833 | 137503 | 155502 |
| 10343 | 27373 | 41079 | 57202 | 81786 | 100602 | 109391 | 122681 | 137677 | 155752 |

Gisting ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelanna. Hver að verðmæti kr. 60.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 239 | 9073 | 25801 | 44607 | 58781 | 75170 | 90030 | 111811 | 131167 | 143534 |
| 475 | 12851 | 28803 | 44662 | 59970 | 75181 | 91181 | 113534 | 131601 | 145292 |
| 2341 | 16716 | 30843 | 47935 | 60727 | 76081 | 92117 | 114698 | 133170 | 147397 |
| 3412 | 17168 | 35139 | 48891 | 64174 | 76340 | 92944 | 117323 | 133837 | 148685 |
| 3582 | 17994 | 36814 | 49092 | 66151 | 79298 | 102960 | 118319 | 134648 | 149486 |
| 3735 | 20682 | 36992 | 49117 | 67564 | 79322 | 103598 | 119364 | 135741 | 151069 |
| 5151 | 20900 | 40863 | 49923 | 68896 | 79632 | 105948 | 119553 | 136463 | 151122 |
| 5247 | 22236 | 42236 | 54130 | 70914 | 86002 | 107844 | 123545 | 136821 | 153060 |
| 6318 | 23270 | 43969 | 57840 | 73673 | 86995 | 108493 | 126493 | 137735 | 153540 |
| 8709 | 24198 | 44270 | 58718 | 74270 | 87857 | 110060 | 129266 | 141485 | 154728 |

Gjafakort í Kringluna. Hvert að verðmæti kr. 25.000

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5100 | 12527 | 29924 | 54883 | 67061 | 82846 | 103337 | 107166 | 121942 | 143807 |
| 5977 | 12580 | 30658 | 56681 | 68233 | 86716 | 105091 | 109333 | 122011 | 145749 |
| 7791 | 16356 | 36420 | 58696 | 71912 | 88276 | 105917 | 114527 | 122894 | 149233 |
| 8564 | 25775 | 40505 | 64395 | 77427 | 92035 | 106572 | 115557 | 124442 | 149896 |
| 12077 | 26101 | 43534 | 65284 | 81486 | 100255 | 107095 | 121531 | 125160 | 155062 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindraafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000*
*Birt án ábyrgðar*

# „Kjarninn er andi, skelin leir“

Tónlist

Jóhann Tómasson
læknir



Ég bauð móður minni á útgáfutónleika Gissurar Páls Gissurarsonar tenórs í Salnum fyrir nokkrum vikum. Það var stund, sem snart viðkvæmt hjartað. Mér varð eins og oft hugsað til bróður míns, sem farið hefur á mis við hina göfgu list, en hann missti heyrn tveggja ára gamall árið 1949. Kristján Jóhannsson söng með Gissuri lokalagið. Hann hreif áheyrendur sannarlega, þótt ljóst megi vera, að aldurinn er farinn að segja til sín. Fyrr mætti nú líka vera. Það urðu mér því sár vonbrigði að lesa dóm Jónasar Sen í Fréttablaðinu um söng Gissurar á fyrsta hljómdiski hans. Út yfir tók þó, þegar ég las dóm Jónasar Sen um æviverk Kristjáns Jóhannssonar. Hreint ofbeldisverk.

Ég hef fylgzt með Kristjáni í áratugi, enda nánast jafnaldra honum. Kristján, líkt og margir tilfinningamenn, hefur kynnzt því rækilega hvað það getur kostað. Hann hefur stórt og heitt hjarta. Hann hefur hrifið fjöldann og náð hátindum á eigin verðleikum.

Hann hefur ekki getað skýlt sér á bak við aðra eins og gervimenninn. Íslendingar hefðu gott af því núna að lesa kvæði Davíðs Stefánssonar. Þeir gætu t.d. byrjað á „Söng loddarans“. Lífið hefur kennt mér, að þeir sem geta gera, en þeir sem geta ekki predika, dæma og nota aðra.

> Út yfir tók þó, þegar ég las dóm Jónasar Sen um æviverk Kristjáns Jóhannssonar.

*Kvæðið „Flugmenn“ byrjar svona:*
*„Kynslóð fæðist kynslóð deyr.*
*Kjarninn er andi, skelin leir,*
*sem brestur af feigð og fúa.“*
*Fjórða erindið er þannig:*
*„Hirtu hvorki um lof né last*
*né lyginnar streymandi iðukast.*
*Vertu heill, - ekki hálfur.*
*Bliknaðu ekki þótt blási hvasst*
*og bregðist þér heilar álfur,*
*en knýðu vængina og flugið fast*
*og fljúgðu til himins sjálfur.“*

Söngur Kristjáns Jóhannssonar og ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi munu halda áfram að fljúga meðan ærlegar tilfinningar blakta í brjóstum Íslendinga.

AF NETINU

### Páll Ásgeir Ásgeirsson: Mitt Ungverjaland

Síðustu misseri hefur svo ítrekað komið í ljós að íslenskir vinstrimenn stjórna með samskonar skammsýni, frændhygli og poti og aðrir flokkar. Hvað eftir annað hafa þeir sem trúðu á þessa ríkisstjórn mátt gnísta tönnum til þess að bila ekki frekar en gömlu stalínistarnir í Ungó forðum.

Síðasta og stærsta áfallið er sá hörmulegi áfellisdómur sem kveðinn er upp yfir leiðtogum þessarar ríkisstjórnar með nýjum Icesave samningum. Nú blasir við að fúsk vorra bestu manna hafði næstum kostað þrælana á Volgubökkum hundrað og eitthvað milljarða. Allt sem tovarítsj Steingrímur og hans nótar sögðu um nauðsyn þess að bæta þeim böggum á þrautpískaðar og öróttar hrygglengjur okkar reyndist áróður og lýgi. Það var Ólafur Ragnar Grímsson grís og kampavínshreyfingin kennd við Indefence sem björguðu oss frá gúlaginu. Þetta er beiskur kaleikur en á honum verður að bergja og viðurkenna það sem rétt er. Ég fæddist árið sem uppreisnin var gerð í Ungverjalandi. Ég hef kosið vinstri flokka í öllum kosningum sem ég hef haft rétt til að taka þátt í og stutt þeirra málstað og þeirra hugmyndir. Þetta er mitt Ungverjaland og hér lýkur minni samfylgd og mínum stuðningi.

blog.eyjan.is/pallasgeir/ Páll Ásgeir Ásgeirsson


Hjá okkur finnast gjafirnar
Saeco kaffivélar
– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil
Saeco Nina Plus
• 1050w ESPRESSO KAFFIVÉL
• Þrýstingur: 15 bör
• Til heimilisnotkunar
VERÐ 29.990
Saeco XsmallPlus
• Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL
• Ketill úr ryðfríu stáli
• Kvörn úr keramík
• Panarello flóunarstútur
• Baunahólf: 170 gr
• Vatnstankur: 1 lítrar
• Korgskúffa: 8 bollar
• Þrýstingur: 15 bör
• Til heimilisnotkunar
VERÐ 64.990
Saeco Black Giro Plus
• Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
• Ketill úr ryðfríu stáli
• Kvörn úr keramík
• Panarello flóunarstútur
• Baunahólf: 180 gr
• Vatnstankur: 1,5 lítrar
• Korgskúffa: 15 bollar
• Þrýstingur: 15 bör
• Á snúningsfæti
• Til heimilisnotkunar
VERÐ 99.990
Saeco SyntiaBlack
• Sjálfvirk 1400w KAFFIVÉL
• Ketill úr ryðfríu stáli
• Panarello flóunarstútur
• Kvörn úr keramík
• Tekur malað kaffi
• SBS kerfi
• Stál bollahaldari
• Baunahólf: 250g
• Vatnstankur: 1,2 lítrar
• Korgskúffa: 8 bollar
• Þrýstingur: 15 bör
• Til heimilisnotkunar
VERÐ 129.990
Saeco Exprelia
• Sjálfvirk 1500w KAFFIVÉL - stál
• Digital skjár
• 2 katlar úr ryðfríu stáli
• Kvörn úr keramík
• Tekur einnig malað kaffi
• Cappucino / Latte beint í bolla
• Panarello flóunarstútur
• Stál bollahaldari
• Baunahólf: 3000g
• Vatnstankur: 1,6 lítrar
• Korgskúffa: 11 bollar
• Þrýstingur: 15 bör
• Sjálfhreinsikerfi
VERÐ 224.990
aida daily design
Vandaður og stílhreinn borðbúnaður
– góð vara á frábæru verði
Silit
Hágæða eldhúsáhöld í miklu úrvali
KitchenAid
Aðeins það besta í eldhúsið
Margir litir fáanlegir!
JÓLATILBOÐ
Öllum KitchenAid hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Málefni fatlaðra – ábyrgð á þjónustu til sveitarfélaga

Fatlaðir

Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
verkefnisstjóri



> Sveitarfélög eru að nálgast þetta nýja verkefni af metnaði og er undirbúningur á fullu.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingar á lögum um málefni fatlaðra. Lagaramminn kveður á um að ábyrgð á málaflokknum færist yfir til sveitarfélaga 1. janúar nk. Unnið hefur verið að þessari stefnumótun allt frá ársbyrjun 2007 og var lokaskref þess undirbúnings, stigið þann 23. nóvember sl. með undirritun heildarsamkomulags ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu ábyrgðar á þjónustunni.

Meginmarkmið yfirfærslunnar er að eitt stjórnsýslustig beri ábyrgð á almennri og sértækri félagsþjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni, í öðrum orðum samþætta þjónustu innan laga um málefni fatlaðra m.a. félags-, skóla- og frístundaþjónustu sveitarfélaga. Meginforsenda þess að hægt sé að ástunda þessa hugmyndafræði er að þjónusta við fatlaða sé á ábyrgð sveitarfélaga.

Eðlilega setja notendur þjónustu, aðstandendur, hagsmunasamtök, starfsmenn, sveitarstjórnarfólk, alþingismenn og þeir sem láta sig þessa sértæku og mikilvægu þjónustu varða, spurningar fram og velta fyrir sér hvort verið sé að gera rétt og hvað breytingarnar hafa í för með sér. Allar spurningar og vangaveltur eru til góðs, en ekki má láta efasemdir sem eðlilegar eru þegar verið er að taka svo stórar stjórnvaldsákvarðanir sem þessar, birtast í formi neikvæðrar umræðu. Umræðan á að beinast að því að hverju hefur verið stefnt, og þeirri reynslu sem áunnist hefur hjá sveitarfélögum til margra ára.

Þetta segi ég vegna þess að hér á landi hefur byggst upp áralöng reynsla og þekking á að hafa ábyrgð á málefnum fatlaðra hjá sveitarfélögum og sporin hræða ekki. Akureyrarbær, Norðurþing, Sveitarfélagið Hornafjörður, Vestmannaeyjabær, og sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, hafa síðustu 11-15 ár verið með ábyrgð á málefnum fatlaðra með þjónustusamningum við ríkið og unnið út frá hugmyndafræði um heildstæða og samþætta nærþjónustu í heimabyggð.

Leiðarljós við uppbyggingu þjónustu við börn og fullorðna innan þessara sveitarfélaga hefur verið að koma á sveigjanlegu og skilvirku skipulagi og persónulegri þjónustu innan félags-, skóla- og frístundaþjónustu. Almennt má segja að reynslan hafi verið góð og ekki hefur verið rætt um að fara til fyrra horfs og setja á stofn svæðisskrifstofur sem lagðar voru niður þegar sveitarfélögin tóku við þjónustunni.

Sveitarfélög eru að nálgast þetta nýja verkefni af metnaði og er undirbúningur á fullu en ljóst er að 1. janúar verður ekki lokaskrefið stigið, heldur er þá fyrsti dagur í langri vegferð til breytinga sem án efa mun hafa góð og skilvirk áhrif á alla nærþjónustu sveitarfélaga til langs tíma litið. Í hnotskurn getum við sagt að nú eigi sér stað þjónustubylting á Íslandi.

Ég fagna samkomulagi um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga og hvet Alþingi til að veita málinu skjóta og jákvæða afgreiðslu. Markmið frumvarpsins eru skýr og tel ég hér vera gæfuspor fyrir notendur og veitendur þjónustunnar og mikilvæg tímamót í þjónustuumhverfi sveitarfélaga þar sem markmiðið er að þjónustan sé skilvirk og á ábyrgð fárra aðila, sérfræðiþekking fjölþætt og áhersla lögð á þverfagleg vinnubrögð.

Í því efnahagsumhverfi sem við Íslendingar búum við um þessar mundir er kallað til þess að fundnar verði leiðir til að nýta fjármagn enn betur og ná fram hagræðingu með samvinnu til að viðhalda núverandi þjónustustigi. Án efa munu sveitarfélög horfa til þess við undirbúning yfirfærslu málefna fatlaðra.

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir.is hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## AF NETINU

### Fengu aldrei krónu

Fyrrum starfsfólk Kaupþings sem nú semur um greiðslur á skuldum sem það stofnaði til vegna hlutabréfakaupa í bankanum hefur þá sérstöðu að fólkið fékk aldrei neina peninga. Það skrifaði undir skuldina, eignaðist hlutabréf sem nú eru verðlaus og eftir situr skuldin.

Fólkið hélt að þetta væri lykill að ríkidæmi, sem ekki varð. Ég sé ekki að við hin höfum það betur ef þetta fólk missir heimili sín.

Miðjan Sigurjón M. Egilsson









Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is
LUMEX Síðan 1985



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF



**Vinir Sólheima** verða með markað í Iðu við Lækjargötu alla daga fram á jól. Þar verða til sölu munir og matvara sem íbúar Sólheima hafa meðal annars búið til. Þá mun Sólheimakórinn troða upp með nokkur lög. Markaðurinn verður opinn frá klukkan 13 til 18.







12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



friendtex

ÚTSALA

ALLT AÐ 40 %

JÓLAGJÖFINA FÆRÐU HJÁ OKKUR

Opnunartími:
mánud. - föstud. kl.11.00 - 1800. - laugard. 11.00 - 16.00
sunnud. 12.00 - 16.00

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is





Mjúkur jólapakki

Gallabuxur með stretc
3 síddir, str. 36-56

Munið gjafakortin

Heimasíða: www.rita.is

Ríta

Bæjarlind 6, Eddufelli 2,
S. 554 7030 S. 557 1730


**Kári Svan Rafnsson fer sínar eigin leiðir á einhjóli:**



# Er eiginlega varadekk

Einhjól eru ekki algeng sjón í umferðinni, en glöggir vegfarendur hafa þó tekið eftir ungum manni á slíku farartæki í miðbænum undanfarna mánuði. Hann heitir Kári Svan Rafnsson, er húsprestur í Höfða og segist ekki muna hvernig áhugi hans á einhjólinu hafi vaknað. „Ég sá þetta hjól í Skeifunni fyrir sirka fjórum árum og hreifst svo af því að ég keypti það enda var það frekar ódýrt, kostaði ekki nema tólf þúsund krónur,“ segir Kári. „Þessi hjól fást hérna í hjólabúðum en það eru oft frekar lélegar útgáfur. Ég er búinn að láta uppfæra mitt hjól þannig að ég er í góðum málum með það.“

Kári viðurkennir að einhjólin séu ekki hentug í vetrarfærð, en segir þau mjög góðan kost á sumrin. „Mitt hjól er svokallað borgareinhjól, en það eru til ótal gerðir af þessum hjólum; listaeinhjól eins og þú sérð í sirkusum og danssýningum, fjallaeinhjól og ég veit ekki hvað.“

En er ekkert erfitt að komast leiðar sinnar á einhjólinu? „Þetta er auðveldara en að ganga og maður fer hraðar yfir, er svona á skokkhraða. Það er erfitt í fyrstu að halda jafnvæginu, en það kemur fljótt. En ég verð nú samt að viðurkenna að þetta er eiginlega svona varadekk; ég nota einhjólið aðallega þegar tvíhjólið klikkar.“

Enginn formlegur félagsskapur einhjólaeigenda er til á landinu, en Kári segist þó hafa eignast vini út á það eitt að eiga slíkt hjól. „Ég var einu sinni á einhjólinu úti á götu, á gangstéttinni auðvitað, og á gangstéttinni hinu megin var annar náungi á einhjóli. Við hrópuðum báðir: HEY!, snarstoppuðum og heilsuðumst og erum nú orðnir ágætis félagar.“

*fridrikab@frettabladid.is*

„Þetta er auðveldara en að ganga og maður fer hraðar yfir,“ segir Kári Svan Rafnsson um kosti einhjólsins sem fararskjóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

**Jólatónleikar** Sinfóníuhljómsveitar Íslands njóta ávallt mikilla vinsælda. Uppselt er á tvenna tónleika 18. desember og því hefur tónleikum verið bætt við á föstudag klukkan 17. Nánari upplýsingar á heimasíðu Sinfóníuhljómsveitarinnar, www.sinfonia.is.





Jón og Sigurður á verkstæðinu en þeir smíða ýmiss konar skreytingar og leiðiskrossa með díóðulýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tveir af gamla skólanum

**Sigurður Vilhjálmsson og Jón Guðbjörnsson hafa smíðað ljósakrossa á leiði í nokkur ár og segja ljósin á leiðum ástvina skipta fólk máli. Þeir vilji vanda til verka enda séu þeir tveir karlar af „gamla skólanum“.**

„Í mínum huga er lýsing á leiðum ástvina fólki mikið hjartans mál. Það þarf að sýna því virðingu og vanda til verka,“ segir Sigurður Vilhjálmsson en hann rekur JS ljósasmiðjuna ehf., vélaverkstæði og sláttuvélaþjónustu, ásamt félaga sínum Jóni Guðbjörnssyni. Sigurður og Jón hafa meðal annars séð um lýsingu leiða í Kópavogskirkjugarði síðastliðin þrjú ár.

„Við kveikjum alltaf á ljósakrossunum hinn fyrsta í aðventu og látum loga út allan janúar, meðan í mörgum görðum er gjarnan bara kveikt viku fyrir jól og slökkt strax eftir þrettándann. Ég þori alveg að fullyrða það að þetta er fallegasti kirkjugarðurinn á Íslandi þegar kemur að leiðalýsingu,“ segir Sigurður.

Þeir félagar hófu smíði ljósakrossa á leiði fyrir nokkrum árum en þá vantaði verkefni á haustin. Þeir leigðu báðir lýsingu á leiði ástvina sinna í kirkjugörðum borgarinnar og það kom fyrir að þeir komu að ljósinu slökktu. Þeir tóku því til eigin ráða.

„Það gat verið allur gangur á því hvernig um þetta var hugsað. Við Jón höfðum heyrt af díóðu sem notar aðeins einn tíunda af rafmagni á við venjulega peru og ætluðum til að byrja með að smíða þetta bara fyrir sjálfa okkur. Það vatt upp á sig og nú höfum við framleitt leiðiskrossa með díóðu í nokkur ár.“

Framleiðsla ljósakrossanna hjá Sigurði og Jóni hefst strax í septemberbyrjun og stendur til jóla. Hægt er að fá krossana drifna með rafgeymi þar sem ekki er aðgangur að rafmagni í kirkjugörðum og ýmist 24 eða 32 volta. Sigurður og Jón sjá um að koma krossinum fyrir og halda alfarið utan um lýsinguna. Þeir framleiða einnig ýmis konar skreytingar til dæmis fyrir bæjarfélög úti á landi.

„Díóðan hefur gefið sérstaklega góða raun. Endingartíminn er góður og bilanatíðni lág. Við bjóðum til dæmis þriggja ára ábyrgð á okkar smíði og stöndum við það. Við erum tveir karlar af „gamla skólanum“ og viljum vanda til verka.“ *heida@frettabladid.is*












Ljúfir tónar munu leika um Lágafellskirkju í kvöld.

## Jóladjass í Lágafellskirkju

**Mosfellska hljómsveitin Impró heldur jólatónleika í Lágafellskirkju í kvöld.**

Tónleikar hljómsveitarinnar Impró hefjast klukkan 20 í kvöld í Lágafellskirkju og mun hljómsveitin spila jólalög í djössuðum útsetningum.

Hljómsveitin er skipuð nemendum úr Listaskóla Mosfellsbæjar, þeim Ásbjörgu Jónsdóttur, Davíð Snæ Sveinssyni, Arnóri Sigurðarsyni og Þorsteini Gunnari Friðrikssyni. Gestaleikari með þeim á tónleikunum verður Tobias Erich Helmer á saxófón en hann er kennari við Listaskóla Mosfellsbæjar.

Aðgangseyrir er 1.000 krónur. *- rat*





## Minerva Laugarvegi 40 s. 555 1144
www.minervashop.is



**Bolur**
**5.490 kr**
12 litir

## Misty Laugavegi 178 - Sími: 551 3366



**teg. BETTY SUE** push up í A,B,C,D
skálum á **kr. 7.680,-**
buxur í stíl á **kr. 2.990,-**



**teg. CESARIA** push up í A,B,C,D
skálum á kr. **7.680,-**
buxur í stíl á **kr. 2.990,-**



teg. **MAXIM** push up í A,B,C,D
skálum á **kr. 7.680,-**
buxur í stíl á **kr. 2.990,--**

## Laura Ashley Faxafeni 14



**Pils**
Verð **15.500 kr**

**Skyrta**
**Verð 13.900 kr**



**Svört kápa**
**Verð 39.000 kr**

## Share Kringluni 8



**Kjóll**
St. 36-44
**Verð 19.990 kr**
**bolur 5.990 kr**



**Kjóll**
St. 36-44
**Verð 16.990 kr**



**Kjóll**
St. 36-44
**Verð 19.990 kr**

## Skarthúsið Laugavegi 44 Sími 562 2466





**Mjúkir og hlýir hringtreflar**
**Verð frá 2.990 kr**

## Kjólabúðin www.kjolar.is





Kjóll 24.900 kr

## Kaupfélagið Kringluni/Smáralind



St. 36-41
Litur svart /
brúnt
**Verð 18.995 kr**

## Skór.is Kringluni/Smáralind



St. 36-41
Litur svart /
brúnt
**Verð 25.995 kr**

## Steinar Waage Kringluni/Smáralind



St. 36 -41 kr
Litur svart
**Verð 16.995 kr**
Íslensk hönnun
Marta Jonsson



**Lengst** inni í afskekktum dal í fjöllum Papúa Nýju-Gíneu býr Kvermin-fólkið, sem fyrst komst í kynni við Vesturlandabúa á sjöunda áratug 20. aldar. Sveinn Eggertsson mannfræðingur lýsir kynnum sínum af þessu fólki í bókinni Skálduð skinn sem kom út á dögunum.






Ef norðurljósin láta ekki sjá sig reynir á Björn sem leiðsögumann. „Það er margt annað sem hægt er að sjá og segja sögur af í íslensku vetrarnóttinni en bara norðurljós," segir Björn Hróarsson, jarðfræðingur og leiðsögumaður hjá Extreme Iceland.




# Hundruð í leit að norðurljósunum hvert kvöld

**Þegar heiðskírt er áætlar Björn Hróarsson jarðfræðingur að 200-300 erlendir ferðamenn leggi út í nóttina í leit að norðurljósum. Hátt í tuttugu fyrirtæki bjóða upp á ferðir þar sem ljósin eru elt uppi.**

Veturinn í ár hefur verið einkar hagstæður til norðurljósadýrkunar. Veðurskilyrði hafa verið hagstæð og vel hefur gengið að ferja ferðamenn út fyrir borgarmörkin á köldum heiðskírum kvöldum. Boðið hefur verið upp á skipulagðar norðurljósaferðir frá Reykjavík í nær tíu ár og segir Björn Hróarsson, jarðfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Extreme Iceland, að stöðugt fjölgi ferðalöngum.

„Ég, og allir þeir sem í þessu standa, erum að fara út í nánast hvert einasta skipti sem von er á heiðríkju og það eru áberandi fleiri gestir í ár en síðasta vetur," segir Björn. „Norðurljósin eru orðin ferðamannaiðnaðinum mjög mikilvæg."



Norðurljósin er hægt að sjá allt frá septemberlokum fram á vormánuði. Ef heiðskírt er og dimmt eru meiri líkur en minni á að þau láti sjá sig að einhverju leyti.

Björn segir að á bilinu 10-20 fyrirtæki bjóði upp á norðurljósaferðir frá höfuðborgarsvæðinu og á góðu kvöldi ferji þau hátt í 300 manns út fyrir borgina. Flestir fara rétt nógu langt til að sleppa frá ljósmengun borgarinnar, á meðan aðrir kjósi nokkurra daga ferðir og flétti þá norðurljósin inn í þær.

„Sumir vilja komast á myrkan stað þar sem er heiður himinn og nota í það þrjár til fimm klukkustundir. Þetta eru vinsælustu ferðirnar. Síðan er mjög algengt að fólk kaupi tveggja daga ferðir með gistingu í eina nótt. Þá er jafnvel keyrt norður í Hrútafjörð eða þangað sem spáin er góð fyrir norðurljós. Síðan er til í dæminu að fólk sé að fara í háfjallaferðir og við förum til dæmis töluvert oft til Hveravalla."

Ekki er öruggt að norðurljósin láti sjá sig þó að heiðskírt sé en ferðamennirnir taka því flestir með jafnaðargeði ef engin eru ljósin. Björn segir flesta gera sér grein fyrir því að norðurljósin eru hverful náttúrufyrirbrigði sem ekki sé hægt að treysta á. Þó er eitthvað um ferðamenn sem koma gagngert til landsins til að sjá norðurljósin en hafa ekki unnið heimavinnuna nógu vel. „Maður hefur heyrt sögur af því að hingað komi fólk sem ætlar að gista eina nótt á landinu og sjá norðurljósin, sama hvað það kostar. Svo er bara hríðarbylur."

*tryggvi@frettabladid.is*











**Klæðnaður leik- og söngkonunnar Cher** vakti athygli viðstaddra þegar hún mætti á frumsýningu kvikmyndarinnar Burlesque í Empire-kvikmyndahúsinu í London í byrjun vikunnar. Hann þótti þó hæfa vel tilefninu þar sem kvikmyndin fjallar öðrum þræði um burlesque-dans.



Hvort sem það eru skórnir, varaliturinn eða kjóllinn er sá bleiki flottur.

# Bleikur er litur ÁRSINS 2011

**Samkvæmt helstu mógúlum tískuiðnaðarins verður bleikur litur litanna árið 2011 og tekur við tískulit ársins 2010, túrkís.**

Litavalið er vandlega ákveðið eftir kúnstarinnar reglum af fyrirtækinu Pantone Color Institue, sem ákveður helstu tískustrauma í litavali. Samanborið við túrkíslit ársins 2010 er sá bleiki líflegri og frískari og á samkvæmt fyrrnefndum mógúlum að stemma stigu gegn þeim andlegu afleiðingum efnahagsþrenginga sem hafa haft áhrif á tískudrósir og aðra um heim allan. Liturinn á að færa von og jafnvel vekja upp kærkomnar minningar sem vikið hafa fyrir áhyggjum og bölsýni. Liturinn er áberandi og sterkur en hentar hins vegar flestum húðgerðum sem og öllum aldri að mati Pantone Color Institute.

Liturinn passar illa við svartan og ættu konur að velja ljósa liti og hvítan, sem eykur jú enn á léttleikann og áhyggjuleysið sem allir ættu að hafa gott af í hæfilegum skömmtum. *jonina@frettabladid.is*



Bleiki liturinn gefur frísklegan svip.



Bleikt blómamynstur minnir á áhyggjulaust sumar.



Ekki er annað hægt en að taka vel eftir bleika litnum.







# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918.

Stúdíóíbúð til leigu frá 1. jan. Uppl. í síma 866 7511.

Til leigu rúmgóð 70 fm 2 herb. íb. á jarðhæð í seljahverfi uppl: 8637792

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3h íbúð á rvksvæ. eftir áramót eða fyrr. Reykleysi og skilvísar greiðslur. S: 8493148

## Atvinnuhúsnæði

Viltu vinna sjálfstætt? Erum með laust herbergi fyrir nuddara, snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing. Erum á besta stað í 105 Reykjavík. Frábært verð og flottur staður! Áhugasamir hafi samband í síma: 696-5685.

## Geymsluhúsnæði



**!! Geymslusvæði !!**
Geymslusvæði til leigu, 250 kr ferm. Upplýst og vaktað. Upplýsingar 694-3899

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík,fellih,tjaldv,bílar ofl. ATH!gott verð!! Ekki seinna vænna en koma verðmætum í skjól!! Ennþá nokkur pláss laus. 770-5144 og 857-3609

## Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vanur beitningarmaður óskast við beitningu í Þorlákshöfn. S. 893 1193 & 773 3933.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Allt milli himins og jarðar

**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**

★ Sækjum ef óskað er

símar: 561 1000
661 6996

**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.

## Einkamál



Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt vídeóspjall.

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Atvinna

**Íslyft ehf** — **Steinbock Þjónustan EHF**
Vesturvör - 200 Kópavogur - 564 1600

Óskum eftir traustum og góðum viðgerðarmönnum til starfa við lyftaraviðgerðir. Framtíðarstarf

Vinsamlegast sendið umsóknir á gisli@islyft.is

*Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfturum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl 13 ár.*

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Suður-Selás og Norðlingaholt, nýtt deiliskipulag

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir svæði sem liggur á milli Suður-Seláss og Norðlingaholts. Í tillögunni felst að gerð er mislæg göngutenging yfir Breiðholtsbraut milli suður Seláss og Norðlingaholts.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suður-Selás, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður-Selás. Í breytingunni felst breytt afmörkun gildandi deiliskipulags, til austurs, vegna deiliskipulags mislægrar göngutengingar yfir Breiðholtsbraut að Norðlingaholti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Norðlingaholt, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt. Í breytingunni felst breytt afmörkun gildandi deiliskipulags, til vesturs, vegna deiliskipulags mislægrar göngutengingar yfir Breiðholtsbraut að suðurhluta Seláshverfis.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Selásbraut 109, breyting á deiliskipulagi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður-Seláss vegna lóðar Selásskóla að Selásbraut 109. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir boltagerði á norð-austurhluta lóðar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 15. desember 2010 til og með 28. janúar 2011**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 28. janúar 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 15. desember 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Tilkynningar

# Happdrætti Sjálfsbjargar

**- Vinningaskrá.**
Útdráttur 3. des 2010

**Bifreið að eigin vali frá Bernhard.ehf. kr. 3.500.000,-**
8408

**Ferðavinningur með Úrval-Útsýn kr. 180.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5871 | 8231 | 12121 | 17563 | 20049 | 21977 | 25213 | 32499 | 39703 | 42181 |
| 44048 | 44151 | 46735 | 50937 | 52707 | | | | | |

**Vöruúttekt frá Kringlunni eða Smáralind kr. 120.000,-**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4126 | 12799 | 35531 | 49236 |
| 8243 | 26634 | 41273 | 51427 |
| 10544 | 27806 | 45627 | 52104 |
| 11098 | 28408 | 48900 | 53403 |

**Vöruúttekt frá Kringlunni eða Smáralind kr. 60.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 263 | 5771 | 9520 | 15608 | 20969 | 26376 | 33294 | 40306 | 45267 | 50505 |
| 436 | 5875 | 10312 | 15663 | 21233 | 26396 | 33435 | 40612 | 45698 | 51216 |
| 1053 | 5998 | 10673 | 15986 | 21381 | 26478 | 33593 | 40699 | 46003 | 51617 |
| 1079 | 6879 | 10854 | 16128 | 21585 | 26887 | 35322 | 41556 | 46646 | 52283 |
| 1412 | 6918 | 10882 | 16363 | 22088 | 27755 | 35950 | 41724 | 46656 | 52403 |
| 1511 | 6929 | 11952 | 16459 | 23225 | 27825 | 36114 | 41791 | 47046 | 52412 |
| 2398 | 7193 | 12162 | 16634 | 23526 | 28517 | 36214 | 42006 | 47269 | 52710 |
| 2630 | 7432 | 12387 | 16636 | 23540 | 28705 | 36841 | 42417 | 47287 | 53026 |
| 3053 | 7701 | 12628 | 16927 | 23677 | 28771 | 36975 | 42830 | 47324 | 54076 |
| 3277 | 8118 | 12651 | 17278 | 23732 | 29024 | 37630 | 42863 | 47451 | 54212 |
| 3393 | 8168 | 13325 | 17962 | 24193 | 29454 | 37812 | 42920 | 48521 | |
| 4351 | 8447 | 13452 | 18803 | 24325 | 29478 | 37965 | 42994 | 48680 | |
| 4589 | 8566 | 13664 | 18958 | 24458 | 29493 | 38186 | 43707 | 49605 | |
| 4664 | 8738 | 13800 | 19122 | 24463 | 30791 | 38350 | 43893 | 50039 | |
| 5218 | 9006 | 14018 | 20123 | 24632 | 30959 | 38391 | 44394 | 50193 | |
| 5237 | 9013 | 14274 | 20196 | 24914 | 32228 | 38617 | 45131 | 50289 | |
| 5363 | 9464 | 14672 | 20353 | 25429 | 32538 | 39285 | 45150 | 50339 | |
| 5643 | 9477 | 15182 | 20786 | 25467 | 32691 | 39737 | 45183 | 50352 | |




***Þökkum veittan stuðning***
Sjálfsbjörg lsf.
Hátún 12, 105, Reykjavík, s. 550-0360

Birt án ábyrgðar

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

# tímamót

timamot@frettabladid.is

KATLA MARGRÉT ÞORGEIRSDÓTTIR: ER FERTUG Í DAG

## Sífellt auðveldara að vera til

Leikkonan Katla Margrét Þorgeirsdóttir er fertug í dag og er hæstánægð með áfangann. „Mér finnst auðveldara að vera til með hverjum deginum sem líður. Ég tek hverjum degi fagnandi og spái því að ég verði komin í fullkomið jafnvægi um fimmtugt."

Mágkona Kötlu Margrétar ætlar að bjóða henni út að borða í hádeginu í dag og kvöldinu ætlar hún að verja í faðmi eiginmanns og tveggja sona. „Síðan stefni ég að því að halda lítið samkvæmi fyrir nánustu ættingja og vini á laugardag svo það er verið að dedúa við mann."

Beðin um að líta um öxl segist Katla Margrét oftast hafa fengist við verkefni sem henni hafi þótt skemmtileg. „Í þessu árferði tekur maður hins vegar öllu sem býðst." Sjónvarpsþáttaröðin Stelpurnar stendur enn sem komið er upp úr að mati Kötlu Margrétar. „Vinnan við að skrifa og leika í henni er með því skemmtilegasta sem ég hef gert."

Katla Margrét er svo með ýmis járn í eldinum fyrir næsta ár. „Ég er að fara að leika í einleiknum Ótuktin eftir Valgeir Skagfjörð en hann fjallar um Önnu Pálínu Árnadóttur sem lést úr krabbameini langt fyrir aldur fram og baráttu hennar í kringum veikindin. Önnur verkefni eru svo enn á umræðustigi."

vera@frettabladid.is



**ÁNÆGÐ MEÐ FLEST** Stelpurnar standa upp úr á ferlinum að mati Kötlu Margrétar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Emils Sigurðssonar**

vélstjóra, frá Hafnarnesi í Fáskrúðsfirði.

Gunnhildur B. Emilsdóttir
Olga Fenger
Emil Fenger — Ásgerður Egilsdóttir
Ásdís Lilja Emilsdóttir — Kristján Ingi Einarsson
Rósa Hrund Kristjánsdóttir — Haraldur B. Ingvarsson
Hildur Helga Kristjánsdóttir — Egill Sigurjónsson
Lilja Kristjánsdóttir
og langafabörn

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Inger M. Þormóðsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 6. desember síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 16. desember kl. 13.00.

Hörður Þormóðsson
Steindór Harðarson
Björn Stefán Harðarson
Nanna Elísabet Harðardóttir — Guðmundur B. Ólafsson
Margrét Nana, Birkir Smári, Hörður Egill

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Geir Hlíðberg Guðmundsson**

læknir, Löngumýri 2, Garðabæ,

lést mánudaginn 6. desember á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 17. desember kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Kiwanisklúbbsins Heklu (Á.H.E) S: 568-7650 / 892-8333 eða aðrar líknarstofnanir.

Margrét Guðmundsdóttir
Guðmundur Freyr Geirsson — Pálína Kristín Jóhannsdóttir
Gunnar Þór Geirsson
Steinunn Ósk Geirsdóttir — Friðrik Óskar Friðriksson
Guðný Jónasdóttir
Gísli Hlíðberg Guðmundsson — Sara Vilbergsdóttir
Sigurdís Guðmundsdóttir — Eyjólfur Ólafsson
Sindri Geir, Eydís Lilja, Jóhann Margeir, Iðunn Lilja og Friðrik Skorri.

---



†

*Yndisleg dóttir mín, systir okkar, mágkona og frænka,*

**Sigrún Skírnisdóttir (Sísa)**

Múlasíðu 5e, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 11. desember. Útför hennar fer fram frá Laufáskirkju laugardaginn 18. desember kl. 14.00.

Hjördís Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn Ingi Skírnisson — Kristín Tryggvadóttir
Jón Bragi Skírnisson — Sigurbjörg Helga Pétursdóttir
Jóhann Skírnisson — Freydís Ágústa Halldórsdóttir
Bessi Skírnisson — Eiríksína Þorsteinsdóttir
Hannes Trausti Skírnisson — Katrín Eymundsdóttir
Skafti Skírnisson — Kristbjörg Lilja Jóhannesdóttir
Sigurlaug Skírnisdóttir — Víðir Ársælsson
Guðrún Elfa Skírnisdóttir — Kjartan Guðmundsson
Hjördís Sunna Skírnisdóttir — Magnús Þór Helgason
og fjölskyldur þeirra

---



†

*Okkar ástkæri,*

**Birgir Jónasson**

frá Læk, Skógarströnd, Vallargötu 21 Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 9. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 17. desember kl. 13.00.

Sólveig G. Sigfúsdóttir
Rafnar Birgisson — Guðrún G. Guðbjartsdóttir
Ingibjörg Birgisdóttir — Engilbert Valgarðsson
Valdimar Birgisson — Kristín Gyða Njálsdóttir
Sólveig Kanthi, Bryndís, Birgir, Arna og langafabörn.

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Erika Björnsson Koeppen**

Þinghólsbraut 56, Kópavogi,

lést 12. desember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 17. desember 2010, kl. 13.00.

Erwin Pétur Koeppen
Dagmar Koeppen — Brynjar Bjarnason
Erwin
Ingimar
Angela
og barnabarnabörn.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Magnús Örn Ragnarsson**

endurskoðandi,

lést í Odense í Danmörku 2. desember síðastliðinn og var jarðsunginn í Fraugde kirke 11. desember. Minningarathöfn verður haldin í Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 15. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Pía Kousgaard
Selma K. Magnúsdóttir
Alex K. Magnússon
Ragnar Svafarsson — Stella Magnúsdóttir
Svafar Ragnarsson — Svava M. Ásgeirsdóttir
Gunnar M. Ragnarsson — Hrafnhildur H. K. Friðriksdóttir
Stefán Ragnarsson — Árný L. Karvelsdóttir
Hans Kousgaard — Magda Kousgaard

---



†

*Ástkær systir okkar og mágkona,*

**Andrea Kristín Hannesdóttir**

Ásvallagötu 65, Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 3. desember 2010, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag, miðvikudaginn 15. desember, kl. 13.00.

Sesselja Hannesdóttir
Ólafur Hannesson — Þorbjörg Valgeirsdóttir
Jóhann Hannesson — Margrét Sigfúsdóttir
Sigurður Hannesson
Guðrún Árnadóttir
Margrét Hallgrímsdóttir

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur Björnsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 10. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

Jóna Þorsteinsdóttir
Guðný Baldursdóttir — Jón Þorsteinsson
Kristbjörg Baldursdóttir — Guðmundur Ásgeirsson
Guðmundur Baldursson — Rut Magnúsdóttir
Björn Þór Baldursson — Guðrún Sigurpálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Matthías Björnsson**

loftskeytamaður og kennari Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

sem lést miðvikudaginn 8. desember, verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju föstudaginn 17. desember kl. 13.00.

Fjóla Guðjónsdóttir
Steingrímur Matthíasson
Karl V. Matthíasson
Oddný Soffía Matthíasdóttir
Einar Pálmi Matthíasson
Inga Nína Matthíasdóttir
Stefán Heimir Matthíasson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

LAMBAKJOT.IS

# Lambahryggur
## - FYLLTUR Í SMJÖRDEIGI





Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambaryggur á beini • 2 pakkar smjördeig • 3 box sveppir • 10 döðlur • 50 g beikon • 2 dl rjómi • 1 búnt steinselja • 2 egg

Úrbeinið hrygginn, nýtið allt kjötið, fitu og sinuhreinsið. Skerið sveppi, döðlur og beikon smátt og steikið létt á pönnu. Hellið rjóma yfir og sjóðið niður. Brúnið kjötið á pönnu í smjöri. Þerrið á stykki. Gætið þess að fletja ekki út smjördeigsplöturnar, leggið þær hlið við hlið og þrýstið börmunum saman með fingrunum. Leggið hryggfylluna (fille) hlið við hlið ofaná helminginn af smjördeiginu og lundina á milli. Smyrjið sveppablöndunni yfir allt kjötið. Penslið deigið með eggi og leggið hinn helminginn af smjördeiginu yfir. Þrýstið samskeytunum saman og penslið yfir allt með eggi.
Bakið í ofni við 200 - 220°C í 10 - 15 mín. Náið kjarnhita kjötsins í 50°C.

### Sykurlögur fyrir kartöflur
500 g sykur • 1 dl appelsínusafi • 1 dl rjómi • kanill & salt á hnífsoddi

Bræðið sykur þar til hann verður brúnn. Hellið volgum appelsínusafa útí, síðan rjómanum og kryddið með salti og kanil.

### Rauðkál
1 poki niðursneitt rauðkál • 500 ml rauðvín • 1 grænt epli • 1 skarlottulaukur • 1 negulnagli • 50 g flórsykur
50 g púðursykur • 1 dl balsamic edik

Epli saxað smátt og sett í pott ásamt rauðkáli. Laukur afhýddur og negulnagla stungið í, hann settur í pottinn ásamt sykri, ediki og rauðvíni. Sjóðið í 1 klst.

### Sósa
Bein af úrbeinuðum lambahrygg • 1 tómatur • 1 búnt timían (garðablóðberg) • 1 gulrót • 1 laukur • 1 hvítlaukur
1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatmauk (puré) • 1 msk smjör

Höggvið beinin og brúnið í ofni. Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og látið krauma í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin út í ásamt vökva og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. Sigtið og sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið.
Borið fram á rauðkáls- og belgjabaunabeði og sykurbrúnuðum kartöflum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... VEISLUKJÖTIÐ

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** tungl, 6. mannþyrping, 8. laug, 9. þrot, 11. tveir eins, 12. brella, 14. bæ, 16. sjó, 17. gagn, 18. til viðbótar, 20. ekki heldur, 21. brak.

**LÓÐRÉTT**
**1.** magi, 3. í röð, 4. þarfsemd, 5. svelg, 7. biðja ákaft, 10. skrá, 13. litningar, 15. bakhluti, 16. er, 19. númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. máni, 6. ös, 8. bað, 9. mát, 11. uu, 12. bragð, 14. bless, 16. sæ, 17. nyt, 18. enn, 20. né, 21. marr.
**LÓÐRÉTT:** 1. vömb, 3. áb, 4. nauðsyn, 5. iðu, 7. sárbæna, 10. tal, 13. gen, 15. stél, 16. sem, 19. nr.


**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.


# Sakna íslensku hlýjunnar

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Fólk sem hefur nóg að gera þarf ekki að hugsa um gang mála í fjarlægum löndum enda er búið að hólfa heiminn niður svo allir geti nú nælt sér fyrirhafnarlítið í viðtekna heimsmynd til að hafa í kollinum. Þar er búið að flokka löndin í fátæk og rík lönd, þróuð og vanþróuð, heit og köld, opin og lokuð og svo fram eftir götunum. En stundum er upplifun manna algjörlega á skjön við þessa niðurhólfuðu veröld.



**ANDALÚSÍA** hefur verið sett í hólf með heitum löndum. Það er ekkert athugavert við það nema að það er alveg á skjön við upplifun mína. Þannig er mál með vexti að húsin hér virðast flest hafa verið reist á sjóðheitum sumardegi þegar veturinn var svo fjarri að það gleymdist að gera ráð fyrir honum. Þess vegna er alls staðar kalt á veturna nema kannski úti á götu um miðjan dag ef sól skín í heiði.

**MEÐAN** ég skelf undir heilli teppahrúgu eða þegar ég slysast til að tipla berfættur á ísköldu marmaragólfinu leitar hugurinn heim til Íslands. Manni verður nefnilega aldrei kalt á íslenskri grundu nema ef vera skyldi að maður sé kvenmannslaus og ófullur á útihátíð.

**Í ÞESSUM** andalúsíska kulda hugsa ég því oft um þann lúxus að vakna í funhita á ísköldum vetrarmorgni og með gluggann opinn upp á gátt. Ég hugsa líka með söknuði um alla heitu pottana, gufuböðin, hlýju líkamsræktarstöðina og íþróttahúsin þar sem ég lék knattspyrnu. Hér er meira að segja kalt í ræktinni og gufubaðið er rétt eins og hlýtt votviðri.

**MAÐUR** venst því svo sem ágætlega að alltaf er hálf napurt. Ég á hins vegar erfiðara með að venjast því að fólk stendur almennt í þeirri trú að ég megi nú aldeilis prísa mig sælan yfir því að vera hérna í „hlýja“ landinu en ekki í heimalandi mínu á norðurhjara núna um hávetur. Og oftast er ég segi hvaðan ég kem gellur í fólki „ó, hvílíkur kuldi!“ rétt eins og því verði kalt við að heyra Ísland nefnt á nafn.

**ÁÐUR** sagði ég oft frá íslensku hlýjunni en flestir urðu fyrir vonbrigðum líkt og þeir hefðu verið að bíða eftir ísbjarnasögu. Það er kannski ekkert sniðugt að vera að skemma þessa klipptu og skornu heimsmynd?


Miele




vilborga@centrum.is

25% AFSLÁTTUR

**Miele Tango Plus**
**Vinsælasta ryksugan frá Miele**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

**Tilboð kr.: 24.900**
**Verðlistaverð kr.: 33.200**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
**MEIRI FRÓÐLEIKUR**
Meiri Vísir.
vísir.is


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott




HÓ HÓ HÓ...
allt fyrir
jólasveininn
299KR
199KR
499KR
399KR
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menning

menning@frettabladid.is

**ÚTGÁFUHÓF Í HAVARÍI** Ritvélin, nemendafélag ritlistarnema við Háskóla Íslands, efnir til útgáfuteitis í bókabúðinni Útúrdúr í Austurstræti 6 á föstudag klukkan 17. Tilefnið er útgáfa bókarinnar Beðið eftir Sigurði. Nokkrir af höfundum bókarinnar lesa upp úr verkum sínum auk þess sem hljómsveitin Agent Fresco leikur lög af nýútgefinni plötu sinni í rólegum útsetningum.

Bækur ★★

**Stolnar raddir**

Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir

## Afi fór ekki á honum Rauð

Stolnar raddir er fyrsta skáldsaga Hugrúnar Hrannar Kristjánsdóttur og sem slík lofar hún góðu. Söguhetjan er Sóllilja, rúmlega tvítug Reykjavíkurmær sem er í íslensku í Háskólanum, á dóttur og býr heima hjá ömmu. Hún segir söguna í nútíðinni í fyrstu persónu en inn í er fléttað flassbökkum til bernskunnar og sögu afa hennar og ömmu frá sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Sú saga er um margt áhugaverð og öðruvísi og á köflum finnst lesanda sögu Sóllilju vera ofaukið og sú hugsun verður ásækin að bókin hefði kannski orðið betri ef saga afans og ömmunnar hefði verið eina umfjöllunarefnið, enda sú saga bæði örlagaþrungnari og með dýpri undirtóni en nútíðarhluti bókarinnar.




Bókin er ágætlega byggð og skemmtileg aflestrar, persónurnar áhugaverðar, en hefði mátt leggja meiri áherslu á persónusköpun afans og ömmunnar í fortíðinni og setja þau í betra samhengi við þann tíma sem þau lifðu. Það örlar á því á köflum að höfundurinn þekki ekki sögusviðið nógu vel í þeim hluta sögunnar.

Nútíð Sóllilju er árið 2009 en ekki finnur lesandinn þó mikið fyrir því andrúmslofti sem þá ríkti í þjóðfélaginu, rétt er minnst á mótmæli, hrun og ólgu í framhjáhlaupi. Daglegt líf Sóllilju er kunnuglegt úr ýmsum bókum bæði innlendum og erlendum; leit ungrar konu að sjálfri sér, rótum sínum og stað í lífinu. Vettvangur þeirrar leitar er Þjóðarbókhlaðan og seinna skúringar á Grund á daginn, ferðir á ölstofur á kvöldin sem leiða til þess að duglega lögfræðinemanum er dömpað fyrir miðaldra blaðamann með vafasamt orðspor í kvennamálum með tilheyrandi taugatitringi og vangaveltum um hvort hann sé nú nógu hrifinn af henni. Þennan söguþráð þekkjum við vel en það er leyndarmálið úr fortíðinni sem gerir líf hennar, og um leið söguna, frábrugðið og heldur lesandanum við efnið.

Hugrún Hrönn er lipur penni, textinn flæðir áreynslulaust og í bernskuköflunum örlar á ljóðrænum tilþrifum. Fléttun sagnanna tveggja er haganlega gerð og lesandinn hvattur áfram með hæfilegu magni af upplýsingum til að viðhalda áhuganum á því að lesa áfram. Einhverjum vandræðum virðist höfundurinn þó hafa lent í við að enda söguna og er síðustu köflunum eiginlega ofaukið, þeir verða hálfgerður antíklímax sem dregur úr áhrifamætti þess þegar leyndarmálin upplýsast.

Í heild er sagan þó hin besta skemmtun og augljóst að hér er kominn fram höfundur sem á framtíðina fyrir sér í skriftunum. **Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Ágætlega byggð og vel skrifuð saga með skemmtilegu plotti, en hefði mátt við meiri dýpt.

# Pantaljón á íslensku




Bókaútgáfan Ugla hefur endurútgefið skáldsöguna Pantaljón og sérþjónustan eftir Mario Vargas Llosa. Hann hlaut sem kunnugt er Nóbelsverðlaunin fyrir bókmenntir í ár og veitti þeim viðtöku fyrir helgi.

Bókin segir frá Pantaljón höfuðsmanni, sem er úthlutað sérstöku leyniverkefni á vegum hersins í frumskógum Perú. Hann er að eðlisfari siðavandur og bregður því illilega þegar í ljós kemur að verkefnið felst í því að skipuleggja „sérþjónustu“ kvenna til að svala ástarþörfum hermannanna í afskekktum herfylkjum.

Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýðir en þetta er eina skáldsaga Vargas Llosa sem þýdd hefur verið á íslensku.



**ÞRÖSTUR HELGASON** Segir Jónas E. Svafár ávallt hafa verið hafðan úti á kanti, jafnvel meðal atómskáldanna sem áttu þó líka að heita úti á kanti hins íslenska bókmenntaheims. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skáld á jaðri jaðarskálda

**Bókaforlagið Omdúrman gefur út í samvinnu við Listasafn Íslands bókina Jónas E. Svafár – ljóð og myndir. Þröstur Helgason ritstýrði verkinu um þennan sérstaka listamann.**

Í bókinni má finna heildarsafn ljóða og mynda Jónasar E. Svafár (1925-2004), meðal annars litprentaða, handgerða útgáfu að fyrstu ljóðabók Jónasar „Það blæðir úr morgunsárinu“. Auk þess að ritstýra bókinni ritar Þröstur Helgason formála að bókinni, sem og Ingólfur Arnarsson myndlistarmaður.

Jónas var af samferðamönnum sínum kallaður grallari, sérvitringur, gamansamur galgopi og hrekkjalómurinn með orðaleikina. Erindi hans var hins vegar skýrt, Jónas beindi spjótum sínum að yfirdrepsskap og heimsku valdhafa, stríðsrekstri og mannúðarskorti.




Þröstur ritstýrði bókinni að umleitan Hjálmars Sveinssonar hjá Omdúrman.

„Jónas E. Svafár er mjög spennandi höfundur,“ segir Þröstur, „og tímabært að dusta af honum rykið, hann var dálítið dottinn út úr samhengi.“

Þótt nafn Jónasar hafi ekki verið skráð með feitu letri á spjöld bókmenntasögunnar, telur Þröstur áhrif hans meiri en margan grunar.

„Ég rek ákveðna slóð í formálanum,“ segir Þröstur. „Elías Mar sér til dæmis þráð í íslenskri ljóðlist allt frá Kvæðakveri Halldórs Laxness til ljóða Þórarins Eldjárns með viðkomu í Jónasi Svafár, Degi Sigurðarsyni og sjálfum sér. Ég held að það megi líka finna áhrif frá Jónasi og þeirri hefð sem hann stóð fyrir í fyrstu ljóðabókum Einars Más, sem birtist til dæmis í málnotkun, orðaleikjum og þessari „banal“ pólitísku nálgun á veruleikann. Síðan eru það yngri skáld á borð við Steinar Braga, Kristínu Svövu Tómasdóttur og Eirík Örn Norðdahl. Ég held að áhrifa Jónasar gæti nokkuð í þeirra verkum.“

Jónas var sérstakur karakter og oft á skjön við sinn samtíma. Fyrir vikið hefur hann ekki verið metinn að verðleikum að mati Þrastar.

„Það sýnir sig nokkuð skýrt þegar saga mannsins er skoðuð og viðtökurnar við bókum hans. Hann var alveg úti á jaðrinum í hinum íslenska bókmenntaheimi; meira að segja atómskáldin, sem voru þá á jaðrinum settu hann út á kant. Sjálfsagt fannst þeim hann skrítinn og bernskur. En þegar maður rýnir í verk hans í ljósi þess sem var að gerast í alþjóðlegri ljóðlist og myndlist, hann teiknaði jú líka, virðist Jónas hafa verið í samræðu við það sem var að gerast ytra í þessum efnum.“

**bergsteinn@frettabladid.is**



# TVÖFALDUR METSÖLUHÖFUNDUR



ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON er vinsælasti íslenski barnabókahöfundurinn um þessar mundir.

Bækurnar hans tvær eru á metsölulistum Eymundsson, Hagkaups og Félags íslenskra bókaútgefenda.




3. PRENTUN VÆNTANLEG

★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn

★★★★

Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið




3. PRENTUN VÆNTANLEG

★★★★

„Þokan er rosalega spennandi. Maður gat varla litið upp úr bókinni meðan á lestri stóð.“

María Gústavsdóttir, 14 ára

FORLAGIÐ

www.forlagid.is




**EINLEIKARARNIR** Tveir ungir einleikarar koma fram á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur, Margrét Árnadóttir sellóleikari og flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir.

# Verk Bach-sonar á jólatónleikum

Kammersveit Reykjavíkur kynnir Bach-soninn Carl Philipp Emanuel á jólatónleikum sínum sunnudaginn næstkomandi.

Tónlist þessa afkastamikla Bach-sonar er sjaldan leikin hér á landi en þótt Johann Sebastian sé sá Bach-feðga sem kemur upp í huga nútímafólks þegar nafnið Bach er nefnt var sonur hans Carl Philipp Emanuel sá þekktari af þeim feðgum langt fram eftir nítjándu öldinni.

Carl Philipp Emanuel var einn fjögurra sona Johanns Sebastians sem sömdu tónlist en það höfðu menn gert í Bach-fjölskyldunni mann fram af manni.

Auk þess að njóta handleiðslu föður síns naut Carl Philipp Emanuel þess að eiga tónskáldið Georg Friedrich Telemann að guðföður.

Á efnisskránni eru tvær sinfóníur Carls Philipps Emanuels fyrir strengi, sembal, flautur, óbó, fagott og horn. Einnig verða fluttir tveir einleikskonsertar, Flautukonsert í G-dúr þar sem einleikari er Melkorka Ólafsdóttir, og Sellókonsert í A-dúr þar sem Margrét Árnadóttir fer með einleikshlutverkið. Konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur er Una Sveinbjarnardóttir, en spænski semballeikarinn Javier Núñes stjórnar frá sembalnum.

Hefð er fyrir því að leika hátíðlega tónlist frá barokktímanum á jólatónleikum Kammersveitar-Reykjavíkur. Þá hafa ungir einleikarar gjarnan fengið tækifæri til að koma fram á þessum tónleikum.

Tónleikar Kammersveitarinnar verða í Áskirkju sunnudaginn 19. desember kl. 17. Miðasala er á midi.is og við innganginn.

# Sinfónía í búri

Tónlist ★★★

**Aðventutónleikar Sinfóníunnar**

Verk eftir Bach, Händel, Mozart, Corelli og fleiri.



Fyrir tveimur árum voru aðventutónleikar Sinfóníunnar haldnir í Langholtskirkju. Það var ánægjuleg stund. Endurómunin í kirkjunni er fremur mikil og hún gaf hefðbundinni barokktónlistinni glans sem fór henni vel. Háskólabíó er, eins og allir vita, mun verri tónleikasalur. Barokktónlist hljómar ekkert sérlega vel þar. Slík tónlist er rislítil í eðli sínu (a.m.k. risminni en sinfóníurnar eftir Mahler eða Sjostakóvitsj). Daufur hljómburðurinn fletur hana út. Sérstaklega ef maður situr aftarlega eins og ég gerði á tónleikunum á laugardaginn.

Ekki var við stjórnandann, Nicholas Kraemer, að sakast. Hann mótaði flutninginn af fagmennsku. Á boðstólum voru atriði úr kantötu eftir Bach; úr Messíasi og Vatnasvítu nr. 2 eftir Händel, og líka smá Mozart. Einstaka hnökrar voru heyranlegir hjá málmblásurunum, en í það heila var hljómsveitin með sitt á hreinu.

Óvanalegt var að sjá Kraemer spila á sembal um leið og hann stjórnaði. Þótt lítið heyrðist í sembalnum á sautjánda bekk gat ég ekki betur greint en að leikur Kraemers væri pottþéttur.

Söngurinn kom hins vegar dálítið misjafnlega út. James Gilchrist hafði sterka rödd, og hún var fáguð og nokkuð þurr, rétt eins og hjá mörgum breskum tenórum. Hann söng af öryggi og ríkulegri tilfinningu – en var fremur einsleitur. Það var allt á svipuðum nótum hjá honum, sem gerði túlkunina minna og minna sannfærandi eftir því sem á leið. Og í sópraninum, Katherine Watson, heyrðist ekki nægilega vel þar sem ég sat. Það var eins og að reyna að hlusta á tónlist með eyrnatappa.

Í hléinu var mér óvænt boðið að fylgjast með seinni hluta dagskrárinnar í hinu svokalla búri. Það er lítið herbergi fyrir aftan áheyrendapallana þar sem RÚV stjórnar upptöku og útsendingu tónleikanna. Mér voru afhent heyrnartól og ég hlustaði á músíkina í þeim.

Hvílíkur munur! Upptakan var óaðfinnanleg. Almennilega heyrðist í söngkonunni, túlkun hennar var blæbrigðarík og tilfinningaþrungin. Hún var fyllilega í anda hvers verks. Þar á meðal var Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns. Þótt íslenskunni hafi verið nokkuð ábótavant var rétta stemningin til staðar.

Hljómsveitarleikurinn hljómaði líka einstaklega vel. Hver einasti hljóðfæraleikari spilaði af glæsimennsku. Einleikur Ásgeirs Steingrímssonar á trompet (í Jauchzet Gott in allen Landen eftir Bach) var snilld!

Einn náungi sagði við mig fyrir nokkru að maður ætti að fá sér heyrnartól með innbyggðu útvarpi. Eins og þau sem iðnaðarmenn eru stundum með. Og fara með þau á sinfóníutónleika. Vera í Háskólabíói og njóta stemningarinnar á tónleikunum, en heyra tónlistina í heyrnartólunum, í frábærum gæðum útsendingarinnar. Ég held að það sé nokkuð til í því. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Yfirleitt fínn hljómsveitarleikur en söngurinn kom misjafnlega út.


## MENNINGARSJÓÐUR ÚTVARPSSTÖÐVA

**Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík**
**Sími: 6636245**
**Netfang: menningarsjodur@internet.is**

### Menningarsjóður útvarpsstöðva auglýsir

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita styrki til eflingar innlendri dagskrárgerð fyrir hljóðvarp og sjónvarp, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu, sbr. reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva dags. 11. febrúar 1986 með síðari breytingum.

Stjórn sjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Þetta er lokaúthlutun sjóðsins og verður hann lagður niður að henni lokinni.

Stjórn sjóðsins er skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og annast úthlutun. Í henni sitja Laufey Guðjónsdóttir, formaður, Lovísa Óladóttir og Þorbjörn Broddason en starfsmaður er Reynir Berg Þorvaldsson. Stefnt er á að ákvarðanir um styrki liggi fyrir í lok febrúar 2011.

**Í umsóknum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:**

1. Nafn umsækjanda, kennitala og heimilisfang, ásamt upplýsingum um aðstandendur verkefnis og samstarfsaðila og skriflegum staðfestingum allra aðila um þátttöku í verkefninu.
2. Handrit eða nákvæm lýsing verkefnis og greinargerð umsækjanda um verkefnið.
3. Fjárhæð styrks sem sótt er um.
4. Kostnaðar- og fjárstreymisáætlun.
5. Skriflegir samningar eða önnur staðfesting um fjármögnun eða fjármögnunaráætlun auk tæmandi upplýsinga um aðra styrki sem sótt hefur verið um og/eða verkefnið hefur fengið.
6. Nákvæm áætlun um framvindu verkefnis og greinargerð um það til hvaða verkþátta sótt er um styrk til.
7. Upplýsingar um alla gerða eða fyrirhugaða framleiðslusamninga og áætlun um tekjuskiptingu eftir því sem við á.
8. Markaðs- og kynningaráætlun.
9. Upplýsingar um framleiðslufyrirtæki.
10. Yfirlýsing sjónvarps- eða útvarpsstöðvar um að fyrirhugað sé að taka dagskrárefni, sem sótt er um styrk til, á dagskrá.

Upplýsingar um úthlutunarreglur, skilyrði og umsóknargögn má nálgast í gegnum netfangið menningarsjodur@internet.is eða í síma 6636245.

**Frestur til að skila inn umsóknum í sjóðinn hefur verið framlengdur til 7. janúar nk.**
Umsóknum og öllum fylgigögnum ber að skila í þríriti til Menningarsjóðs útvarpsstöðva, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík. Með umsókn skal skila þar til gerðum eyðublöðum sem fást afhent á sama stað eða í gegnum netfangið menningarsjodur@internet.is.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 15. desember 2010**

### Tónleikar

**20.00** **Kór Bústaðakirkju** heldur jólatónleika undir yfirskriftinni **Jólaljós** í kvöld. Sérstakir gestir kórsins verða Örn Árnason og Ívar Helgason. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og eru haldnir í **Bústaðakirkju**. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**21.00** Hljómsveitin **Örför** kynnir nýtt tónlistarefni á **Hemma og Valda** í kvöld kl. 21.

**21.00** Hljómsveitin **The Third Sound** verður með síðbúna útgáfutónleika á tónleikastaðnum **Sódóma** í kvöld. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. Húsið opnar kl. 21 og tónleikarnir klukkustund síðar.






**21.00** Jólatónleikar verða haldnir á skemmtistaðnum **Faktorý**, Smiðjustíg 6. Fram koma **AMFJ**, **Arnljótur**, **Dj Andre**, **Jóhann Eiríksson**, **Snorri Ásmundsson**, **Stefán Finnbogi Pétursson**, **Stereo Hypnosis**, **Ómar Stefánsson** & **Jafet Melge** og **Mummi Visual**. Aðgangseyrir er 1500 krónur og hefjast tónleikarnir kl. 21.

### Kvikmyndir



**20.30** Kvikmyndaklúbburinn **Arnarhreiðrið** efnir til bíósýningar í kvöld í **Bíó Paradís**. Kvikmyndin ber nafnið **Ghosts of the Ciivil Dead** og sér Nick Cave um tónlist og leik. Sýning hefst kl. 20.30.

### Dagskrá

**21.00** Skemmtidagskráin **Jólapopp** fer fram á **Café Haítí**, í kvöld. Fram koma **Dr. Gunni**, **Einar Kárason** og hljómsveitin **Prinspóló**. Café Haítí er staðsett við Gömlu höfnina í Reykjavík (nánar tiltekið Geirsgötu 7b / Verbúð 2) og hefst skemmtidagskráin Jólapopp kl. 21.



### Málþing

**19.30** **Skyggni frábært** efnir til málþings undir yfirskriftinni **UMBROT** í **Hugmyndahúsi háskólanna** að Grandagarði 2 í kvöld. Málþingið verður tileinkað möguleikum borgarrýma og hefst kl. 19.30.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




markhonnun.is

nettó
gleðjumst saman um jólin

# GÓÐ LESNING Á FRÁBÆRU VERÐI!




STORMURINN
Björgvin G. Sigurðsson
**2.786**kr/stk
Verð áður 3.980




JÓNÍNA BEN
Sölvi Tryggvason
**2.786**kr/stk
Verð áður 3.980




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

GILDIR **TIL 19.** DESEMBER
Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birt með fyrirvara um prentvillur

**110** **ER SAMANLAGÐUR** árafjöldi Brads Pitt, Angelinu Jolie og barna þeirra sex, en þau eiga börnin Maddox, Pax, Zahöru, Shiloh, Knox og Vivienne. Pitt er 46 ára og Jolie 35 ára, en börnin eru á bilinu tveggja til níu ára.



# Dexter skilur við „systur“ sína



**SKILIN** Þau leika systkini í Dexter en voru gift í alvöru.

Leikarinn Michael C. Hall og leikkonan Jennifer Carpenter eru skilin eftir tveggja ára hjónaband. Hall og Carpenter leika systkinin Dexter og Debru Morgan í hinum frábæru þáttum um Dexter.

Talsmenn hjónanna fyrrverandi staðfesta þetta í yfirlýsingu til bandarískra fjölmiðla. Fullyrt er að þau hafi ekki búið saman í talsverðan tíma, en að skilnaðurinn sé á vingjarnlegum nótum. Þau giftu sig á gamlársdag árið 2008, en þau kynntust á tökustað Dexters-þáttanna.



**UNG OG ÁSTFANGIN** Zac Efron og Vanessa Hudgens í hlutverkum sínum sem Troy Bolton og Gabriella Montez í kvikmyndinni High School Musical.

# Leiðir skilur hjá stjörnuparinu Efron og Hudgens

**Zac Efron og Vanessa Hudgens eru hætt saman eftir tæplega fimm ára samband. Hinn 23 ára gamli Zac og hin 22 ára gamla Vanessa felldu hugi saman við tökur á kvikmyndinni High School Musical fyrir fimm árum, en nú skilja leiðir.**

Þær dapurlegu fréttir bárust frá Hollywood að stjörnurnar Zac Efron og Vanessa Hudgens séu hætt saman eftir tæplega fimm ára samband. Greint var frá þessu á þriðjudaginn en ástæða slitanna ku vera sú að þau hafa þurft að verja full miklum tíma aðskilin vegna vinnunnar og segja vinir þeirra að þau vilji njóta þess að vera á lausu.

Zac og Vanessa kynntust við tökur á Disney kvikmyndinni High School Musical, þar sem þau léku ástfangna unglingaparið Troy og Gabriellu, en það leið ekki á löngu þar til ástin á milli þeirra kviknaði í alvöru. Næstu fimm árin áttu eftir að verða afar athyglisverð. Tvær aðrar High School Musical kvikmyndir voru gerðar með þeim Zac og Vanessu í aðalhlutverkum, en stuttu eftir að mynd númer tvö kom út tókst Vanessu að koma sér í heimspressuna þegar nektarmyndir af henni láku á netið. Vanessa var miður sín og útskýrði að myndirnar hefðu eingöngu átt að vera handa Zac, en hún var einungis 17 ára þegar þær voru teknar. Þrátt fyrir hneykslið, stóð Disney samsteypan með stjörnunni sinni og Vanessa hélt hlutverki sínu sem Gabriella og samband hennar við Zac raskaðist ekki.

Það liðu aðeins tvö ár þar til nektarmynda skandallinn endurtók sig, en árið 2009 birtust fleiri myndir af Vanessu sem einnig voru teknar árið 2007. Þá fóru af stað sögur þess efnis að Vanessa stæði sjálf á bak við lekann en ekkert hefur fengist staðfest í þeim efnum. Zac Efron virðist hafa sloppið við nektarmyndir af sér en miklar vangaveltur hafa þó verið um kynhneigð hans og vilja fjölmargir meina að hann sé samkynhneigður. Efron hefur hins vegar blásið á allar þær kjaftasögur.

Vinir Zacs og Vanessu eru handvissir um að þau muni taka saman á ný þar sem þau eiga víst að vera bestu vinir þrátt fyrir sambandsslitin. Við getum ekki annað en beðið og vonað það besta. kristjana@frettabladid.is



**ÖLL Í NEKTARMYNDUNUM** Nektarmyndir af Vanessu láku tvisvar á netið og vilja einhverjir meina að hún standi sjálf á bak við lekann. NORDICPHOTOS/GETTY

**SAMKYNHNEIGÐUR SÖNGFUGL?** Zac Efron hefur verið iðinn að leika í söngleikjamyndum eins og High School Musical og Hairspray og kannski er það þess vegna sem margir telja hann samkynhneigðan. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spila póker til styrktar Ellu Dís

„Allur ágóði af mótinu rennur beint til þeirra mæðgna og vonast ég til að sem flestir sjái sér fært að leggja okkur lið,“ segir Davíð Rúnarsson, einnig þekktur sem Dabbi Rú, eigandi Gullaldarinnar í Grafarvogi.

Á morgun klukkan 20 hyggst Dabbi halda sérstakt góðgerðapókermót á Gullöldinni til að safna upp í stofnfrumumeðferð fyrir Ellu Dís, en barátta hennar hefur ekki farið fram hjá Íslendingum. Mótið er haldið í samráði við Rögnu, móður Ellu Dísar, og hefur Dabbi unnið að skipulagningu síðustu fjórar vikurnar. „Tilgangurinn er að safna upp í stofnfrumumeðferð sem er áætluð núna í apríl 2011 og er það mín von og vilji að sem flestir sjái sér fært að mæta og styðja við gott málefni,“ segir Dabbi.

Fyrirkomulagið er þannig að það kostar 1.000 krónur að taka þátt í mótinu, en keppendur geta keypt sig inn eins oft og þeir vilja innan ákveðins tímaramma. „Heildarverðmæti vinninga er nú þegar komið í hálfa milljón og endar vonandi í einni kúlu svo ekki er einungis verið að styðja við frábæran málstað heldur er einnig til mikils að vinna,“ segir Dabbi, en vinningarnir koma úr ýmsum áttum. „Allar helstu stjörnur pókersamfélagsins munu taka þátt sem og einhverjir þjóðþekktir Íslendingar.“ - afb



**GÓÐGERÐAPÓKER** Allur ágóði pókermóts sem Dabbi Rú heldur á Gullöldinni í Grafarvogi á morgun rennur til baráttu Ellu Dísar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1 www.domti.is

Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands
Er sem hér segir:

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Eskihlíð 2-4 | Hafnargötu 29 | Freyjusnesi 4 |
| S. 892 9603 | S. 697 3521 | S. 869 0820 |
| 14-15-21-22 des. | 22. des | 22. des |
| Frá kl 14:00 | | |

Fjölskylduhjálp Íslands



Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is
LUMEX

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is

# JÓLAGJAFIR FYRIR...

## ...HANN!



BAÐSLOPPUR
**1.995,-**

**DIAMOND baðsloppur**
Góður herrabaðsloppur.
Fæst í gráu og dökkbláu.
Stærðir: S-XL.



10 PÖR
SPARIÐ 500
10 PÖR ÁÐUR: 2.995,-
**2.495,-**

**Herrasokkar**
Góðir, svartir herrasokkar.
10 pör saman í pakka.
Stærðir: 36-41.



KREP
SÆNGURVERASETT
**1.995,-**

**BARBRO sænguverasett**
Flott sængurverasett úr 100% bómullarkrepi. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
Lokað að neðan með tölum.



**Skeggsnyrtir**
Góður skegg- og nefhára-snyrtir fyrir karlmenn.

SKEGGSNYRTIR
**1.695,-**



23% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 1.295,-
**995,-**

**Úr**
Flott úr á góðu verði!
Nokkrar gerðir fáanlegar.

## ...HANA!



VERÐ FRÁ:
**1.495,-**

**Leðurhanskar**
Leðurhanskar **1.495,-**
Lúxus leðurhanskar **2.995,-**



23% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 1.295,-
**995,-**

**Gjafasett**
Flott gjafasett með kertum og kertastjökum.



25% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 795,-
**595,-**

**Inniskór**
Góðir inniskór.
Stærðir: 36-41.



SPARIÐ 200
ÁÐUR: 1.695,-
**1.495,-**

**Skartgripa-haldari**
3 gerðir fáan-legar.



33% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 2.995,-
**1.995,-**

**Snyrtispegill**
Með LED ljósum og 5 faldri stækkun öðrumegin.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 15.12-17.12

## ...BÖRNIN!



PÚÐI
**1.695,-**

**HELLO KITTY púði**
Stærð: 40 x 40 sm.



40% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 4.995,-
**2.995,-**

**CARS baðsloppur**
Flottur sloppur á frábæru jólatilboði!
Stærðir: 2-8 ára.



35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 1.995,-
**1.295,-**

**HELLO KITTY geymslubox**
Stærð: 30 x 30 x 30 sm.



**HONEY sængurverasett**
Efni: 100% bómull.
Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

SÆNGURVERASETT
**1.995,-**



23% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 1.295,-
**995,-**

**Stýri með hljóðum**
Sniðugt stýri með allskonar hljóðum.






# Ræða konungs leiðir Golden Globe-kapphlaupið

**The King's Speech er tilnefnd til sjö Golden Globe verðlauna en tilnefningarnar voru tilkynntar í gær. Hnefaleikamyndin The Fighter og Facebook-myndin The Social Network hlutu báðar sex. Það eru samtök erlendra blaðamanna í Hollywood sem standa að Golden Globe en kynnir í ár, eins og í fyrra, verður Ricky Gervais. Fréttablaðið skautaði yfir tilnefningarnar og tæpir á því helsta.**



**LEIKSTJÓRI ÁRSINS**
**David Fincher - The Social Network**
Christopher Nolan - Inception
Darren Aranofsky - Black Swan
Tom Hooper - The King's Speech
David O. Russell - The Fighter



**BESTI LEIKARI**
**Jesse Eisenberg - The Social Network**
Colin Firth - The King's Speech
James Franco - 127 Hours
Ryan Gosling - Blue Valentine
Mark Wahlberg - The Fighter



**BESTA MYNDIN:**
The King's Speech
*Kvikmynd um baráttu Georgs VI. við talmálsörðugleika sína en hann stamaði.*
The Fighter
*Sígild hnefaleikasaga um hinn írska Micky Ward og leið hans á topp hnefaleikaheimsins.*
**Inception**
*Vísindaskáldsögutryllir um hóp draumaþjófa sem reyna að koma hugmynd fyrir í huga erfingja stórs orkufyrirtækis.*
Black Swan
*Harður heimur ballettdansara er til umfjöllunar þar sem tveir dansarar keppa um hylli áhorfenda.*
The Social Network
*Mark Zuckerberger stofnaði samskiptasíðuna Facebook en grunaði sennilega aldrei hversu mikið æði hún yrði.*

**BESTA LEIKKONA**
Halle Berry - Frankie & Alice
Nicole Kidman - Rabbit Hole
Jennifer Lawrence - Winter's Bone
**Natalie Portman - Black Swan**
Michelle Williams - Blue Valentine





**SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS - DRAMA**
Boardwalk Empire
Dexter
The Good Wife
**Mad Men**
The Walking Dead



**SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS - GAMAN/SÖNGUR**
The Big Bang Theory
The Big C
**Glee**
Modern Family
Nurse Jackie
30 Rock



**BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI**
Amy Adams - The Fighter
Helena Bonham Carter - The King's Speech
**Mila Kunis - Black Swan**
Melissa Leo - The Fighter
Jackie Weaver - Animal Kingdom



**BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI**
Christian Bale- The Fighter
**Michael Douglas - Wall Street: Money Never Sleeps**
Andrew Garfield - The Social Network
Jeremy Renner - The Town
Geoffrey Rush - The King's Speech

# Læðurnar sækja í Jóhann Pál

„Ég hélt auðvitað að þetta væri vegna kvenhylli minnar," segir Jóhann Páll Valdimarsson, bókaútgefandi hjá Forlaginu.

Jóhann er annálaður kattamaður, kettirnir hans Breki og Randver eru í lykilstöðum í fyrirtækinu, Breki er til að mynda endurskoðandi en Jóhann tekur skýrt fram að hann hafi aldrei stigið loppu inn fyrir dyr Pricewater House Coopers. Kattaástin virðist hafa kvisast út meðal læða á höfuðborgarsvæðinu því tvær slíkar hafa, með skömmu millibili, gert sig heimakomnar í húsakynnum Forlagsins við Bræðraborgarstíg.

„Við höfðum mikið fyrir því að koma fyrri læðunni til eiganda síns og auglýstum meðal annars á Barnalandsvefnum. Einn starfsmaður hjá mér fór alltaf með hana heim til sín og það var grátur og gnístran tanna þegar eigandinn kom og sótti kisuna."



**Í GÓÐU YFIRLÆTI** Jóhann Páll með læðuna sem Randver virðist líta hornauga. Jóhann leitar nú að eiganda hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Og nú hyggst Jóhann bregðast skjótt við og auglýsir hér með eftir eiganda læðunnar á myndinni til að koma í veg fyrir að slík tryggðasambönd, milli starfsmanns og kattar, endurtaki sig. Læðan er þó í góðu yfirlæti hjá Jóhanni og Guðrúnu konu hans, hefur farið heim með forleggjaranum í hádeginu og kúrt hjá honum. Randver og Breki hafa að sögn Jóhanns tekið læðunni ágætlega þótt þeir séu báðir tveir frekir á athygli og bítist um hana daglega.

Jóhann segir kattaáhugann sinn arfgengan, faðir hans hafi haft mikið dálæti á köttum. „Ég hef velt þessu fyrir mér, hvað ég á auðvelt með að sýna köttum og börnum ótakmarkaða hlýju. Ætli ég vilji ekki vernda það sem lífið hefur ekki náð að spilla." - fgg





Gabby Maiden Cinemascope Jacket, Laboratory Pant



Gabby Maiden Amelia Jacket, Valentina Leggings



Micha Thyge Amsterdam Jacket, Yoshiko Top, Soul denim Skirt, Sorrow Scarf

**LAUGAVEGUR 56**
VWWW.NIKITACLOTHING.COM

NIKITA™



**ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR** Frank Hvam og Casper Christiansen njóta ótrúlegra vinsælda á Norðurlöndunum og kvikmyndarinnar um ævintýri þeirra er beðið með eftirvæntingu. Veggspjald myndarinnar olli fjölmiðlafári í Danmörku enda sést þar í lim Caspers Christiansen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Furðar sig á vinsældum Franks og Caspers á Íslandi

**Klovn: The Movie verður frumsýnd í Danmörku í kvöld og það ríkir mikil eftirvænting meðal Baunverja hvernig þeim Frank og Casper reiðir af á hvíta tjaldinu. Dreifingaraðili myndarinnar telur Klovn vera nýjustu útflutningsvöru Danmerkur.**

Klovn: The Movie verður, ef að líkum lætur, einn stærsti smellur í sögu danskrar kvikmyndagerðar. Frank Hvam og Casper Christiansen eru kóngar danskrar kómedíu um þessar mundir og fjölmiðlar fylgjast með hverju skrefi þeirra; það varð til að mynda mikið fjölmiðlafár þegar veggspjald myndarinnar birtist en þar sést greinilega í lim Caspers Christiansen þar sem hann liggur umkringdur nöktum konum og karlmannshendi.

Að sögn Rikke Ennis, sölustjóra hjá TrustNordisk sem dreifir og selur bæði myndina og þættina fyrir framleiðslufyrirtækið Zentropa, eru Klovn-þættirnir einstakir á Norðurlöndunum. Þetta sé til að mynda fyrsta norræna gamanserían sem sé sýnd samtímis í nágrannalöndunum Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og samveldislöndunum Færeyjum og Grænlandi. Og svo sé það Ísland en Ennis lýsir Klovn-æðinu hér sem ótrúlegu fyrirbæri. „Frank og Casper eru orðnir að hálfgerðum menningarfyrirbærum þar og Klovn-þættirnir eru sagðir vera vinsælli en Twilight,“ útskýrir Ennis í viðtali við danska blaðið B.T og bætir við að þetta sé algjört brjálæði. Fulltrúi Iceland Express hafi hringt í Casper sjálfan og beðið um leyfi til að sýna þættina í flugi milli Íslands og Ameríku.




Þeir Casper og Frank geta ekki kvartað yfir vinsældum sínum, Frank hefur þvælst um alla Danmörku með uppistandssýningu sína og sýnt fyrir fullu hús. Samkvæmt B.T. þénuðu þeir félagar yfir 120 milljónir saman á síðasta ári og lepja því varla dauðann úr skel á næstunni enda má fastlega gera ráð fyrir að kvikmyndin eigi eftir að skila þeim nokkrum krónum í vasann. Klovn: The Movie verður síðan frumsýnd hér á landi 1. janúar og þeir Casper og Frank eru væntanlegir til Íslands þótt ekki liggi fyrir hvort þeir mæti fyrir áramót eða strax á nýju ári.

freyrgigja@frettabladid.is

# Forsprakki Cave In til Íslands

Steve Brodsky, söngvari og gítarleikari bandarísku rokksveitarinnar Cave In, spilar á Sódómu Reykjavík á fimmtudagskvöld. Brodsky á að baki fimmtán ára feril með Cave In en hefur undanfarin ár látið að sér kveða sem sólótónlistarmaður.

„Hann hefur verið að gefa út sólóplötur undir sínu nafni en hljómsveitin Cave In, sem hann er frægastur fyrir að hafa verið í, er enn þá starfandi,“ segir Leifur Björnsson, skipuleggjandi tónleikanna. „Þeir í Cave In voru upphafsmenn þessar emo-stefnu sem hefur verið að tröllríða öllu. Þeir njóta mikillar virðingar, sérstaklega á meðal músíkanta, og hafa farið í stór tónleikaferðalög með böndum á borð við Foo Fighters og Muse.“

Efnisskrá tónleikanna á Sódómu spannar allt frá ólgandi krafti áranna með Cave In yfir í melódíska kassagítartónlist, auk þess sem áheyrendur fá að skyggnast inn í sólóferil Brodskys. „Þetta er óumdeilanlega mjög merkilegur náungi. Þessi músík sem hann er að gera í dag er dálítið ólík Cave In. Hún er meira órafmögnuð og lágstemmdari,“ segir Leifur. - fb



**STEVE BRODSKY** Brodsky spilar á Sódómu Reykjavík á fimmtudagskvöld.


MIÐASALA Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 - 10:10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D | kl. 6 | L |

MIÐASALA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA-3D | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5, 8 og 10.10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 8 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DON CARLO Ópera endurflutt | kl. 6 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 6 - 8 - 10:10 | 16 |
| THE JONESES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | á morgun kl. 5:30 - 8:30 | 10 |
| RED | kl. 10:10 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 4 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | KL. 10.10 | 12 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 4 - 6 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| FASTER | kl. 8 Síðasta sýning | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 5.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5% facebook/smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3D | 7 og 10 | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 og 10 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐINN TIL STJARNANNA | 6 - ISL TAL | L |
| ARTÚR 3 | 6 - ISL TAL | L |

CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| RARE EXPORTS(16) | 18:00, 22:00 |
| GHOSTS OF THE CIVIL DEAD(16) | 20:00 |
| FRIED GREEN TOMATOES(L) | 20:10 |
| DAS BOOT(16) | 21:30 |
| MY LEFT FOOT(L) | 20:00 |
| GNARR(L) | 18:00, 22:00 |
| ÓRÓI(L) | 17:50 |
| SOCIAL NETWORK(L) | 22:30 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!






# Hefur stjórnað skólakór í 35 ár

**Þórunn Björnsdóttir segir það hafa verið gæfuríka ákvörðun þegar hún tók að sér að stjórna Skólakór Kársness fyrir 35 árum.**

> Það geta öll börn sungið ef þau fá tækifæri til þess.
>
> **ÞÓRUNN BJÖRNSDÓTTIR** KÓRSTJÓRI SKÓLAKÓRS KÁRSNESS

„Það geta öll börn sungið ef þau fá tækifæri til þess,“ segir Þórunn Björnsdóttir, kórstjóri Skólakórs Kársness.

Þórunn hefur vakið mikla athygli fyrir það frábæra kórastarf sem hún hefur unnið í Kársnesskóla í Kópavogi, en hún hefur stjórnað skólakórnum í 35 ár. „Ég var rétt rúmlega tvítug þegar ég byrjaði. Ég var nemandi í Skólahljómsveit Kópavogs þegar mér var skipað að fara að stjórna kór,“ segir Þórunn og hlær. „Ég vissi ekkert hvað ég var að fara út í en þetta var gæfurík ákvörðun og það varð aldrei aftur snúið.“

Þórunn velur ekki söngvara í kórinn heldur mega allir nemendur Kársnesskóla vera með. Eins gerir stundaskrá nemenda í 3.-7. bekk ráð fyrir kóræfingum, sem er algjör sérstaða hér á landi. „Margir skólar bjóða ekki upp á tónmenntakennslu og það er mjög dapurt. Það hafa margir krakkar verið í kórnum hjá mér sem síðar hafa haldið áfram í tónlist. Einhverjir þeirra hefðu kannski aldrei vitað að þeir hefðu hefðu þeir aldrei fengið tækifæri til að þroska þennan hæfileika,“ segir Þórunn, en söngvararnir Emilíana Torrini og Gissur Páll Gissurarson voru til dæmis eitt sinn í skólakór Þórunnar.



**ÞEKKIR EKKI ANNAÐ EN KÓRSTJÓRN** Þórunn Björnsdóttir hefur verið kórstjóri Skólakórs Kársness frá tvítugu og heldur ótrauð áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nú fyrir jólin kemur út diskur með Skólakór Kársness sem ber nafnið „Englar í snjónum“, en diskurinn er sá sjöundi sem kórinn gefur út. „Hátt í 200 börn koma fram á þessum diski og allt eru það nemendur úr Kársnesskóla,“ segir Þórunn. Kórinn hefur sungið með mörgum helstu flytjendum landsins og á dögunum kom hann fram á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar. „Það er alveg ógleymanleg lífsreynsla fyrir öll þessi börn að fá að standa í troðfullri Laugardalshöll með öllu þessu þekkta fólki,“ segir Þórunn. Hinn 19. desember verður kórinn með tónleika í Salnum í Kópavogi. „Við ætlum að syngja lög af nýja disknum í bland við gömul jólalög. Diddú ætlar að koma og syngja með okkur,“ segir hin hógværa Þórunn Björnsdóttir að lokum.

kristjana@frettabladid.is



**HVER?** Jú, þetta er Ja gamli Rule.

## Ja Rule í steininn

**Rapparinn Ja Rule má muna fífil sinni fegri. Hann náði talsverðum vinsældum upp úr aldamótum, en lítið hefur spurst til hans undanfarin misseri. Þar til nú.**

**Ja Rule hefur verið ákærður fyrir ólöglegan vopnaburð og gæti átt yfir höfði sér tveggja ára fangelsisdóm. Rapparinn hefur játað brotið sem átti sér stað árið 2007 þegar lögreglan stöðvaði hann fyrir of hraðan akstur og fann byssu í bílnum hans.**

**Dómari sker úr um hvort hann fer í fangelsi eða ekki 9. febrúar á næsta ári, en hann gengur laus þangað til.**

## Sturlaðist í Rúmeníu

**Leikarinn Nicolas Cage hefur lengi verið duglegur við að leika sturlaða menn, en nú veltir almenningur í Rúmeníu fyrir sér hvar mörkin milli leiks og alvöru liggja.**

**Cage er staddur í Rúmeníu við tökur á kvikmyndinni Ghost Rider 2. Hann sturlaðist á veitingastað í Búkarest á dögunum og rúmenskur vegfarandi tók kastið upp á síma og myndbandið fer nú eins og eldur í sinu um vestræna fjölmiðla.**

**Ekki er vitað hvað fór í taugarnar á Cage, sem öskraði á starfsmenn veitingastaðarins eins og hann ætti lífið að leysa.**



**KLIKK** Nicolas Cage lét starfsmenn veitingastaðar í Búkarest heyra það.




# sport

sport@frettabladid.is

29 DAGAR

**ÁRIÐ 1938** var fyrsta HM í handbolta. Það var haldið í Þýskalandi og tóku aðeins fjórar þjóðir þátt í mótinu sem var spilað á tveim dögum. Heimamenn urðu heimsmeistarar en hinar þjóðirnar í mótinu voru Austurríki, sem varð hluti af Þýskalandi mánuði síðar, Danmörk og Svíþjóð. Leiktíminn á mótinu var tvisvar sinnum tíu mínútur. 18.000 manns fylgdust með mótinu.



**HÆTTUR** Guðmundur Karlsson er hættur hjá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvennalið FH án þjálfara:

## Guðmundur sagði upp

**HANDBOLTI** Guðmundur Karlsson hefur sagt upp störfum sem þjálfari FH í N1-deild kvenna. Guðmundur var á sínu fjórða tímabili með liðið.

FH er í fimmta sæti deildarinnar, sex stigum frá næsta liði fyrir ofan. Liðið vann síðasta deildarleik sinn undir stjórn Guðmundar gegn Gróttu 24-21.

Um ákvörðunina segir Guðmundur meðal annars á heimasíðu FH: „Þegar lagt var af stað með að byggja upp kvennalið FH var það sannur heiður fyrir mig að koma að því að hjálpa mínu uppeldisfélagi. Lagt var upp með metnaðarfulla áætlun sem miðaði að því að koma liðinu í fremstu röð á 3-4 árum en það hefur ekki gengið eftir. Framfarir hafa þó verið góðar og margir leikmenn komist í og leikið lykilhlutverk með yngri landsliðum Íslands. Einnig lék liðið til úrslita í Bikarkeppni HSÍ árið 2009 en stóra skrefið í átt að stöðugleika hefur ekki verið tekið.

„Fyrir þessu eru margar ástæður en erfið fjárhagsstaða hefur að sjálfsögðu gert þetta allt erfiðara, enda er handknattleiksdeild FH að starfa í erfiðu umhverfi. Umgjörð og aðbúnaður meistaraflokks kvenna í FH hefur ekki verið eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og engar auðveldar lausnir í boði. Eftir að hafa lagt allt mitt af mörkum til verkefnisins ákvað ég að stíga til hliðar í þeirri von að hægt verði að halda uppbyggingunni áfram á traustum grunni. Áfram FH.“

Tilkynnt verður um eftirmann Guðmundar á allra næstu dögum.

- egm

# Besta grín sem ég hef tekið þátt í

**Patrekur Jóhannesson stýrir Íslendingaliðinu Emsdetten sem leikur í næstefstu deild í Þýskalandi. Hann er með þrjá íslenska leikmenn á sínum snærum og frægt er þegar hann fékk Sigfús Sigurðsson til félagsins eftir að hafa auglýst eftir leikmanni á Facebook. Liðið hefur síðan verið á mikilli siglingu í deildinni.**

**HANDBOLTI** Þýska félagið Emsdetten hefur unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum og situr sem stendur í sjöunda sæti deildarinnar. Aðeins fimm stig eru þó í toppinn. Liðið hefur verið á gríðarlegri siglingu síðan það fékk Sigfús Sigurðsson í sínar raðir en innkoma hans hafði augljóslega góð áhrif á liðið.

Í kvöld á Emsdetten síðan stórleik er það mætir úrvalsdeildarliði Magdeburg í sextán liða úrslitum þýsku bikarkeppninnar.

„Það er mikil stemning fyrir þessum leik og í fyrsta skipti er uppselt á völlinn og mikil stemning í bænum. Húsið tekur um 2.300 manns í sæti og það verður gaman að leika fyrir fullu húsi en við erum venjulega með yfir 1.000 manns á vellinum. Þessi leikur gefur félaginu og leikmönnum liðsins mikið og við erum afar spenntir,“ segir Patrekur við Fréttablaðið en strákarnir hans ætla að selja sig dýrt enda hafa þeir allt að vinna en engu að tapa.

### Fúsi hefur hleypt miklu lífi í okkar lið

Eins og áður segir er liðið á mikilli siglingu í deildinni og Patrekur er afar ánægður með liðið. Er þetta góða gengi allt Sigfúsi að þakka?

„Fúsi hefur haft góð áhrif á liðið. Ég ætla ekki að gera lítið úr hans hlut en ég var í miklum vandræðum þegar hann kom til okkar. Þá voru báðir línumennirnir og varnarmennirnir frá vegna meiðsla. Hann hefur hleypt lífi í okkur og við unnum toppliðið í fyrsta leik hans með okkur. Hann kom ekki í neitt rosalegu góðu formi en ég hef notað hann rétt. Hann æfir minna og kemur sér í spilform í leikjunum. Hann hefur hjálpað mér mikið og það kom mér á óvart hversu mikið hann hefur getað pínt sig,“ segir Patrekur en Sigfús hefur sífellt verið að bæta sig.

### Kom mér á óvart hversu sterkur Fúsi er enn í sókninni

„Í fyrsta leiknum bað hann um pásu eftir þrjár mínútur og átján sekúndur en núna er hann farinn að spila um 50 mínútur í hverjum leik og það bæði í vörn og sókn. Hann er enn öflugur í sókninni og það kom mér á óvart. Hann nýtir færin vel, blokkerar vel og skilar miklu til liðsins. Hann smitar einnig út frá sér til annarra og menn bera virðingu fyrir honum enda átti hann flottan feril í Þýskalandi,“ segir Patrekur og hlær er hann rifjar upp aðdraganda þess þegar Sigfús kom til félagsins.

„Þetta grín sem ég var með á Facebook hefur reynst mér vel. Þetta er besta grín sem ég hef tekið þátt í,“ segir Patrekur og hlær dátt.



**ÍSLENDINGAR HJÁ EMSDETTEN** Patrekur þjálfari er hér með íslensku lærisveinunum sínum hjá Emsdetten, þeim Hreiðari Levý, Sigfúsi og Fannari.

### Ánægður með Hreiðar og Fannar

Tveir aðrir Íslendingar eru í herbúðum liðsins – landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson og Fannar Friðgeirsson, fyrrverandi leikmaður Vals og Stjörnunnar.

„Fannar var sterkur í undirbúningnum og lykilmaður hjá mér. Hann meiddist svo strax í þriðja leik og var frá í nokkrar vikur. Hann er að koma til baka. Hefur verið sterkur í vörninni og er alltaf að bæta sig í sókninni og verða meiri stjórnandi. Fyrsta árið er erfitt hjá öllum. Bæði hjá Fannari og Magnusi Wislander. Ég er samt ánægður með hann,“ segir Patrekur og bætir við með Hreiðar að hann hafi ekki alltaf náð að sýna sitt besta þar sem hann sé sjaldan að spila með sömu vörninni.

„Hann hefur átt sína leiki og síðan dottið niður. Það hefur haft sín áhrif að ég þarf stöðugt að breyta vörninni og það er ekki auðvelt fyrir markverði. Hann hefur síðan staðið upp þess á milli og skilað sínu. Ég er því ánægður með þá báða í heildina.“

Patrekur ákvað að hella sér út í þetta ævintýri í eitt ár. Hann fékk að taka launalaust leyfi í vinnu sinni heima á Íslandi og framhaldið er óákveðið.

„Ég sé alls ekkert eftir því að hafa tekið slaginn hér úti og prófað þetta. Ég vissi að þetta væri ekki öruggasta starf í heimi enda fjúka þjálfarar grimmt hér í Þýskalandi. Ég vissi að þetta gæti farið á hvorn veginn sem var. Það er ekki búið að taka ákvörðun með framhaldið og það skýrist ekki fyrr en á næsta ári,“ segir Patrekur, sem vonast til þess að blanda sér í toppbaráttuna eftir áramót þegar fleiri leikmenn koma úr meiðslum.



**LÍFLEGUR** Patrekur er venjulega mjög lifandi á hliðarlínunni og tekur virkan þátt í leiknum.

henry@frettabladid.is



**BREYTING** Katrín Ásbjörnsdóttir og Skúli Jón Friðgeirsson í nýju búningunum.

Breytingar á KR-búningnum:

## Shell spilar ekki lengur með KR

**FÓTBOLTI** KR hefur leikið með Shell-merkið framan á búningum sínum til fjölda ára en samstarfi KR og Skeljungs er lokið.

Knattspyrnudeild KR hefur samið við Eimskip og verður merki Eimskipafélagsins því á KR-búningnum næstu árin. - hbg

Sigfús Sigurðsson sér ekki eftir því að hafa skellt sér til Þýskalands og ákveðið að spila fyrir Patrek:

# Þetta er búið að vera ótrúlega gaman

**HANDBOLTI** Þegar Patrekur Jóhannesson setti inn auglýsingu eftir leikmönnum í hálfkæringi grunaði fáa hverju það myndi skila. Sigfús Sigurðsson svaraði, sagðist vera klár í slaginn og skömmu síðar var hann kominn til Þýskalands og út á völlinn.

Með Sigfús innanborðs hefur gengi Emsdetten verið með ólíkindum og sjálfur er Sigfús að spila vel. Hann er sífellt að bæta sinn leik, sem og líkamlegt ástand.

„Ég veit nú ekki hvort þetta gengi er allt mér að þakka. Menn eru almennt að spila vel. Þetta er búið að vera ótrúlega gaman fyrir mig og ég tel mig vera að fá smá uppreist æru,“ segir Sigfús, sem var ekkert að spila hér heima áður en hann fór út. Valsmenn afþökkuðu þjónustu hans í vetur.

„Ég ætlaði að klára ferilinn í vetur með Val á hundrað ára afmælisárinu. Svo var mér tjáð að minnar þjónustu væri ekki óskað. Þeir vildu yngja upp og nota Orra Frey og Gunnar Harðar. Ég hafði skilning á því en auðvitað hefði ég viljað vera með.“

Sigfús er farinn frá því að spila í nokkrar mínútur í að spila nánast heila leiki með Emsdetten.

„Það kemur ekkert í staðinn fyrir reynslu. Leikæfingin og formið hefur komið smám saman og ég er farinn að spila mikið. Ég hef fundið neistann hjá mér eftir að ég kom út. Eldmóðurinn og baráttuandinn er enn til staðar. Ég nýt þess að spila. Þetta er ógeðslega gaman,“ segir Sigfús, sem hefur verið í miklum vandræðum með hnéð á sér en segist allur vera að koma til.

„Það var alltaf verkur í hnénu síðasta vetur. Pásan í sumar hefur gert mér gott og það eru engir verkir lengur. Ég er merkilega góður í hnénu. Það eina sem hefur farið illa í mig er langar rútuferðir en þá verð ég stífur í baki og mjöðmum enda gamall skrokkur. Ég verð að viðurkenna að hnéð er að halda betur en ég þorði að vona. Ég er því afar kátur með þetta allt saman,“ segir Sigfús, sem hefur misst um tíu kíló síðan hann fór út.

Hann mætir sínum gömlu félögum í Magdeburg í kvöld og bíður spenntur.

„Ég þekki enn menn þarna og fór að sjá leikinn hjá þeim um síðustu helgi. Hitti þar gamla félaga og vini sem eru enn að starfa þarna. Þar voru stuðningsmenn félagsins að syngja nafnið mitt og það var skemmtilegt. Menn eru ekki búnir að gleyma mér og þetta verður virkilega skemmtilegur leikur.“

- hbg



**Á FULLRI FERÐ** Sigfús er hér við það að skora fyrir Emsdetten.



@ HARÐIR PAKKAR
ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI
TÖLVUVIÐGERÐASETT
Manhattan TOOLKIT
17 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki. Lóðbolti fylgir.
3.950
MANHATTAN
HÁGÆÐA LEIKJAMÚS
CoolerMaster Storm Inferno
Leikjamús með 11 forritanlegum hnöppum, 4000 DPI Storm Tactical Laser Sensor, 128Kb minni fyrir 3 uppsetningar. Auðvelt að forrita skipanir, scriptur ofl.
8.950
LOKUÐ HEYRNARTÓL
AKG K512
Lauflétt lokuð heyrnatól með púðum sem þekja eyrun alveg og spöng sem aðlagast notandanum. Pottþétt fyrir tónlist og tölvur.
AKG
6.450
USB FLAKKARI
WD Passport 250GB
Utanáliggjandi 250GB 2.5" harðdiskur. Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.
WD 250GB
9.950
UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI
WD
1TB DISKUR
UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.
720/1080i
HDMI
22.950
BLEKSPRAUTUPRENTARI
Epson S22
Bleksprautuprentari sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og allt að 28 bls. á mín. USB. Windows, Mac ofl.
EPSON
7.950
AMD TURNTÖLVA 3
COOLER MASTER
AMD 3
- AMD Athlon II X260 3,2GHz DualCore
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 640GB SATA 2 WD harðdiskur
- Geforce N240GT 1GB skjákort
- DVD og CD skrifari
- 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita ofl.
99.950
acer FARTÖLVA
15,6"
Acer Aspire 5736Z-453G32MN
- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 15.6" WideScreen WXGA LED skjár
- DVD og CD skrifari og vefmyndavél í skjá
- Intel GMA X4500 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
97.950
TOSHIBA FARTÖLVA
15,6"
Toshiba Satellite L500D-16N
- 2.2Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M500
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- DVD og CD-RW skrifari og vefmyndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD 4570 skjákort
- Windows 7 Home Premium- 64bit
117.950
SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM
WWW.ATT.IS
– MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
ATT.IS • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS • SÆKTU EÐA FÁÐU SENT



**MARTIN JOL** Stýrði Tottenham á sínum tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Blackburn leitar að stjóra:

# Jol talinn líklegastur

**FÓTBOLTI** Samkvæmt veðbönkum á Englandi er Hollendingurinn Martin Jol líklegastur til að verða næsti knattspyrnustjóri Blackburn. Stóri Sam Allardyce var rekinn í gær og leitar Blackburn nú að nýjum stjóra.

Jol er 54 ára og stýrði Tottenham á sínum tíma en hann hætti á dögunum sem þjálfari Ajax. Alan Shearer er annar á lista veðbanka en sem leikmaður vann hann enska meistaratitilinn í búningi Blackburn. Þá hefur U21-landsliðsþjálfari Englands, Stuart Pearce, einnig verið nefndur.

Sú ákvörðun stjórnar Blackburn að reka Stóra Sam hefur fallið í grýttan jarðveg hjá leikmönnum liðsins. „Þetta er áfall fyrir leikmenn. Ef við hefðum unnið Bolton um helgina værum við í fínum málum í sjöunda sæti. Ég er enn að ná mér eftir þessi tíðindi,“ sagði fyrirliðinn Ryan Nelsen.

Þá var Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, reiður þegar hann frétti af brottrekstrinum og sagði þetta eina fáránlegustu ákvörðun sem hann hefði heyrt af.

Steve Kean, yfirþjálfari Blackburn, stýrir æfingum liðsins á meðan leitað er að nýjum stjóra.

- egm

Guardiola ánægður:

# Liðið að spila sinn besta bolta

**FÓTBOLTI Pep Guardiola, þjálfari Barcelona, segir að liðið sé að spila sinn besta fótbolta síðan hann tók við stjórnartaumunum.**

**Guardiola vann þrennuna með Börsungum á sínu fyrsta tímabili og varði svo deildarmeistaratitilinn á síðasta tímabili.**

**„Liðið er að spila sinn besta bolta síðan ég tók við. Hluti af ástæðunni fyrir því er að leikmenn hafa eytt meiri tíma saman. Ég dái þessa leikmenn því þeir þróast áfram og áhorfendur geta bókað hágæðaskemmtun á leikjum hjá okkur,“ segir Guardiola.**

- egm

Eftir tæp 19 ár í byrjunarliðinu fór Favre á bekkinn:

# Einstakur harðjaxl

**NFL** Árið 1992 komst Brett Favre í byrjunarlið Green Bay Packers. Allt frá þeim leik hefur hann ekki misst úr leik og honum tókst að spila 297 deildarleiki í röð.

Þetta er algjörlega einstakt met í íþróttasögunni. Favre er leikstjórnandi í harðri íþrótt þar sem varnarmenn reyna ítrekað að meiða menn í stöðu Favre svo þeir geti ekki spilað.

Hinn 41 árs gamli Favre hefur allan sinn feril leikið í misjöfnu ástandi. Hann hefur oft leikið meiddur og jafnvel brotinn. Hann var einnig mættur á völlinn daginn eftir að faðir hans féll frá og átti stórleik. Konan hans greindist með brjóstakrabbamein en samt missti Favre ekki úr leik.

Í ár hefur hann spilað ökklabrotinn, meiddur á olnboga og með stórt sár á hökunni þar sem þurfti að sauma tíu spor. Að lokum meiddist hann svo illa á öxlinni að þessi ótrúlega leikjahrina tók enda. Kasthandleggurinn var fjólublár og hann fann ekki fyrir fingrunum. Það var meira en harðhausinn Favre réð við.

- hbg



**FÚLL Á BEKKNUM** Það var erfitt fyrir Favre að sitja á bekknum og fylgjast með. NORDIC PHOTOS/AP

# Sífellt vesen kringum Carlos Tevez

**Það er sjaldan lognmolla kringum Argentínumanninn Carlos Tevez. Hann getur varla yfirgefið lið án þess að gera það í leiðindum og persónuleg vandamál hans gegnum árin hafa verið mýmörg. Nú vill hann yfirgefa herbúðir Manchester City en forráðamenn félagsins grunar að eitthvað meira búi að baki.**

**FÓTBOLTI** Carlos Tevez vill losna frá Manchester City. Þegar horft er til baka er ekki furðulegt að forráðamenn City hugsi sig tvisvar um áður en þeir verða við hans óskum og setja hann á sölulista. Mörg ummæli hans í gegnum tíðina hafa verið ansi misvísandi og í raun veit enginn af hverju hann vill fara núna.

Stjórn City telur að óhreint mjöl sé í pokahorninu og vill ekki leysa Tevez undan samningi sínum.

Oft og mörgum sinnum hefur Tevez lýst því yfir að hann sé með heimþrá enda eru kona hans og börn búsett í Argentínu, heimalandi hans. Ef það er ástæðan fyrir óánægju hans væri furðulegt ef hann myndi yfirgefa City fyrir eitthvert stórlið í Evrópu eins og margir reikna með.

### Fer alltaf í illu

Umboðsmaður leikmannsins, kaupsýslumaðurinn Kia Joorabchian, hefur á síðustu mánuðum farið fram á það við City að félagið bjóði skjólstæðingi sínum lengri og endurbættan samning með framlengingu um eitt ár. Sú staðreynd vekur upp spurningar um hvernig tegund af heimþrá það sé sem Tevez sé að glíma við.

Hvert sem Tevez kemur kann hann að daðra við stuðningsmenn og fá þá á sitt band. Reglulega lýsir hann því yfir hversu vænt honum þyki um stuðningsmennina og vilji allt fyrir þá gera. En þegar saga leikmannsins er skoðuð sést að stuðningsmenn City gátu reiknað með að einn daginn myndi tímasprengjan springa.

Það var í ágúst 2006 sem Carlos Tevez tilkynnti á heimasíðu sinni að hann væri að yfirgefa brasilíska félagið Corinthians og ganga til liðs við West Ham á Englandi. Hann yfirgaf brasilíska félagið í leiðindum og hafði neitað að spila fyrir liðið vikurnar á undan.



**RÓT VANDANS?** Carlos Tevez hefur margsinnis lýst því yfir að hann sé með heimþrá og sakni barnanna sinna sem búa í Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjá West Ham fór Tevez hamförum og sá til þess að liðið náði að halda sér í úrvalsdeildinni. Hann var valinn leikmaður ársins hjá félaginu en lenti þó í einhverjum agavandamálum. Meðal annars brást hann ókvæða við að vera skipt af velli í leik gegn Sheffield United og rauk beint heim.

Eftir tímabilið hófst ein ævintýralegasta félagaskiptasaga seinni ára sem í fór mikil skrifstofuvinna og deilur í dómssölum. Manchester United vildi fá Tevez, sem var í raun í eigu umboðsmanns síns. Á skrifstofum West Ham var mönnum ekki skemmt enda vildu þeir fá sinn hlut fyrir leikmanninn.

### Skin og skúrir á Old Trafford

Á endanum varð Tevez leikmaður Manchester United og var mikils metinn meðal stuðningsmanna. Árið 2009 gaf hann þó út að honum þætti illa komið fram við sig af stjórn félagsins og þá væri hann að fá of lítinn leiktíma miðað við frammistöðu. Forráðamenn United reyndu að halda Tevez innan sinna raða og voru tilbúnir að gera hann að einum launahæsta leikmanni félagsins.

Tevez vildi ekki vera áfram á Old Trafford og samdi við erkifjendurna í Manchester City. Koma hans átti að vera tákn nýrra tíma hjá félaginu. Eins og hjá öðrum félögum hefur Tevez komið með mörg furðuleg ummæli í fjölmiðlum og virðist sveiflast til og frá í skoðunum sínum.

Það neitar því enginn að Tevez er einn allra mikilvægasti leikmaður City og kemur þessi sprengja frá honum núna á versta tíma fyrir liðið, sem er með í baráttunni um enska meistaratitilinn. Sá órói sem skapast í herbúðum liðsins með óánægju Tevez gæti gert því illt í komandi leikjum en fram undan eru hin fræga jólatörn.

Tevez mætti á æfingu hjá City í gær en hefur gefið það út að hann sé ákveðinn í að fara.

Forráðamenn City telja að eitthvað meira liggi að baki en Tevez sé að gefa upp og skiljanlegt er að spurningar vakni um hvort umboðsmaður hans hafi skrifað handritið að þeirri atburðarás sem nú er í gangi.

elvargeir@frettabladid.is


Aðventuleikur blaðbera



Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


Hannover úr leik í bikarnum en Füchse Berlin vann magnaðan sigur á HSV:

# Berlin skellti stórliði Hamburg

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson heldur áfram að gera frábæra hluti með Füchse Berlin en í gær komst liðið í átta liða úrslit þýsku bikarkeppninnar er það lagði topplið deildarinnar, Hamburg, af velli, 31-27.

Leikur liðanna í gær var bráðskemmtilegur. Berlin leiddi lengstum í fyrri hálfleik þökk sé stórleiks Alexanders Peterssonar sem var markahæstur allra á vellinum í fyrri hálfleik. Hamburg átti aftur á móti góðan endasprett í hálfleiknum og leiddi þá með einu marki, 15-16.

Hamburg hélt þessu forskoti sínu lengi vel í síðari hálfleik en um hann miðjan skellti Berlin í lás í vörninni. Liðið breytti þá stöðunni úr 22-22 í 26-22. Alexander var einnig öflugur á þeim kafla en hann skoraði sjö mörk í leiknum. Hamburg náði ekki að koma til baka og leikmenn Berlin fögnuðu hreint ógurlega í leikslok.



**STERKUR** Alexander Petersson átti magnaðan leik í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Lið Arons Kristjánssonar, Hannover-Burgdorf, er aftur á móti úr leik eftir tap gegn Flensburg, 21-27, þar sem Vignir Svavarsson og Hannes Jón Jónsson skoruðu báðir fjögur mörk fyrir Hannover.

- hbg

# Allt um útvistun **upplýsingatækni**

Opinn morgunverðarfundur Skýrr föstudaginn 17. desember
um útvistun upplýsingatækni – einkum rekstrarþjónustu

**Útvistun færist nú mjög í aukana í atvinnulífinu þar sem allt snýst um að minnka kostnað í starfsemi og auka sveigjanleika.**

Samhliða þessari þróun hefur fagmennska í upplýsingatækni tekið miklum framförum og fjölbreytt þjónusta er í boði.

Á morgunverðarfundi Skýrr mun einvala lið sjö sérfræðinga fjalla um allt sem skiptir máli þegar kemur að útvistun.

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr.**

Fundurinn verður haldinn núna á föstudaginn kemur, 17. desember, frá kl. 8:00 til 10:30. Fundurinn er gestum að kostnaðarlausu og öllum opinn, á meðan húsrými leyfir.

Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8:00. Formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8:30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).










8:00 *Húsið opnar - Morgunverður*
Gómsætur morgunverður að hætti Kalla kokks

8:30 *Gestur G. Gestsson – forstjóri*
Skýrr býður góðan dag!

8:40 *Eyjólfur Magnús Kristinsson – framkvæmdastjóri EJS – hluta af Skýrr*
Útvistun rekstrarþjónustu er eitthvað fyrir alla, konur og kalla, krakka með hár og kalla með skalla...

8:50 *Ágúst Valgeirsson – framkvæmdastjóri tæknisviðs 365 miðla*
Útvistun upplýsingatækni hjá 365 miðlum: Staðreyndir og stefna

9:10 *Jón Freyr Jóhannsson – aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskólans á Bifröst*
Útvistun upplýsingatækni: Plúsar og mínusar, óskir og draumar

9:30 *Jón Baldur Lorange – framkvæmdastjóri upplýsingatækni hjá Bændasamtökunum*
Kjarninn og hismið í útvistun rekstrarþjónustu og upplýsingatækni almennt

9:50 *Ólafur Róbert Rafnsson – ráðgjafi og partner hjá Capacent*
Útvistun upplýsingatækni: Hvað skiptir máli, hvað er algjör óþarfi og hvernig greinir maður á milli?

10:10 *Þórður Víkingur Friðgeirsson – lektor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík*
Decision Theory og útvistun: Ákvarðanir stjórnenda stjórnast af tölfræði, fyndinni sjálfsmynd og duttlungafullum ákvörðunum

*Rakel Theodórsdóttir – markaðsfulltrúi hjá Skýrr*
Fundarstjóri

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

> **Jessica Szohr**

„Ég hugsa að allar stelpur gangi einhvern tímann í gegnum það að verða hrifnar af vini sínum. Það er aldrei skemmtilegt, en stundum er lífið bara svoleiðis og þú verður að taka því eins og það er.“

***Jessica Szohr fer með hlutverk hinnar sjálfstæðu Vanessu í Gossip Girl, sem er á dagskrá Stöð 2 í kvöld kl. 20.20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON SAKNAR GAMALLA FÉLAGA

# *Ógleymanlegar nætur í Malibu*

Ég er mjög gefinn fyrir sjónvarpsþættina Strandverði. Ég ligg kannski ekki andvaka á hverri nóttu og rifja upp ævintýri Mitch Buchanan og alls hans slektis, en það kemur fyrir. Það var þó farið að örla á þreytu hjá mér og fleirum í garð þáttanna um miðbik tíunda áratugarins. Eftir sex þáttaraðir voru framleiðendurnir eðlilega að verða uppiskroppa með leiðir til að draga drukknandi menn úr sjó, svo tilbreytingar var þörf. Og það var því mikill hvalreki fyrir áhugafólk um lífið við strendur Kaliforníu þegar þáttaröðin Baywatch Nights hóf göngu sína.

Fyrir þá sem ekki muna þættina vel snerust þeir um einkaspæjarastofu þeldökku fjórhjólalöggunnar Garners, sem fékk áðurnefndan Mitch til liðs við sig og með hjálp kvenkyns hörkutóls sem Angie Harmon túlkaði eftirminnilega réðu spæjararnir niðurlögum smyglara og ræningjagengja á hjólaskautum og leystu morðgátur með hinni hendinni á meðan. Þetta þótti mér athyglisvert sem ungum dreng. Ekki síst fór ég að örvænta um örlög Hoby Buchanan, fyrst faðir hans var strandvörður frá átta til fjögur og var síðan í löggæslu frá kvöldmat og fram undir morgun. Uppeldið hefur líklega setið á hakanum.

Eftir fyrstu seríu urðu framleiðendur varir við það að þess lags mixtúra af Colombo og Fimm-bókunum naut ekki nægrar hylli, og í ljósi gríðarlega vinsælda nýrra þátta sem nefndust X-files var ákveðið að blása til sóknar. Í næstu þáttaröð fengum við því að fylgjast með hetjunum glíma við morðóðar amöbur, marbendla, frosna íslenska víkinga, vampírur, geimverur og tímaflakk án þess að þær kipptu sér sérstaklega mikið upp við það. Ég held að það sé rík ástæða til að skora á Pál Magnússon að endursýna þetta góða efni í sjónvarpi allra landsmanna.



## SJÓNVARPIÐ

**14.35 Návígi** (e)
**15.05 EM kvenna í handbolta** Bein útsending frá leik í milliriðli í úrslitakeppni Evrópukeppni kvennalandsliða í handbolta sem haldin er í Danmörku og Noregi.
**16.45 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Disneystundin**
**17.26 Snillingarnir** (12:28)
**17.49 Sígildar teiknimyndir** (12:42)
**17.57 Gló magnaða** (12:19)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (34:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sterkur, stór og stæltur** (Bigger Stronger Faster) Christopher Bell veltir í þessari mynd fyrir sér þörf Bandaríkjamanna fyrir að vera mestir og bestir í öllu.
**00.05 Landinn** (e)
**00.35 Kastljós** (e)
**01.15 Fréttir** (e)
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Gulla og grænjaxlarnir
**07.40 Galdrabókin** (15:24)
**07.50 Maularinn**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark: The New Adventure** (16:21)
**11.00 Ameríski draumurinn** (2:6)
**11.45 Grey's Anatomy** (7:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Pretty Little Liars** (3:22)
**13.50 Gossip Girl** (16:22)
**14.40 E.R.** (7:22)
**15.30 iCarly** (17:25)
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (10:23)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (16:24)
**19.55 How I Met Your Mother** (7:20)
**20.20 Gossip Girl** (6:22)
**21.10 Hawthorne** (3:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
**22.00 Medium** (12:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
**22.45 Nip/Tuck** (11:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.
**23.30 Sex and the City** (11:18)
**00.05 NCIS: Los Angeles** (17:24)
**00.50 Human Target** (8:12)
**01.35 Life on Mars** (4:17)
**02.20 Sjáðu**
**02.50 The Assassination of Jesse James**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Icelandic Fitness and Health Expo 1** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**18.35 Without Bias** Einstök heimildarmynd um körfuboltamanninn Len Bias sem lést langt fyrir aldur fram. Hann var stjarna í háskólakörfuboltanum og spáð frægð og frama í NBA. Hann þótti standa jafnfætis Michael Jordan í hæfileikum og það kom engum á óvart þegar meistaralið Boston Celtics valdi Bias í nýliðavalinu sumarið 1986. En aðeins tveimur dögum síðar lést Bias eftir ofneyslu kókaíns.
**19.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.00 Liverpool - Utrecht** Bein útsending frá leik Liverpool og Utrecht í Evrópudeildinni.
**22.05 UFC Live Events 124**
**23.45 Liverpool - Utrecht**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Man. Utd. - Arsenal**
**18.15 Everton - Wigan**
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin skoðuð í þaula.
**21.25 Football Legends - Laudrup** Í þessum magnaða þætti verður ferill Laudrups skoðaður ofan í kjölinn.
**22.20 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflega og faglega umræða um enska boltann.
**23.20 Man. Utd. - Arsenal**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Rachael Ray**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 How To Look Good Naked** (4:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (16:23)
**19.45 Matarklúbburinn** (6:6)
**2010 Spjallið með Sölva** (13:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.
**20.50 Parenthood** (11:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.
**21.35 America's Next Top Model** (11:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Aðeins fjórar stelpur eru eftir.
**22.25 The L Word** (1:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
**23.15 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**00.00 CSI: Miami** (11:24) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**10.40 Golfing World** (e)
**11.30 Golfing World** (e)
**12.20 Nedbank Challenge 2010** (2:4) (e)
**17.20 Golfing World** (e)
**18.10 Golfing World**
**19.00 PGA Tour Yearbooks** (10:10) (e)
**19.50 LPGA Highlights** (8:10) (e)
**21.10 European Tour - Highlights 2011** (1:45) (e)
**22.00 Golfing World** (e)
**22.50 Ryder Cup Official Film 2002** (e)
**00.50 Golfing World** (e)
**01.40 ESPN America**

## EXTRA

**18.55 The Doctors**
**19.35 Falcon Crest** (5:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**20.25 Ástríður** (7:12) Tilhugalífið er byrjað. Ástríður og Sveinn Torfi máta sig við hvort annað.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (3:22) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna.
**22.15 Chuck** (5:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
**23.00 Burn Notice** (1:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Ástríður** (7:12)
**00.35 The Doctors**
**01.15 Falcon Crest** (5:28)
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Dr. Þór Whitehead sagnfræðiprófessor.
**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.
**21.00 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**21.30 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Nothing Like the Holiday**
**10.00 Definitely, Maybe**
**12.00 Akeelah and the Bee**
**14.00 Nothing Like the Holidays**
**16.00 Definitely, Maybe**
**18.00 Akeelah and the Bee**
**20.00 The Truth About Love**
**22.00 Into the Wild**
**00.25 The Lodger**
**02.00 Falling Down**
**04.00 Into the Wild**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 16 .000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA



vísir.is
...ég sá það á Vísi

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.10**

### Hawthorne

Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity-spítalanum í Virginíu. Jada Pinkett Smith leikur yfirhjúkrunarfræðing á spítalanum og helgar sig starfinu, þrátt fyrir annir í einkalífinu.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Stefán Jón Hafstein **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** New Tricks **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** Keeping Up Appearances **15.45** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Vicar of Dibley **19.30** Whose Line Is It Anyway? **20.00** After You've Gone **20.30** Whitechapel **21.20** The Jonathan Ross Show **22.10** Vicar of Dibley **22.40** EastEnders **23.10** Whose Line Is It Anyway? **23.35** After You've Gone

## DR 1

**12.00** Finanslovsdebat **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Substitutterne **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Kender du typen **19.30** Det søde liv **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Wallander. Mordere uden ansigt **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Inspector Morse

## NRK 1

**12.40** Glimt av Norge **12.50** Klasse 10 B **13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Puls **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Hundens hemmelige liv **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Når døden blir underholdning **23.50** Trekant

## SVT 1

**13.15** Guess Who **15.00** Rapport **15.05** Simning **15.25** Simning **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den förlorade dottern **20.45** Nurse Jackie **21.15** Nurse Jackie **21.45** Min jul **21.50** Våra vänners liv **22.50** Vem tror du att du är? **23.50** Ebbas stil







**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Mér finnst rosa gott að fá mér hamborgara á Hamborgarabílnum. Hann er ekki hollur, en hann er góður og skilur mig eftir með bros á vör.“*

Guðmundur Kristjánsson knattspyrnumaður.

# Ólöf Arnalds hitar upp fyrir Grinderman

„Það er frábært að fá að spila á undan Nick Cave í hans heimalandi,“ segir tónlistarkonan Ólöf Arnalds, sem hitar upp fyrir hljómsveitina Grinderman á tónleikum í Tasmaníu í Ástralíu um miðjan janúar.

Forsprakki Grinderman er Ástralinn Nick Cave, sem hefur haldið tónleika hér á landi og einnig unnið með leikhópnum Vesturporti. Fyrirhugaðir eru nokkrir tónleikar með Ólöfu í Ástralíu í janúar og í framhaldi af því höfðu Cave og félagar samband við hana. „Út af því að það var ljóst að ég yrði í Ástralíu á þessum tíma var ég eitt af þeim atriðum sem komu til greina. Mér skilst að þeir hafi valið mig úr þeim hópi,“ segir Ólöf en um eina tónleika verður að ræða. Hún hefur lengi fylgst með ferli Nicks Cave. „Þetta er flottur listamaður og mikið skáld líka. Þetta verður mjög spennandi.“

Ólöf gaf nýlega út sína aðra plötu, Innundir skinni, sem hefur hlotið frábæra dóma bæði hér heima og erlendis. Lagið Madrid sem er að finna á plötunni var nýlega valið lag ársins í flokki söngvaskálda og hlýtur það einnig að teljast mikill heiður fyrir Ólöfu. „Mér finnst ánægjulegt að þetta lag skyldi fá þetta vægi því ég var frekar ánægð með það og hvernig ég samdi það,“ segir hún en lagið var ekki gefið út á smáskífu.

Ítarlegt viðtal við Ólöfu verður birt í Fréttablaðinu á morgun þar sem hún talar um nýju plötuna og tónleikaferð sína um Evrópu og Bandaríkin. Þar hitaði hún upp fyrir frönsku sveitina Air og bandarísku grúppuna Blonde Redhead. **- fb**



**NICK CAVE** Valdi Ólöfu Arnalds sem upphitunaratriði Grinderman.



**ÓLÖF ARNALDS** Tónlistarkonan hitar upp fyrir hljómsveitina Grinderman í Ástralíu á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






BRAGI VALDIMAR: ÞARF AÐ TJÓÐRA ÓTTAR NIÐUR VIÐ NÆSTA STÓL

# Diskóeyjan verður að söngleik í Borgarleikhúsinu

Diskóeyjan er ein vinsælasta plata ársins og lagið Gordjöss hefur notið ótrúlegra vinsælda. Nú er afráðið að Diskóeyjunni verður breytt í söngleik og sett upp sem slík í Borgarleikhúsinu árið 2012. Bragi Valdimar Skúlason og Óttarr Proppé, hugmyndasmiðirnir á bak við plötuna, ætla að setjast niður á næstunni og skrifa nýtt handrit sem verður þó byggt á söguþræðinum í Diskóeyjunni en hún fjallar um systkini sem send eru á Diskóeyjuna til að læra sitthvað um lífið og tilveruna hjá prófessornum, vinum hans og furðuverum. Þá stendur til að semja lög fyrir nýja Diskóeyjarplötu.

„Þetta var óumflýjanlegt og við Óttarr munum kokka þetta upp,“ segir Bragi Valdimar í samtali við Fréttablaðið. Hann veit reyndar ekki hvernig hann á að fara að því að ná í skottið á Óttarri því hann sé yfirleitt lokaður inni á fundum sökum starfs síns sem borgarfulltrúi Besta flokksins. „Ég verð bara að tjóðra hann niður við næsta stól,“ segir Bragi í alvarlegum tón. Lagahöfundurinn og textasmiðurinn viðurkennir hins vegar góðfúslega að þetta hafi alltaf verið hugmyndin. „Þetta var alveg á hernaðaráætluninni, að koma þessu í leikhúsið. Þegar við gerðum Gilligill-plötuna þá fundum við aldrei almennilegan flöt á þessu en frá því að við staðsettum persónu Óttars á Diskóeyjunni var þetta aldrei nein spurning í okkar huga.“

**4.085** Geisladiskar af Diskóeyjunni eru farnar frá útgefandanum Senu í búðir samkvæmt síðustu tölum.

HEIMILD: SENA



**ALLIR Á SVIÐ** Bragi Valdimar og Óttarr Proppé ætla að setjast niður á næstunni og skrifa handrit að söngleik upp úr Diskóeyjunni. Bragi vonast til að borgarfulltrúinn bregði sér svo í hlutverk prófessorsins þegar söngleikurinn fer á fjalirnar 2012 og að Páll Óskar fari á sviðið og syngi lagið Gordjöss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Braga kom það jafnfram í opna skjöldu hversu vel leikhúsheimurinn er skipulagður. Því hann hafði allt eins búist við því að hoppa upp á svið um næstu helgi og frumflytja söngleikinn. Slíkt hefði nú ekki þótt óvanalegt í tónlistarheiminum. En stefnan hefur verið sett á 2012 og Stóra svið Borgarleikhússins. Stóru spurningarnar hljóta hins vegar að vera tvær; mun Óttarr bregða sér í líki Prófessorsins og ætlar Páll Óskar að vera með? „Það hefur komið til tals með Óttarr enda ekki auðvelt að fara akkúrat í þessa skó og feta í fótspor hans. Og hvað varðar Pál Óskar þá hefur verið rætt við hann. Páll er mjög jákvæður enda þykir honum ekkert leiðinlegt að spranga um sviðið.“

freyrgigja@frettabladid.is






# Eyðir jólunum í stjörnufans

„Þeir ætla að vera saman í New York yfir hátíðarnar og buðu okkur að koma með,“ segir Andri Jónsson, 21 árs starfsmaður á Austri, en hann vingaðist við þá Shawn Pyfrom og Penn Badgley þegar þeir voru staddir hér á landi fyrir skömmu.

Andri og vinkona hans hafa nú bókað ferð til New York 23. desember og ætla að eyða jólunum með Hollywoodstjörnunum. „Það er ekki mikið búið að plana en við ætlum allavega út á lífið,“ segir Andri, en þau munu dvelja á hóteli í miðbæ Manhattan. Tímasetning ferðarinnar er vægast sagt undarleg og því vert að spyrja Andra hvað fjölskyldunni finnist um þetta ferðalag yfir jólin. „Ég veit það ekki, þeim finnst þetta örugglega bara fínt,“ segir hann og hlær.

Fréttablaðið greindi frá því þegar Penn Badgley úr Gossip Girl og Shawn Pyfrom úr Desperate Housewives voru staddir hér á landi í lok nóvember. Þá kom fram að þeir hefðu haldið mest til á Austri og vingast við starfsfólkið, þar á meðal Andra. „Þeir voru mjög ánægðir hérna og ætla mjög líklega að koma aftur í sumar. Þá langar til að sjá Ísland yfir sumartímann,“ segir Andri. Það er því nokkuð ljóst að þær íslensku stúlkur sem misstu af stjörnunum síðast, geta tyllt sér inn á Vegamót og Austur næsta sumar. **- ka**



**FLÝGUR ÚT Á ÞORLÁKSMESSU** Andri Jónsson vingaðist við þá Shawn Pyfrom og Penn Badgley og eyðir jólunum með þeim í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ótrúlegt verð!
SJÓÐHEITUR
SÓLAR
sprettur
í sólarhring!
Síðustu jóla- og áramótaferðirnar
á ótrúlegu verði!
Sjá einnig fleiri frábær verðdæmi á plusferdir.is!
Vertu í viðbragðsstöðu því spretturinn hefst
í dag klukkan 12:00
á plusferdir.is!
Jólaferðir
Kanarí
15 nætur 21. des - 5. jan
Verð frá:
89.900 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð á Las Arenas með 1 svefnherbergi.
Morgunmatur innifalinn
Áramót
Tenerife
6 nætur 29. des - 4. jan
Verð frá:
99.900 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á Hótel Fanabe Costa Sur í 6 nætur með morgunverði.
Hálft fæði og gala áramótakvöldverður
Áramót
Tenerife
7 nætur 29. des - 5. jan
Verð frá:
119.900 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á Hotel Fanabe Costa Sur eða Hótel Gala með morgun- og kvöldmat og sérstökum gala áramótakvöldverði.
Sjaldan hafa jóla- og áramótaferðirnar verið á eins hlægilegu verði og nú!
Íslendingar sækja til Kanarí og Tenerife allan veturinn. Flestir fara aftur og aftur enda erfitt að finna betri áfangastaði fyrir vetrarfríið. Loftslagið er hvorki of heitt né of kalt, heldur stöðugur og þægilegur andvari. Strandbæir liggja meðfram sjónum sem kafarar, brimbrettafólk og baðgestir sækja í. Á kvöldin kviknar næturlíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá diskótekum til rólegra og huggulegra kráa.
plús
FERÐIR
www.plusferdir.is
* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jólaopnunartími Krumma
Virka daga 8:30-20:00
Helgar 11:00 - 18:00
www.krumma.is
Gylfaflöt 7, Grafarvogi


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ekki bara fallegt hár

Diljá Ámundadóttir, formaður ÍTR og varaborgarfulltrúi Besta flokksins, hélt sína fyrstu ræðu í borgarstjórn í gær. Umræðuefnið var fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár. Diljá ræddi málefni ÍTR og talaði meðal annars um „okkar frábæru sundlaugar“. Hún vitnaði í því samhengi í ræðu **Dags B. Eggertssonar** í fyrri umræðu um fjárhagsáætlunina.



Hann sagði meðal annars að vökvi virðist þurfa að koma við sögu til þess að Íslendingar verði málgefnir, í heitu pottunum eða við skál. Að lokinni tilvitnuninni í Dag sagði Diljá: „Já, hann er ekki bara pretty face og frábært hár hann Dagur.“

### Hitnar undir Pamelu

Tíkin Pamela hefur vakið athygli í þættinum Sunnudagsmessunni á Stöð 2 Sport og stjórnendur þáttarins, þeir **Guðmundur Benediktsson** og **Hjörvar Hafliðason**, hafa farið mikinn í yfirlýsingum um spádómsgáfu rakkans. Stjórnendurnir hafa fengið Pamelu til að spá fyrir um úrslit í leikjum Aston Villa og Liverpool og Manchester United og Arsenal. Skemmst er frá að segja að hundurinn hefur haft rangt fyrir sér í báðum leikjunum. Aðdáendur Messunnar velta því nú fyrir sér hvort Pamela eigi afturkvæmt í þáttinn, en hún þykir hafa valdið eiganda sínum, Alberti Ingasyni leikmanni Fylkis og mági Guðmundar, sárum vonbrigðum. Þá má spyrja sig hvort stjórnendurnir ætli að halda áfram að láta Pamelu niðurlægja þá á opinberum vettvangi og vaða yfir þá á skítugum loppunum. **- hdm**



### Mest lesið VISIR.IS

1. Hálfheyrnarlaus eftir bíóferð með barnabörnum
2. Þróaði gögn gegn foreldrum Madeleine
3. Eiginmaðurinn hélt framhjá
4. Þingmenn vilja fækka myrkum morgnum
5. Lögmaður sakaður um fjárdrátt





# LOKSINS KOMIN!



AC PACIFIC
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 213.800 kr.
KYNNINGARVERÐ
149.660 kr.

## Vorum að fá nýja sendingu af AC-þrýstijöfnunarrúmunum

Lykillinn að góðri heilsu er m.a. góður svefn og því skildi enginn spara við sig þegar kemur að rúmi. Góður svefn hjálpar okkur að takast á við eril dagsins og þar sem við verjum þriðjungi ævinnar í rúminu er mikilvægt að vanda valið. Sefur þú illa, er bakið aumt, er kannski komin tími á nýtt rúm? Hvað hentar þér; Mjúkt, stíft, stutt, langt, gormar eða latex? Komdu og láttu sérfræðinga okkar hjálpa þér við að finna rétta rúmið.

## FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI!



ERGOMOTION 100
Stillanlegt heilsurúm með þrýstijöfnunardýnu (Stærð 97x203 cm)
Fullt verð 559.800 kr.
VERÐ NÚ 391.860 kr.

**ERGOMOTION 100 LÍNAN**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.



ERGOMOTION 400
Stillanlegt heilsurúm með þrýstijöfnunardýnu (Stærð 97x203 cm)
Fullt verð 880.880 kr.
VERÐ NÚ 616.616 kr.

**ERGOMOTION 400 LÍNAN**

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru tveir mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu tilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI TEGUNDIR AF DÝNUM Á ERGOMOTION HEILSURÚMIN



25% AFSLÁTTUR

KAUFFMANN
880 g dúnsæng (140x200 cm)
Fullt verð 38.900 kr.
JÓLATILBOÐ 29.175 kr.

## KAUFFMANN DRAUMASÆNGUR

Í Rekkjunni færðu hinar margrómuðu Kauffmann hitajöfnunardúnsængur þar sem Outlast hitajöfnunarefnið kemur mikið við sögu. Kauffmann hefur sérhæft sig í hágæðasængum frá árinu 1896. Þegar litið er til gæða þá er Kauffmann fremstur meðal jafningja. Allt framleiðsluferlið snýst um gæði og vandvirkni. Sængurnar eru handgerðar og fara í gegnum strangt gæðaeftirlit áður en þeim er vandlega pakkað. Allar Kauffmann sængur eru ofnæmisprófaðar. Allur dúnninn, sem notaður er, kemur frá köldustu stöðum heims, svo sem Síberíu, Grænlandi, Kanada og Íslandi.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH! 081210